








# Bændablaðið

19. tölublað 2023 ● Fimmtudagur 19. október ● Blað nr. 643 ● 29 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is

## Íslenskt sé staðfest

**Neytendasamtökin lýsa ánægju með hið nýja upprunamerki fyrir íslenskar matvörur og blóm, Íslenskt staðfest.**

Segir framkvæmdastjóri samtakanna að allnokkrar atlögur hafi verið gerðar að slíkri merkingu í gegnum tíðina án þess að virka sem skyldi en undirbúningur að baki Íslenskt staðfest virðist vandaður og framleiðendur því hvattir til að nota merkið.

Neytendur kalli mjög ákveðið eftir slíku. Samkvæmt markaðssviði Bændasamtakanna kemur ítrekað í ljós að neytendur vilja íslenska vöru.

Sölutölur bendi þó til að þrátt fyrir að fólk telji sig vera að kaupa íslenskt sé það alls ekki alltaf raunin.

Fólk eigi í vandkvæðum með að lesa úr merkingum og upplifi ákveðið óöryggi varðandi hvað það sé í raun að kaupa. Íslenskt staðfest sé því bráðnauðsynlegt skref.

Aðeins verður heimilt að nota merkið á vörur sem framleiddar eru og pakkaðar á Íslandi. */SÁ*

*Sjá nánar á bls. 10.*



Hjörtur Logi Birgisson, bóndasonur á bænum Flatey á Mýrum í Hornafirði, var vel tækjum búinn fyrir kornuppskeru ársins. Á Flatey er risin kornþurrkstöð sem framleiddi um 500 tonn af þurru byggi í vor. Stöðin er vísir að fyrsta kornsamlagi landsins. – *Sjá nánar á bls. 26.* Mynd / Vilborg Rún Guðmundsdóttir

## Orka sjávar óbeisluð

**Engin verkefni eru í gangi á vegum stjórnvalda varðandi nýtingu sjávarorku hér við land.**

Í lok mánaðarins er væntanleg skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um m.a. möguleika í sjávarfallavirkjunum.

Sjávarorka er hrein, endurnýjanleg og sjálfbær auðlind. Hún er stórlega vannýtt og eru í henni miklir möguleikar til að mæta vaxandi alþjóðlegri þörf fyrir orku til framtíðar. Beislun sjávarorku er þó enn á byrjunarstigi og magn aflsins sem framleitt hefur verið fram til þessa fremur lítið.

Örfáir aðilar hafa á undanförnum árum kannað, svo einhverju nemi, kosti þess að nýta sjávarorku við Ísland, einkum við Vestfirði. Að því er best er vitað eru öll þau verkefni í hægagangi eða út af borðinu. Eitt íslenskt frumkvöðlafyrirtæki hefur unnið að þróun hægstraumshverfla frá árinu 2008. Kallað er eftir að stjórnvöld móti stefnu um að þau ætli að skoða sjávarorkunýtingu sem framtíðarvalkost í orkuöflun, líkt og flest þróuð lönd gera nú. Einnig að hafnar verði fyrir alvöru rannsóknir á þeirri gríðarlegu orkulind sem sjórinn umhverfis landið er. Lauslegur samanburður við nágrannalönd bendir til að heildarorka sjávarfalla gæti verið allt að 337 TWst/ári. */SÁ*

*Sjá fréttaskýringu á bls. 20–23.*

# Blómkálsframleiðandi hrökklast úr greininni

**Bændurnir í Norðurgarði hafa ákveðið að taka sér hlé frá grænmetisrækt eftir fjögur sumur í greininni.**

Ásmundur Lárusson segir of lítið af grænmetinu hafa selst, þó svo að uppskeran hafi verið góð. Stærstur hluti græn-metisframleiðslunnar þeirra er blómkál, sem er ræktað samhliða mjólkurframleiðslu.

Líklegustu skýringarnar á dræmri sölu telur Ásmundur vera þær að Sölufélag garðyrkjumanna tilkynnti nauðsynlega verðhækkun og við það hafi stóru verslunarkeðjurnar aukið á innflutning, ásamt því sem framboð á innlendu blómkáli var meira en búist var við. Hann segir innflutt blómkál hafa verið selt samhliða því íslenska út ágúst, þó uppskeran hér byrji seinnipart júlí.

Upplifun Ásmundar var sú að innflutt blómkál hafi fengið meira pláss í verslunum samanborið við það íslenska, miðað við undanfarin ár. Á meðan hafi allir kælar hjá honum verið fullir. „Ég var kominn með níu tonn í kæli, en mátti bara selja tæpt tonn á viku.“ Hálfgert kvótakerfi er í gildi hjá Sölufélaginu og fá aðilar



Ásmundur Lárusson í Norðurgarði.

að leggja inn grænmeti miðað við framleiðslusögu síðustu þriggja ára. Þeir sem komi nýir inn þurfi að byggja sér upp kvóta.

Geymsluþol blómkálsins er ekki nema nokkrar vikur og jukust því afföllin eftir því sem grænmetið beið lengur. Um 17 prósent uppskerunnar fór forgörðum vegna geymsluskemmda sem annars hefði verið sett í fyrsta flokk. „Það hækkaði alltaf hlutfallið sem fór í kýrnar og í lokin var helmingurinn sem fór í fóðrið á móti því sem við létum í verslanir.“ Í Norðurgarði er ræktað brokkólí og hvítkál í minna magni og seldist það allt.

Eftir að búið er að reikna kostnað við fræ, áburð, yfirbreiðslur, vélavinnu, rafmagn og lágmarkslaun skilar framleiðslan liðlega 760 þúsund króna tapi af rúmlega níu milljón króna veltu. Í þessa tölu er búið að taka inn áætlaðan opinberan stuðning, sem er greiddur um áramót og getur verið breytilegur þar sem allir framleiðendur fá greitt úr sama pottinum.

### *Engin stytting vinnuviku*

Ásmundur segist hafa áttað sig á því þegar hann byrjaði að þetta væri ekki mjög arðbær búskapur. Ræktun blómkáls er mjög vinnufrek og má hún ekki við miklum afföllum áður en hún fer að skila tapi.

Hann sá samt fyrir sér að þetta færi vel með kúabúskap, þar sem flest tæki og jarðnæði er til staðar. Þá fari ekkert til spillis því úrkastið fari í kýrnar og hægt sé að beita skepnum á upptekna garða. Þó það minnki skaðann að einhverju leyti, þá er blómkál ekki verðmætt kúafóður og segist Ásmundur ekki hafa orðið var við að það hafi aukið mjólkina í kúnum. „Þetta er þó vissulega fóður og þær slást um þetta.“

Bændurnir í Norðurgarði telja allar líkur á því að þau hætti grænmetisframleiðslu um sinn og horfa meðal annars til þess að byggja upp ferðaþjónustu í einhverri mynd í staðinn.

Þau hafi nýlega keypt jörð við hliðina á Norðurgarði með það í huga að stækka kúabúið, en allar framkvæmdir hafa verið settar á hilluna næstu fimm til tíu árin. Þá sér Ásmundur fram á að þurfa að draga saman í viðhaldi og að fresta þurfi nauðsynlegri endurnýjun á tækjakosti. Búreksturinn sé að verða lífróður á meðan vextir eru svona háir og erfitt er að borga af skuldum.

„Maður horfir fram á það að þurfa að vinna úti með þessu,“ segir Ásmundur. Þá mun Hannes Orri, sonur hans, vera eini aðilinn sem hafi fulla atvinnu af búrekstrinum þó Norðurgarður sé stórt kúabú. „Það er ekki skemmtileg staða fyrir börnin mín að taka við í þessu ástandi. Talandi um styttingu vinnuvikunnar hjá jafnöldrum þeirra þá eru þau að fara í öfuga átt.“

### *Ríkið þurfi að stíga inn*

„Mér finnst núverandi staða bænda vera langt frá því viðunandi,“ segir Ásmundur. Búið er að skera stuðning til bænda stöðugt niður frá því hann hóf búskap fyrir 28 árum og er nú komið að þolmörkum. Ásmundur bætir við að ef stjórnvöld myndu hætta öllum stuðningi við landbúnað og bændur þyrftu að selja vörur sínar á því verði sem þær kosta í raun, myndi matvælaverð hækka verulega. Það myndi leiða til þess að innflutningur tæki yfir alla matvælaframleiðslu.

Raunin sé sú að öll ríki heims styrkja sína matvælaframleiðslu, sem geri það að verkum að bændur ráði að takmörkuðu leyti verðinu fyrir sína framleiðslu. „Ef við viljum sem þjóð vera með landbúnað verðum við að hlúa betur að honum,“ segir Ásmundur.

„Stærstijákvæði punkturinn við að vera í grænmeti er að maður fær jákvæð viðbrögð frá fólki, sem er nærandi fyrir sálina,“ segir Ásmundur. Bein tengsl við viðskiptavini séu meiri en í mjólkurframleiðslu. */ÁL*



Nýliðun er forsenda byggðafestu. Mynd úr Landeyjum. Mynd / ÁL

# Berjast fyrir lífi sínu og sveitanna

**Staða bænda hefur sjaldan verið verri, enda hátt vaxtastig og lausafjárskortur farin að bíta í. Nýliðar eru meðal þeirra sem finna mest fyrir ástandinu. Ungir bændur segja stjórnvöld ekki standa við gefin loforð.**

Samtök ungra bænda (SUB) hafa blásið til baráttufundar fyrir lífsnauðsynlegum breytingum á skilyrðum landbúnaðar. Steinþór Logi Arnarsson, formaður SUB, hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að mæta í Salinn í Kópavogi fimmtudaginn 26. október næstkomandi. Hann segir nýliða í greininni standa frammi fyrir nánast ókleifum hamri hvað varðar fjárfestingarkostnað og rekstrarumhverfi.



Steinþór Logi Arnarsson.

*Tækifæri til lengri framtíðar*

„Aðallega erum við að vonast til þess að fundurinn verði til þess að stjórnmálin bæði heyri og sjái betur en þau hafa gert. Við erum líka að vonast til þess að hann blási ungum bændum kjark í brjóst,“ segir Steinþór, því þrátt fyrir erfitt ástand eigi íslenskur landbúnaður tækifæri til lengri framtíðar. Í því samhengi nefnir hann að Ísland búi yfir dýrmætu forskoti hvað varðar vaxandi kröfur í umhverfisþáttum, vistvæna orkugjafa, heilnæmi matvæla, afdráttarlausar kröfur um dýravelferð og margt fleira.

„Ungir bændur vilja grípa þessi tækifæri – bæði fyrir sig og samfélagið. Það getur samt aldrei orðið nema okkur séu tryggð eðlileg laun fyrir búreksturinn. Þess vegna efnum við til þessa baráttufundar með kröfuna um „laun fyrir lífi“ í fylkingarbrjósti.“ Laun sem duga fyrir daglegu lífi ungra bænda tryggi um leið áframhaldandi líf til sveita, sem skipti fæðuöryggi, menningu og fegurð landsins miklu máli. Steinþór segir unga bændur vilja vera jákvæða og bjartsýna og forðist því að tala um andhverfuna – að dauðar sveitir séu ávísun á dautt land. „En nú er ég samt búinn að segja það upphátt og opinberlega.“

*Getum ekki treyst á aðra*

Hann bendir á að allt sé í heiminum hverfult. Nýleg dæmi eins og Covid-19 heimsfaraldurinn og stríðsátök í Úkraínu sýni að í hremmingum sé „hver þjóð sé ber að baki nema sér bændur eigi“. Nú gæti óstöðugleika á heimsvísu vegna loftslagsbreytinga, stríðsátaka og vaxandi sýklalyfjaónæmi sem ógni heilsu mannkyns.

Steinþór skorar á bændur að mæta til fundarins, þótt þeir eigi um langan veg að fara. Þá hvetur hann stjórnmálamenn til að koma til að öðlast skilning á stöðunni og sjá hvaða afleiðingar það muni hafa að aðhafast ekkert. Fundurinn verður frá 13 til 16 og er öllum opinn. Þá verður streymt á Facebook-síðu SUB fyrir þá sem eiga ekki heimangengt.

*/ÁL*

## Ungir bændur:

# Allt sem gæti farið í laun fer í að borga vexti

## – Óskar engum að fara í landbúnað

**Þórólfur Ómar Óskarsson, kúabóndi í Grænuhlíð í Eyjafirði, sér enga framtíð í landbúnaði eins og vaxtaumhverfið er núna og sér fram á að hætta búskap. Hann hefur rekið búið með eiginkonu sinni frá 2012.**

„Ég er búinn að gera upp hug minn – ég mun ekki verða bóndi áfram nema ég geti byggt upp búið. Ég er bara 36 ára gamall og get farið að gera eitthvað annað,“ segir Þórólfur. Stöðug uppbyggingar- og viðhaldsþörf fylgi búskap, en hann sér ekki fram á að geta haldið áfram uppbyggingu eins og vextir eru núna. Þórólfur verður með erindi á baráttufundi Samtaka ungra bænda sem greint er frá hér á síðunni.

„Það er engin afkoma í greininni – það er ekkert eftir. Til hvers erum við þá að þessu? Það er engin framtíð í þessu og við ætlum ekki að láta bjóða okkur þetta endalaust. Það er engin nýliðun í svona umhverfi og ég óska engum að fara út í landbúnað eins og staðan er í dag – og ráðlegg engum að gera það,“ segir Þórólfur með áherslu.

„Ég er ekki tilbúinn að fórna fjölskyldulífi áfram. Ég vanræki vinina, ég vanræki öll mín áhugamál, vanræki fjölskylduna, hjónabandið og heimilislífið af því að ég er alltaf að vinna. Þetta er óboðlegt og ósanngjarnt.“ Bæði hjónin eru með fulla vinnu af búskapnum og segir hann ekkert svigrúm til að sækja vinnu utan bús, enda álagið mjög mikið.

*Landbúnaður fjárfrekur rekstur*

„Óverðtryggðir vextir hafa hækkað um rúmlega hundrað prósent. Það þýðir að eitthvað sem kostaði mig hundrað þúsund krónur að skulda fyrir tveimur árum síðan kostar tvö hundruð þúsund að skulda í dag. Þegar þú ert í rekstri sem er fjárfrekur, eins og kúabúskapur og allur landbúnaður í sjálfu sér, þá bítur svona helvíti fast.“

Þórólfur segir vandamál bænda ekki vera að virði búanna sé komið undir skuldirnar, heldur sé lausafjárvandinn gríðarlegur.

„Það fer allt sem mögulega gæti farið í að borga sér laun eða vera með einhvern í vinnu í að borga vexti.“



„Það er eins og öllum sé drullusama um íslenskan landbúnað,“ segir Þórólfur Ómar Óskarsson, sem hyggst hætta kúabúskap. Mynd / Aðsend

Hann kallar eftir því að bændum verði boðið að taka lán á vaxtakjörum öðrum en þeim sem stýrivextir Seðlabankans segi til um. Þær lausnir sem bankarnir bjóði, þ.e. að lengja í lánum eða breyta yfir í verðtryggt, séu ekki aðlaðandi. Þórólfur fullyrðir að hvergi í Evrópu búi bændur við jafn óhagstæð lánakjör. „Þetta erum við að keppa við í innflutningi. Það er eins og öllum sé drullusama um íslenskan landbúnað.“

*Vanfjárfesting í landbúnaði*

Þórólfur hóf búskap árið 2012 í félagsbúi með foreldrum sínum, en í Grænuhlíð er stórt kúabú með nálægt 450 þúsund lítra mjólkurframleiðslu á ári. Tveimur árum síðar keyptu ungu hjónin allan búreksturinn og fóru í kjölfarið í töluverða uppbyggingu. Því fylgdi hagræði en hann sér ekki fram á að geta haldið áfram frekari uppbyggingu. „Ef eitthvað er, þá er vanfjárfesting í landbúnaði. Bændur standa frammi fyrir því að þurfa að endurnýja mikið af fjósum ef á að halda uppi sömu framleiðslu.

Það þarf að viðhalda fjárfestingu í greininni og það að bændur hafi offjárfest er della. Við búum við strangar kröfur í aðbúnaði dýra, sem er gott og blessað. Ég held að það hefði þurft að fylgja þessum kröfum sem voru settar á sínum tíma meiri peningar til uppbyggingar.“

*/ÁL*




# Verðmæt vara þróuð úr vannýttu hráefni

**Mikið fellur til í íslenskri garðyrkju sem afskurður og er ekki nýtt í dag nema í besta falli sem úrgangur til moltugerðar. Hjá Matís hefur verið unnið að því að þróa verðmæta vöru úr þessu vannýtta hráefni.**

Komið hefur í ljós við efnagreiningar á þessum úrgangi að hann er ríkur af ýmsum verðmætum efnum; trefjum, lífvirkum efnum, bragð- og lyktarefnum, vítamínum og steinefnum. Niðurstöður greininganna benda til að heildarmagn steinefna sé ekki minna í hliðarafurðunum en í sjálfri uppskerunni. Eva Margrét Jónudóttir, verkefnastjóri hjá Matís, segir að það sé tími til kominn að fara að huga að fullvinnslu garðyrkjuafurða, eins og tíðkist til dæmis í fiskvinnslu og í æ meira mæli í kjötvinnslu. Til að sýna fram á möguleika þessa hráefnis hefur verið þróuð tiltekin vara hjá Matís, kryddblanda sem er hugsuð til notkunar í kjötbollugerð og inniheldur frostþurrkaðar hliðarafurðir úr grænmetisframleiðslu.

Með notkun á blöndunni sé verið að einfalda eldamennskuna, bæta næringarinnihald og á sama tíma nýta hliðarafurðir sem annars færu til spillis. Vöruþróunin sé ekki séríslensk uppfinning, sams konar vörur séu til hér í verslunum en hafi ekki verið mjög áberandi á Íslandi – og alls engin innlend framleiðsla. Eva segir að hjá Matís sé ekki ætlunin að framleiða eða selja þessa vöru. „Þetta er eingöngu hugmynd að uppskrift og vinnsluferli sem við setjum fram og hver sem vill má nýta eða þróa áfram eftir sínu höfði,“ segir hún. Um samstarfsverkefni er að ræða með Orkídeu og Bændasamtökum Íslands, en það var styrkt af Matvælasjóði. */smh*

*Nánar er fjallað um verkefnið á blaðsíðu 32–32.*




**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTIR

## Fjárhagsvandi bænda:

# Biðlað til stjórnvalda

**Fulltrúar Bændasamtaka Íslands funduðu með atvinnuveganefnd Alþingis 12. október þar sem slæm fjárhagsstaða bænda var til umræðu.**

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður nefndarinnar og þingmaður Framsóknarflokks, segir fundinn hafa verið góðan. „Fulltrúarnir komu til fundar við okkur með skýr skilaboð um þessa alvarlegu stöðu. Þau óskuðu eftir því að tilteknar leiðir yrðu lagðar fram af stjórnvöldum; hvað væri í raun í boði til að leysa erfiðasta vandann," segir Þórarinn Ingi.


**Þórarinn Ingi Pétursson, formaður atvinnuveganefndar.** Mynd / Alþingi

### *Ekki bein fjárútlát í boði*

Hann segir ljóst að málið fari úr atvinnuveganefnd til umfjöllunar í nokkrum ráðuneytum áður en endanlega verður ljóst hvaða úrræði verða í boði. Hann býst ekki við að um bein fjárútlát verði að ræða, til dæmis í gegnum búvörusamninga, heldur verði reynt að finna önnur úrræði. „Kannski eru möguleikar á breytingum á lánafyrirkomulagi; mögulega með aðkomu Byggðastofnunar – við erum með marga bolta á lofti.

Það er þó á hreinu að engin ein leið dugar til, við þurfum að skoða ýmsar aðgerðir. Til dæmis er tollverndin hriplek og svo er fjármagnskostnaðurinn að sliga landbúnaðinn. Kynning þeirra var mjög góð og skilmerkileg og ég heyri hér innan atvinnuveganefndar að það skilar því að menn ganga með opnum huga til verkefnisins," segir Þórarinn Ingi.

### *Fundir fram undan með ráðherrum fjármála og matvæla*

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að farið hafi verið yfir hina alvarlegu stöðu bænda á rekstrarlegum forsendum. „Viðbrögðin voru jákvæð en hvað verður um efndir er erfitt að segja. Við munum funda með fjárlaganefnd á föstudaginn og fara yfir stöðuna.

Jafnframt er fyrirhugað að funda með ráðherrum fjármála og matvæla, vonandi á fimmtudag. Hver árangur verður er erfitt að segja en við höfum ítrekað að vandinn vegna aukins rekstrarkostnaðar, sem viðurkenndur var á síðastliðnu ári, hefur ekki breyst. */smh*

**Aukabúnaðarþing**

**verður haldið 14. nóvember 2023 á Teams.**

**Sjá nánar á bondi.is**

***Stjórn Bændasamtaka Íslands.***




**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

# Gallaður Sprettsáburður

## – Bændur ósáttir við þær bótagreiðslur sem eru í boði

**Gallaður áburður frá Skeljungi, úr vörulínu Spretts, fór í dreifingu í vor. Um 3.000 pokar með slíkum áburði var dreift á Suður- og Vesturlandi. Bændur eru óánægðir með þær bætur sem bjóðast.**

Skeljungur virðist ætla að fara þá leið að semja við hvern og einn sérstaklega. Um tvenns konar galla er að ræða; annars vegar er galli í sjálfum áburðinum, áferðinni sem reyndist vera kögglakennd og gerði það að verkum að erfitt gat verið að dreifa honum. Hinn gallinn snýr að pokunum sem notaðir voru undir Spretts OEN áburð, en á þeim voru glufur þar sem regnvatn átti greiða leið inn í sekkina í rigningartíð fyrri part sumars.


**Mörgum bændum gekk erfiðlega að dreifa gallaða áburðinum.**

Katarínus Jón Jónsson í Gröf er einn þeirra bænda í Dölum sem fengu gallaða áburðinn. „Áburðurinn kom blautur úr pokum og kögglaður – og mikið ryk í honum. Við fengum fá svör í allt sumar varðandi mögulegar bætur, aðeins að þetta væri í vinnslu. Svo núna þremur dögum fyrir eindaga þá fæ ég allt í einu kredit-reikning. Mér sýnist að okkur standi til boða um 16 prósenta afsláttur af heildarverði og inni í þeirri upphæð eru bætur vegna vinnunnar við að koma áburðinum á túnin," segir Katarínus, sem þykir boð Skeljungs vera fyrir neðan allar hellur.

„Þeir bændur sem ég hef haft samband við eru ósáttir með viðbrögð og bætur sem Skeljungur býður. Sýnist fyrirtækið ætla að semja við hvern og einn og reyna þannig að kæfa þetta sem mest. Svo bæta þeir bara þann áburð sem var harður, en ekki OEN tegundir eða N27 þó það hafi verið gallaðar vörur líka," bætir hann við.

### *Ófullnægjandi afhending á köfnunarefnisgjafa*

Í tölvupósti frá Önnu Berglindi Halldórsdóttur, sölumanni Skeljungs, til bænda á Vesturlandi eru ástæður fyrir hinum gallaða áburði útskýrðar. Þar segir að ljóst sé að um ófullnægjandi afhendingu hafi verið að ræða á köfnunarefnisgjafa. Framleiðandinn hafi viðurkennt að hafa lent í basli með kaup á köfnunarefni vegna þess að á tímabili lokuðust öll viðskipti til Rússlands og fóru þá leið að kaupa einn farm af framleiðanda sem hann hafði aldrei áður átt í viðskiptum við. Þetta köfnunarefni hafi verið afgreitt of heitt í þetta skiptið og þegar það fór ofan í kalt skipið hafi myndast raki í því. Það hafi svo verið notað sem hráefni í tví- og þrígildar tegundir.


**Katarínus Jón Jónsson í Gröf.**

Engar grunsemdir hafi vaknað í framleiðsluferlinu, en síðar hafi orðið ljóst að úr því að þessi raki myndaðist verður samloðun efnisins og harkan í korninu lítil.

Áburðinum var skipað upp í Þorlákshöfn og á Grundartanga. Í póstinum kemur fram að sá sem fór á Grundartanga hafi verið mun verri. Mikil kögglamyndun hafi orðið í rakanum neðst í skipinu.

Afleiðingin hafi verið sú að mörgum gekk erfiðlega að dreifa áburðinum og kalkið sat gjarnan eftir í dreifaranum. Teknar hafi verið prufur úr áburðinum og komið hafi í ljós að öll tilskilin næringarefni hafi verið til staðar. Svikin hafi ekki verið í sjálfum efnunum heldur í dreifigæðunum. Í póstinum er einnig fjallað um gallann í pokunum sem notaðir voru undir OEN áburð. Þar segir að gallinn hafi ekki komið í ljós í byrjun, en hafi afhjúpast þegar leið á júnímánuð í mikilli rigningartíð.

### *Lagði til að bændur fengju fullar bætur*

Anna Berglind segist hafa talað fyrir því hjá ráðamönnum Skeljungs að bændur fengju 100 prósent endurgreiðslu á þeim sekkjum sem eitthvað voru gallaðir, en ekki fengið hljómgrunn fyrir því. Katarínus segir að bændur hafi leitað til lögfræðings Bændasamtaka Íslands um liðsinni í samskiptum við Skeljung um frekari bætur og hvetur aðra bændur í sömu stöðu til að hafa samband við samtökin.

Í svari Þórðar Guðjónssonar, forstjóra Skeljungs, við fyrirspurn blaðamanns, segir að frá því að Skeljungur byrjaði að selja Sprett árið 2004 hafi fyrirtækið aldrei lent í slíkum gæðavandamálum. „Við hörmum þetta mjög og erum að reyna að koma til móts við bændur eins vel og nokkur kostur er á. En þar sem megnið af þessum áburði var notaður á túnin var ómögulegt að sækja skaðabætur í gegnum tryggingar.

Því fórum við þá leið að meta tjónið út frá auknu vinnuálagi við að nota áburðinn og er Skeljungur að endurgreiða til þeirra sem lentu í þessu um 40 milljónir nú í október. Ásamt því að endurgreiða þá sekki sem ekki voru notaðir," segir Þórður. */smh*

# Loftslagsbreytingar hafa umtalsverð áhrif á Ísland

**Fjórða matskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar var gefin út og kynnt þann 18. október.**

Skýrsluhöfundar segja hana staðfesta að áhrifa loftslagsbreytinga sé farið að gæta á náttúrufar og lífsskilyrði hérlendis.

Áhrif má þegar sjá á afkomu jökla, vatnafari, lífríki á landi og aðstæðum í sjó. Veðurfar og náttúruaðstæður á Íslandi og hafinu í kring verða í lok aldarinnar án fordæma frá upphafi byggðar. Þá muni súrnun sjávar og hlýnun breyta umhverfisaðstæðum og útbreiðslusvæðum tegunda í hafi. Frá þessu er greint í ágripi skýrslunnar.


**Hlýnandi loftslag hefur bætt skilyrði til kornræktar.** Mynd / ÁL

Þá muni loftslagsbreytingar hafa umtalsverð áhrif á uppbyggða innviði og atvinnuvegi, ásamt því að skapa áskoranir í geirum þar sem viðbrögð við hlýnun geti haft jákvæð áhrif í för með sér. Áhrif loftslagsbreytinga erlendis geti skapað kerfisáhættu á Íslandi, til dæmis með áhrifum á aðfangakeðjur, fæðuöryggi og lýðheilsu. Loftslagsbreytingar muni enn fremur hafa áhrif á verðlag, fjármálastöðuleika og öryggi fjármálakerfisins. Aðlögun að og viðbrögð við loftslagsvandanum muni krefjast umbyltingar í neyslu, iðnaði og tækni.

Helstu ályktanir vísindanefndarinnar eru meðal annars þær að mikilvægt sé að draga sem mest úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlagast þeim breytingum sem óumflýjanlegar eru. Þá sé regluleg vöktun og greining á náttúrufari, lífríki og samfélagi forsenda þess að hægt sé að fylgjast með þeim breytingum sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér. Enn fremur þurfi fjármögnun loftslagsaðgerða og aðlögunar að vera trygg, ásamt því sem hvatar til samdráttar í losun þurfi að vera til staðar.

Ræktunarskilyrði hérlendis verða gjörbreytt í lok aldarinnar frá því sem nú er – jafnvel þó markmið Parísarsáttmálans um að halda hlýnun innan 2 °C náist. Jákvæðra áhrifa hefur gætt á kornrækt og raungerist hlýrri sviðsmyndir verði hægt að rækta korn til manneldis á nær öllu ræktarlandi. Þó geti hlýnun haft í för með sér aukna uppgufun og því þurfi meiri úrkomu til að viðhalda sama rakastigi í jarðvegi og áður. Vísindanefnd um loftslagsbreytingar er skipuð af ráðherra og er ætlað að kortleggja ástand þekkingar á loftslagsbreytingum og áhrifa þeirra á Íslandi. */ÁL*

# Er allt tilbúið fyrir veturinn?




**N1**
## Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



### Vattfóðraður kuldagalli
Kuldagalli með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum með flipa yfir. Hægt að taka hettuna af. Hnjápúðavasar.




### Einnota hanskar
Nítríl 6112PF showa hanskar. Náttúrueyðanlegt efni - efni sem brotnar niður eðlilega í náttúrunni, ólíkt sumum gerviefnum.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.




### Tork salernispappír
Mjúkur hvítur 3ja laga salernispappír fyrir TORK T4 skammtara.



### Jalas öryggisskór
Jalas mokkasíur S2 HRO. Leðurskór með il- og távörn.




### N1 HD Universal smurfeiti
Alhliða smurfeiti með góðu hita-, vatns- og titringsþoli ásamt öflugum háþrýstibætiefnum.



### Prjónavettlingar
Prjónaðir vinnuvettlingar úr ull og næloni. Veita hlýju í vetrarkuldanum.

Litur: Grár. Stærðir: M–L.

### Verslanir N1 um land allt
**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**440 1000** **n1.is**

**N1** ALLA LEIÐ

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## LEIÐARI

## Ömurleg skilaboð

**Hver þjóð er sér ber að baki nema sér bændur eigi, segir Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, hér í blaðinu.**

Ungir bændur boða til baráttufundar fyrir lífsnauðsynlegum breytingum á skilyrðum landbúnaðar þann 26. október næstkomandi. Yfirskrift fundarins er „Laun fyrir lífi ungra bænda og íslenskra sveita“ og er það ekki að ástæðulausu. Í hópi framsögumanna verða bændur sem eru við það að gefast upp á störfum sínum vegna ómögulegra lífsskilyrða.

Þar á meðal er Þórólfur Ómar Óskarsson, sem sér fram á að hætta sínum kúabúskap vegna þess að hann hefur ekki fjárhagslegt rými til að reka búið sitt og lifa eðlilegu lífi. Hann segir lánakjör og vexti íþyngjandi fram úr hófi auk þess sem hann hafi fórnað fjölskyldulífinu og vanrækt sjálfan sig vegna álags í starfi. Hann ráðleggur engum að fara í landbúnað eins og staðan er í dag. Þetta eru ömurleg skilaboð.

Víða um land er ungt fólk sem lagði landbúnaðarframleiðslu fyrir sig í þeirri von að vera til sóma, leggja lið við að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og byggðarfestu á landsbyggðinni, sem er einmitt á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Þetta er háskólamenntað búvísindafólk sem er þó að reka sig á það að vera starfandi skuldum vafið í sjálfboðavinnu við að afla okkur fæðu. Þau vilja gera vel en er um megn að lifa mannsæmandi lífi.

Í samþykktri Landbúnaðarstefnu til ársins 2040 er teiknuð upp sú framtíðarsýn að eðlileg nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði verði tryggð. Í samþykktri Matvælastefnu til ársins 2040 er ályktað að tryggja eigi hér fæðu- og matvælaöryggi með því að vera í fremstu röð ríkja í gæðum framleiddra matvæla. Framleiðsla á að vera arðbær og tryggja byggðafestu í samfélaginu. Dæmin sýna hins vegar annað.

Þórólfur segir að stöðug uppbyggingar- og viðhaldsþörf sé nauðsynleg til að halda uppi eðlilegri framleiðslu. Bent hefur verið á að atvinnugreinin þurfi aðgang að þolinmóðu fjármagni á lágum vöxtum til að geta mætt aðbúnaðarþörf. Nútímalandbúnaður kallar á nauðsynlega uppfærslu aðbúnaðar.

Eigi landbúnaðar- og matvælastefna að ná fram að ganga þarf nýliðun og fjölgun í atvinnugreininni. Ef tilgangurinn er aukin framleiðsla íslenskra landbúnaðarvara þarf fólk að sjá tilgang í að leggja fyrir sig slíka framleiðslu. Afkoma í greininni þarf því að vera viðunandi. Sú er ekki raunin í dag.

Svo er ekki nóg að gera kröfu um að bændur taki hér til hendinni og framleiði heilnæman mat fyrir þjóðina. Það er til lítils að leggja í þá vegferð ef afurðunum er svo haldið frá neytendum. Sorglegt er að þurfa að segja frá fækkun grænmetisframleiðenda samhliða fregnum um aukið ákall neytenda eftir íslenskum matvörum.

Stjórn Bændasamtakanna hafa boðað nýjan fjármálaráðherra og matvælaráðherra til neyðarfundar um stöðu landbúnaðarins. Segir í tilkynningu að farið verði yfir þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er í landbúnaði og leitað eftir svörum frá stjórnvöldum, hvort halda eigi áfram landbúnaðarframleiðslu hér á landi.

Bæði landbúnaðar- og matvælastefnan leggja áherslu á að hér á landi verði framleidd heilnæm matvara í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni og verðmætasköpun er höfð að leiðarljósi. Vonandi eru það ekki orðin tóm.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir*
*ritstjóri.*

## Landbúnaður á krossgötum



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is




**Dagur landbúnaðarins var haldinn nú öðru sinni, dagana 13. og 14. október sl., í samstarfi við Samtök fyrirtækja í landbúnaði og Búnaðarsamband Eyjafjarðar.**

Á föstudeginum var blásið til málþings í Hofi á Akureyri undir yfirskriftinni *Landbúnaður á krossgötum*, þar sem farið var yfir tækifæri og áskoranir í landbúnaði. Á laugardeginum héldu skógarbændur málþing og bændur í Eyjafirði og á Suðurlandi buðu heim á hlað og kynntu gestum og gangandi starfsemi sína. Málþingin voru afar vel sótt og vil ég þakka öllum sem gáfu sér tíma frá bústörfunum og mættu á staðinn og eins þeim sem fylgdust með í beinu streymi á Facebook síðu Bændasamtakanna. Sérstakar þakkir fara til þeirra sem skipulögðu málþingið, héldu erindi og til bændanna á Þórustöðum og Sölvastöðum í Eyjafjarðarsveit, á Garðshorni og Syðri-Bægisá í Hörgársveit og á Vesturholti í Þykkvabæ og Espiflöt í Reykholti. Það er í mínum huga eftir þessa reynslu að við munum festa þennan viðburð í sessi í samstarfi við bændur og hagaðila í landbúnaði.

Á málþinginu í Hofi kom ítrekað fram, bæði í kynningu starfsmanns BÍ og hjá þátttakendum í pallborðsumræðum, um mikilvægi þess að merkja íslenska framleiðslu þannig að neytendur hafi skýrt val um hvað er innlend framleiðsla og hvað eru innfluttar afurðir. Þess vegna hafa Bændasamtökin talað fyrir því að tekið verði í notkun upprunamerkið *Íslenskt staðfest*, sem staðfest er í úttekt af vottunarstofu og er ætlað að tryggja neytendum skýlausan rétt á upplýsingum um uppruna og innihald matvæla. Á Norðurlöndunum hefur landbúnaðarframleiðsla rækilega náð að festa sig í undirmeðvitund frændþjóða okkar. Í Svíþjóð hefur verið notast við upprunamerkið *Från Sverige* í yfir tuttugu ár, sem notuð er á nánast alla matvöru sem búin er til úr sænskum hráefnum. Þannig er það greypt í vitund sænskra neytenda að með því að velja sænska framleiðslu eru þeir ekki eingöngu að leitast eftir vörum frá sænskum bændum heldur einnig heilnæmum og öruggum mat. Hljómar kunnuglega? Í Noregi nota framleiðendur matvæla þar upprunamerkið *Nyt Norge* sem á það sammerkt með sænska upprunamerkinu að vera vel greypt í undirmeðvitund og kauphegðun norskra neytenda og það sem er merkilegt við norska upprunamerkið er að verslunin í Noregi hefur alfarið tekið það upp á sína arma, enda hefur neysla á kjöti og osti sem framleitt er í Noregi nærri því tvöfaldast frá því verslunin tók upprunamerkið í sínar hendur. Það væri virkilega til eftirbreytni og öllum neytendum til mikilla hagsbóta ef meðvitund og áhugi forsvarsmanna fyrirtækja í landbúnaði og verslunarinnar til að taka upp *Íslenskt staðfest* væri meiri. Því neytendur eiga ekki að þurfa að sætta sig við hvað sem er og verða að geta treyst því að uppruni þess sem þeir kaupa sé staðfestur. Það styrkir okkur í þessu verkefni að ákallið er frá neytendum enda eru íslenskar landbúnaðarvörur í beinni samkeppni við innfluttar vörur.

Á málþinginu var einnig rætt mikið um afkomu bænda og starfsskilyrði landbúnaðarins. Staðan er grafalvarleg og framleiðslan er að dragast saman í þessum rituðu orðum. Þetta er olíuskip sem verður afar erfitt að snúa því þeir fáu bændur sem eftir verða munu ekki svo glatt auka við framleiðsluna sína um það sem markaðurinn kallar eftir. Stjórn Bændasamtakanna hefur því óskað eftir neyðarfundi með ráðherrum fjármála annars vegar og matvæla hins vegar til að fara yfir mögulega aðkomu ríkisins og kalla eftir afstöðu þeirra til að bregðast við alvarlegri stöðu frumframleiðenda vegna versnandi stöðu í rekstrarumhverfi bænda. Það er sama hvar við berum niður í frumframleiðslunni, og þar eru ungir bændur ekki undanskildir þar sem vandi þeirra er gríðarlegur. Ef við stöndum ekki vörð um frumframleiðsluna þá er okkur vandi á höndum, þar sem við endurreisum ekki landbúnað frá grunni ef við glötum niður framleiðslunni á þessum örlagatímum hárra vaxta og hækkana á aðfangakeðjunni til framleiðslunnar. Lögum samkvæmt skulu bændur njóta sambærilegra kjara og aðrar stéttir. Hvað ætla stjórnvöld að gera í því?

## GAMLA MYNDIN




**MR búðin, Mjólkurfélag Reykjavíkur, var stofnuð árið 1917 og hefur selt í gegnum tíðina ýmsar nýtilegar vörur, allt frá hænsnafóðri og reiðbuxum til girðingastaura. Stóð verslunin m.a. annars fyrir byggingu 12.000 lesta korngeymslu með löndunarkerfi í Sundahöfn árið 1970 – þá í samfloti við tvö önnur fyrirtæki sem einnig stóðu að korninnflutningi, Fóðurblönduna og Samband íslenskra samvinnufélaga. Árið 2005 hlaut þetta gamalgróna fyrirtæki, MR búðin, nafnið Lífland, en kom fram í fréttatilkynningu fyrirtækisins að ástæðan væri „að starfsemi fyrirtækisins tengist nú mannlífi og dýralífi í landinu á mun breiðara sviði en í árdaga“.**
/SP

LÍF & STARF



Þórustaðapiltar renndu sér alsælir í fyrstu snjóum meðan fullorðna fólkið sýndi vélar og tæki til kartöfluuppskeru og ræktar: Gabríel Máni, Aron Máni, Fannar Máni, Birkir Logi og Óliver Kári.



Heimasætan í Garðshorni, Yrsa Líf, strýkur hér gæðingi og vini um granir í hesthúsi foreldra sinna meðan gestir skoðuðu sig um þar og í fjárhúsum.

Myndir / SÁ



Bændur á Syðri-Bægisá í Hörgársveit buðu gesti velkomna að skoða mjólkurframleiðsluna. Kýr og kálfar létu gestina þó ekki raska ró sinni heldur jöpluðu í rólegheitum á töðunni.



Hér stinga Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og María Rut Kristinsdóttir saman nefjum en til hliðar við þær eru m.a. Hrund Pétursdóttir, Halldóra Hauksdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson og Jón Gunnarsson.

# Landsins gagn og nauðsynjar

Á Degi landbúnaðarins um miðjan október kenndi margra grasa. Fyrri daginn fór fram málþing í Hofi á Akureyri undir heitinu Landbúnaður á krossgötum. Var það vel sótt og fluttar forvitnilegar framsögur ásamt því að landbúnaðurinn og helstu áskoranir á þeim bænum voru tæklaðar í tvennum pallborðsumræðum, auk fyrirspurna úr sal. Mikill þungi var í erindum og umræðum þótt slegið væri líka á létta strengi.

Síðari daginn opnuðu fjögur býli á Eyjafjarðarsvæðinu dyr sínar og buðu gestum að skoða búskapinn. Voru það Syðri-Bægisá í Hörgárdal þar sem stunduð er mjólkurframleiðsla, Garðshorn í Þelamörk með hrossa- og sauðfjárrækt, Sölvastaðir í Eyjafjarðarsveit þar sem er verið að byggja gríðarstórt svínahús og Þórustaðir í sömu sveit með kartöflurækt og risastóra kartöfluupptökuvél.

Aðsóknin var með ágætum og spjallaði heimafólk við gesti um búskap sinn auk þess að bjóða upp á hressingu.

Skógarbændur héldu auk þess málþing í Borgarfirði þessa helgi og ræddu mat úr skóginum og umhirðu skógar. */ sá*



Kindurnar í Garðshorni voru óttalega strípaðar að sjá eftir rúningu en undu greinilega hag sínum vel og var nokkuð sama um gestaganginn. Veitið dröfnóttu kindinni fyrir miðri mynd sérstaka athygli!



Á Sölvastöðum í Eyjafjarðarsveit er gríðarstórt svínahús í byggingu og þótt húsið sé risið er margt eftir að gera innanstokks áður en u.þ.b. 300 gyltur fá þar pláss.




Hér eru framkvæmdastjóri og formaður Bændasamtaka Íslands í þungum þönkum fyrir málþingið.



Ræktaðar eru kartöflur á Þórustöðum í Eyjafjarðarsveit. Auk þess að sjá kartöflurnar skoppa um vatnstromlur, færibönd og stærðaflokkara var til sýnis ein heilmikil kartöfluupptökuvél.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Síðasti vísnaþáttur var gjörvallur helgaður efni úr nýrri ljóðabók **Davíðs Hjálmars Haraldssonar** á Akureyri. Bókin er tölusett sem aðrar ljóðabækur höfundar og ber heitið *Áttunda Davíðsbók*.

Eftir því sem ég les frekar í bókinni verð ég hrifnari, og ætla því að hefja þennan þátt á tveimur stökum sem ekki þurfa skýringa með:

*Þegar aðrir um þá spá,*
*ævidaga sína,*
*læt ég nægja að líta á*
*loftvogina mína.*

*Vaða skafla, aur og ár*
*angurgapar.*
*„Á rjúpnaveiðum fitnar fár“,*
*fjöldinn tapar.*

**Þormóður Pálsson** á Njálsstöðum orti þessa vísu:

*Þegar hrökkva heimsins bönd,*
*hvað sem fólkið skrafar,*
*get ég rétt þér hlýja hönd*
*hinum megin grafar.*

Þessa vísu kvað **Bjarni frá Gröf** í þorrahlákunni 1964, en þá tók upp allan snjó:

*Hvíta skyrtan ónýt er,*
*alltaf stækka götin.*
*Guð má fara að gefa þér*
*grænu sparifötin.*

**Stephan G. Stephansson** orti eitt sinn:

*Hvar þér opnar, heillin mín,*
*heimur sínar álfur,*
*gef honum bara brosin þín,*
*böl þitt eigðu sjálfur.*

Þessa mögnuðu vísu orti **Jóhann Fr. Guðmundsson**:

*Kalla tímans kröfur að,*
*kostur síst að hika.*
*Enginn veit um stund og stað*
*stærstu augnablika.*

Næstu tvær vísur eru teknar úr *Rósinkranzrímum* eftir **Jón Rafnsson**:

*Þröng í búi orðin er,*
*öfugt snúið flestu.*
*þrávalt trúað, því er ver,*
*þeim sem ljúga mestu.*

*Vondir lúta valdsmenn auð,*
*virðast mútuþjálir,*
*labbakútar, kúguð gauð,*
*keyptar pútusálir.*

Eftir **Halldór Jónsson** kennara er þessi samrímaða hringhenda:

*Geislinn sólar gleði ljær,*
*görpum rólar sorgin fjær,*
*lygnir gjóla og lækkar sær,*
*lítil fjóla í brekkum grær.*

**Helgi Björnsson frá Staðarhöfða** orti:

*Rís úr bóli byggðin öll*
*sem barn af jólafulli.*
*Yfir hóla, hraun og völl*
*hellir sólin gulli.*

**Jósef Húnfjörð** orti til vinar síns sem bauð til silfurbrúðkaups:

*Að þér snúi unaðsfull,*
*ættar trúi hlynur*
*silfur nú, en síðar gull*
*sæmi bú þitt, vinur.*

Eftir að hafa hlýtt á kórsöng á Sauðárkróki orti **Karl Sigtryggsson**:

*Á Sauðárkróki er söngur bestur,*
*sálum veitir yl.*
*Þar er enginn minni en mestur,*
*minnstur ekki til.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

# Frumframleiðendur í gríðarlegum vanda

**Fjárhagsafkoma bænda er orðin hartnær ómöguleg vegna aðfanga- og vaxtahækkana.**

„Bændur standa frammi fyrir miklum áskorunum í dag, ekki aðeins í almennum búverkum heldur er rekstrarumhverfi landbúnaðarins að verða okkur ansi erfitt,“ sagði Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, í upphafi vel sótts málþings sem haldið var á Degi landbúnaðarins 13. október í Hofi á Akureyri.



Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, var þungorður um afkomu bænda. Hann hvatti þó til bjartsýni. Mynd / SÁ

### *Mánaðarlaunin 176 þúsund*

Bændasamtökin hafa lagt fram kröfugerð fyrir samninganefnd ríkisins vegna búvörusamninga og hún er nú til skoðunar hjá stjórnvöldum. Gunnar segir þar ekkert undan skilið en kröfur séu þó hógværar.

„Okkur reiknast til að meðalkúabú, byggt á tölum úr gagnasafni Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins, sé að skila tveimur milljónum í laun til viðkomandi bónda á meðalbúi á ári. Er það ásættanlegt þegar við erum með lög í landinu sem segja að lágmarkslaun skuli vera 350 þ.kr. á mánuði? Þetta fer ekki saman,“ sagði hann.

### *Stjórnvöld bera ábyrgð*

Gunnar minnti á að matur væri grunnþörf íbúa landsins og matvæli þjóðaröryggismál. Átökin úti í hinum stóra heimi endurspegluðust m.a. í mjög miklum hækkunum á aðföngum, t.a.m. hefði Úkraínustríðið hækkað áburðarverð um 150% og kornafurðir um 80–90%.

„Þetta höfum við þurft að vera að fást við sem frumframleiðendur undanfarin tvö ár. Ríkisvaldið sá fyrir sér vanda á síðastliðnu ári og kom inn með svokallaðar sprettgreiðslur og stuðning vegna áburðarkaupa. Aðföngin hafa ekkert lækkað á yfirstandandi ári og samtöl við ráðuneyti matvæla og fjármála eru á þann veg að það grillir ekkert í að við sjáum fram á aukinn stuðning. Þá veltir maður fyrir sér hvernig eigi að uppfylla matvælaöryggi íslensku þjóðarinnar til framtíðar,“ sagði hann jafnframt.

### *Lífsviðurværi tólf þúsund manns*

„Það er ýmislegt í húfi. Okkur telst til að þrjú þúsund manns starfi í frumframleiðslunni í íslenskum landbúnaði í dag og afleidd störf séu átta til tíu þúsund. Þetta er því lífsviðurværi tólf þúsund manns sem er undir í matvælaframleiðslu í landinu. Skiptir það engu máli heldur?“ spurði Gunnar.

„Stjórnvöld verða að skapa bændum fjárhagslegt svigrúm til athafna. Eftirlitskerfið þarf að sinna því að atvinnufrelsi í landinu þrífist sem best, hömlur, boð og bönn þvert á atvinnufrelsi er ógn í mínum huga,“ sagði hann enn fremur. Ljóst sé að maturinn verði ekki til í búðinni, meira þurfi til. Það sé því umhugsunarefni hvernig standa eigi að málum og ekki síður hvernig rétta eigi hag bænda áður en allt fari í kaldakol og þannig að ungt fólk hafi áhuga á að taka við búskap af þeim sem eldri eru. Í dag sé hvatningin til þess lítil eða engin og það sé verkefni til framtíðar að byggja upp fæðuöryggi á Íslandi.

Gunnar minnti þó á að bjartsýni væri vænlegri en bölsýni en leysa þyrfti þessi mál fyrr en seinna. „Við þurfum framtíðarsýn okkur öllum til heilla og fæðuöryggi í sjálfstæðu landi,“ sagði hann að endingu. */sá*

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU

Varmadælur fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað

Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar

Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar

Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345



Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar



Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri SAFL, og Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ, ræða landbúnaðarmálin við Jón Þór Kristjánsson fundarstjóra. Mynd / SÁ

## Dagur landbúnaðarins:

# Hagræðing í slátrun og kjötvinnslu næst á dagskrá

**Á málþingi á Degi landbúnaðarins var meginstefið vaxandi vandi landbúnaðarins og hvaða lausnir væru tækar til að mæta honum.**

Sagði Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, að stýrivextir hefðu valdið umtalsverðum neikvæðum áhrifum í helstu kjöt- og mjólkurframleiðslugreinum. Síðustu tvö ár hefði fjármagnskostnaður aukist um hátt í fimm milljarða á þegar skuldsetta grein. Stærsta tækifæri stjórnvalda til að sporna gegn verðbólgu sé að setja aukið fjármagn í búvörusamningana.

### *Hagræða í slátrun og kjötvinnslu*

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL), sagði í framsögu að töluverðan samdrátt mætti sjá í lambakjötsframleiðslu og fækkun nautgripa síðustu misseri ylli áhyggjum. Bændur væru komnir að þolmörkum í hagræðingu hjá sér og eðlilegt væri að líta til annarra þátta.

„Ein skýrasta aðgerðin er að beina sjónum okkar að endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu,“ sagði Margrét. SAFL ásamt BÍ o.fl. hefðu barist fyrir því að kjötafurðastöðvar og vinnslum yrði veitt svigrúm til hagræðingar og samstarfs. Fimmtánda grein samkeppnislaga, sem heimili samvinnu, sé ekki nægjanleg enda skýr fordæmi erlendis frá um frekari heimildir.

„Nýting á sláturgetu í sauðfjárslátrun er 61%, en 31% í stórgripaslátrun, skv. tölum frá Deloitte árið 2021,“ hélt Margrét áfram. Ljóst væri að hægt sé að gera mun betur. Feta beri hér sömu slóð í hagræðingu og gert var í mjólkuriðnaði á sínum tíma.

Margrét gagnrýndi einnig að stækkun á markaði, m.a. vegna ferðamanna, væri mætt með innflutningi en ekki aukinni innlendri framleiðslu. „Stjórnvöld setja leikreglurnar en allt of lengi höfum við búið við aðrar reglur en þau lönd sem við erum að flytja inn kjöt frá. Undir er sjálfbærni, fæðuöryggi og byggðafesta,“ sagði Margrét.

### *Íslenski fæðuklasinn*

Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra í Osló en í leyfi, kynnti Íslenska fæðuklasann, en hún leiðir undirbúning að stofnun hans. Ingibjörg sagði að með honum væri ekki síst verið að bregðast við búsetuáskorunum á landsbyggðinni. Henni hafi þótt vanta hvetjandi vettvang og umhverfi fyrir landbúnað og fæðutengda starfsemi til að koma góðum, verðmætaskapandi hugmyndum í réttan farveg með hvata, ráðgjöf og stuðningi og þannig m.a. að glæða sveitir landsins lífi.

Til stendur að stofna Íslenska fæðuklasann fyrir árslok. Hann á að ná yfir hvers kyns fæðu í landbúnaði og fæðutengdri starfsemi; yfir alla virðiskeðjuna: frá ræktun, framleiðslu og vinnslu, að sölu og neyslu. Fæðuklasinn á einnig að vera sjónarhóll yfir aðra starfandi klasa í landinu og byggja brýr og skapa möguleika á samstarfsverkefnum. Honum er ætlað að draga saman frumkvöðla, fyrirtæki og þolinmótt fjármagn til þess að skapa ný verðmæti.

### *Meðvitund almennings*

Sölvi Arnarson, bóndi og veitingamaður í Efstadal II og einn framsögumanna, benti m.a. á að sárlega vantaði býli sem vildu taka á móti ferðafólki, fræða og bjóða upp á landbúnaðartengdar veitingar.

Þá kom fram í máli Hlédísar Sveinsdóttur, annars höfundar skýrslunnar Ræktum Ísland, sem grundvallar nýja landbúnaðar- stefnu, að íslenskur almenningur þurfi að veita landbúnaði athygli, hann tengist fæðuöryggi og lýðheilsu, byggðafestu og umhverfismálum órjúfanlegum böndum. Almenningur þurfi einnig að hafa áhrif á þróun landbúnaðarafurða. Tengsl við smáframleiðendur séu þar hvað augljósust sem sóknarfæri.

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa, sagði í umræðum: „Við metum það þannig í dag að staðan er gríðarlega alvarleg. Miklu alvarlegri en oft áður,“ sagði hann.

Á málþinginu kom fram hvatning um aukinn samtakamátt, staðreyndasýnileika og jákvæðni í umræðu út á við. Sjávarútvegurinn væri þar fyrirmynd. Sömuleiðis var bent á að landbúnaðurinn þyrfti með einhverjum hætti að mæta hinum upptekna nútíma-Íslendingi sem hefði í erli dagsins lítinn tíma til að undirbúa og sinna matargerð. Frosið læri í hnausþykku plasti væri t.a.m. ekki endilega til þess fallið að mæta þeirri áskorun. */sá*

# Rannsóknir á næmi arfgerða

**Undanfarin tvö ár hafa verið framkvæmdar rannsóknir á öllum helstu arfgerðum sem íslenskt sauðfé býr yfir og gætu hugsanlega veitt vernd gegn riðu. Niðurstöður liggja nú fyrir.**

Þessar rannsóknir eru mikil tímamót, því samkvæmt þeim hafa fundist fleiri genasamsætur sem veita mjög sterka mótstöðu gegn riðu, umfram ARR og T137. Fyrrnefnda arfgerðin er alþjóðlega samþykkt sem verndandi gegn riðu og fannst í íslensku sauðfé árið 2022. Niðurstöður rannsóknanna benda sterklega til þess að T137 arfgerðin sé verndandi gegn riðu.

Einn helsti sérfræðingur heims í næmisrannsóknum og príonsjúkdómum spendýra, dr. Vincent Béringue, hefur framkvæmt PMCA-næmispróf á öllum helstu arfgerðum í íslensku sauðfé frá 2022. Auk þess hefur íslenska teymið (Eyþór Einarsson, Karólína Elísabetardóttir, Stefanía Þorgeirsdóttir og Vilhjálmur Svansson), framkvæmt samanburð arfgerða í jákvæðum og neikvæðum kindum í raunverulegum íslenskum riðuhjörðum. Vincent mun kynna niðurstöður rannsóknanna á sex fræðslufundum víðs vegar um landið. Auk hans munu nokkrir íslenskir sérfræðingar halda erindi um mismunandi atriði rannsóknanna og um framtíðarhorfur. Dagskrá fundanna má sjá í meðfylgjandi töflu. */ÁL*

| Tímasetning | Staðsetning |
|---|---|
| mán. 30. okt. kl. 20:00 | Þingborg, 8 km austan við Selfoss |
| þri. 31. okt. kl. 20:00 | Hvanneyri, LBHÍ |
| mið. 1. nóv. kl. 11:30 | Hvammstangi, félagsheimilið |
| mið. 1. nóv. kl. 20:00 | Breiðamýri í Reykjadal, rétt hjá Laugum |
| fim. 2. nóv. kl. 11:30 | Svalbarð, fræðasetur um forystufé |
| fim. 2. nóv. kl. 20:00 | Egilsstaðir, Hótel Hérað |

# LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

## TÍGULL PREMIUM GARÐHÚS

TIL Á LAGER

Tígull er 15 fm auka hús í garðinn fyrir vandláta. Húsið er sterkbyggt fyrir íslenskar aðstæður.



*Ekki þarf byggingarleyfi fyrir stöðluðu húsi*

Tillögur að nýtingu



## KLETTAR HEILSÁRSHÚS

- **Klettar** eru sterkbyggð hús sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
- Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
- Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.
- Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
- Klettar eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.



**MIKLIR BREYTINGARMÖGULEIKAR**

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.






## JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



*Jöklar Flat*



*Jöklar Burst*



*Jöklar íslensku húsin*

**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is **www.landshus.is**

*Öll verð má finna á heimasíðu okkar*

LANDSHÚS

FRÉTTIR



Svokölluð framleiðendafélög munu geta unnið saman við að styrkja stöðu framleiðenda búvara. Mynd / smh

# Frumvarp um samvinnu kjötafurðastöðva

**Frumvarp um heimild kjötafurðastöðva til samstarfs hefur verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda.**

Frumvarpið felur í sér breytingu á búvörulögum og gerir ráð fyrir að fyrirtæki í eigu eða meirihlutastjórn frumframleiðenda geti unnið saman um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndum. Frumvarpinu er ætlað að styrkja stöðu framleiðenda búvara og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar.

*Samráð ekki ólögmætt*

Þriðji kafli búvörulaga verður, samkvæmt frumvarpinu, með fyrirsögninni „Framleiðendafélög“ og þar verður 5. og 6. grein bætt við. Í þeim er kveðið á um að 10. og 12. grein samkeppnislaga, um bann við ólögmætu samráði, gildi ekki um samninga milli frumframleiðenda landbúnaðarafurða. Ekki heldur samninga og ákvarðanir félaga slíkra framleiðenda sem varða framleiðslu og sölu búvöru eða sameiginlegt birgðahald, meðferð eða vinnslu búvöru – enda sé með þessu ekki sett fast verð við sölu eða samkeppni útilokuð.

Samkeppniseftirlitinu verður heimilt að mæla fyrir um að einstakir samningar eða ákvarðanir framleiðenda séu óheimilir og þeim skuli breytt eða skylt verði að láta af þeim ef talin er hætta á að samkeppni sé útilokuð.Til félaga frumframleiðenda munu teljast félög sem eru í eigu eða undir stjórn frumframleiðenda.

Sé hluti félags í eigu óskyldra aðila, getur félag engu að síður talist til félags frumframleiðenda ef frumframleiðendur eiga að lágmarki 51 prósent hlut í félaginu. Ráðherra verður heimilt að setja frekari skilyrði um framleiðendafélög í reglugerð. Þar á meðal um sérreglur, starfshætti, lágmarksfjölda félaga, félagsaðild, skyldur framleiðenda gagnvart félagi og upplýsingagjöf.

*Erfiður rekstur kjötafurðastöðva*

Sams konar frumvarp matvælaráðherra lá í desember síðastliðnum í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Það byggði meðal annars á tillögum spretthópsins frá því í júní á síðasta ári, sem ráðherra kallaði eftir vegna slæmrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið lagðist gegn þeim hugmyndum sem komu fram í frumvarpsdrögunum, um undanþágu frá grunnreglum samkeppnislaga. Var talið að undanþágan sem var ráðgerð væri umtalsvert víðtækari heldur en drögin gæfu til kynna við fyrstu sýn og næði einnig til samrunareglna. Var talið að undanþágan færi mögulega gegn ákvæðum EES-samningsins og hætta væri á að hagsmunir kjötafurðastöðva færu ekki saman við hagsmuni bænda.

Frumvarpið sem nú er lagt fram tekur mið af þeim athugasemdum sem bárust í fyrra samráðsferli. Í greinargerð með frumvarpinu núna segir að við gerð frumvarpsins hafi einkum verið horft til reglna Evrópusambandsins á þessu sviði og útfærslu á þeim í Finnlandi.

Frumvarpið sé í samræmi við áherslur sem birtast í landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sem samþykkt var á Alþingi í júní 2023. Þar komi fram að tryggja skuli með löggjöf að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og samstarfs en framleiðendur í nágrannalöndunum þar sem starfað er samkvæmt EES-löggjöf. /smh





System Edström í Svíþjóð, framleiðir hágæða hillukerfi í atvinnubíla.

Kerfin eru árekstrarprófuð og standast tímans tönn.

Sérsníðum eftir óskum hvers og eins, gerum tilboð og setjum í bílana.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is


## Neytendamál:

# Íslenskir neytendur vilja upprunamerkta matvöru

**Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna kallar eftir átaki í upprunamerkingu matvæla og tafarlausum aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við háum vöxtum.**

„Við fáum töluvert margar ábendingar varðandi matvæli en um 80% þeirra snúa að merkingum,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna. Fyrst og fremst sé verið að kalla eftir upprunamerkingum matvæla. Hún segist undrandi að sjá ekki fleiri upprunamerktar vörur hérlendis og íslenska fánann ekki notaðan meira til merkinga en raun beri vitni.

Fólk vilji sjá hvaðan varan kemur, m.a. kjöt.



Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, var með framsögu á Degi landbúnaðarins Mynd / SÁ

*Meiri sveigjanleika þörf*

Brynhildur hafði framsögu á málþingi á Degi landbúnaðarins í Hofi 13. október sl., þar sem hún fjallaði m.a. um sviðsmyndagreiningar starfshópa stjórnvalda um landbúnaðarmál. Áform væru nú um þingsályktunartillögu að stefnumótun í landbúnaði. Stefnan væri mjög opin og þangað til hún sæi aðgerðaáætlun væri mjög erfitt að segja til um hvort stefnan væri haldbær.

„Eitt af því sem hefur komið út úr öllum starfshópum sem ég hef komið að er að sveigjanleika vantar í kerfið. Með auknum sveigjanleika ætti að verða meiri fjölbreytni. Íslenskur landbúnaður stendur sig þó nokkuð vel hvað það varðar. Við erum í rauninni með ótrúlega fjölbreytta framleiðslu hér þótt hún mætti vissulega vera enn meiri,“ segir hún. Alltaf þurfi að gera þeim sem komi með nýjungar kleift að koma þeim á framfæri til að sjá hvort yfir höfuð sé eftirspurn.

*Íslenskt staðfest lofar góðu*

Hún lýsir ánægju með vinnu að Íslenskt staðfest, nýju upprunamerki fyrir íslenskar matvörur og blóm, sem nú er unnið að innleiðingu á, m.a. með fulltingi Bændasamtakanna. Aðeins verður heimilt að nota merkið á vörur sem framleiddar eru og pakkað á Íslandi. Brynhildur segir Íslenskt staðfest mikið hagsmunamál neytenda. „Upprunamerkingar eru eitthvað sem við höfum fylgst með lengi enda ýmsar merkingar verið settar af stað. Mér líst þó vel á þá vinnu sem er að baki þessu merki og finnst eins og þar sé vandað til. Ég veit að neytendur kalla eftir þessu. Þetta er löngu tímabært og við skulum vona að framleiðendur noti þetta merki því mjög margir vilja kaupa íslenskar afurðir.“

*Verður að ná vöxtum niður*

Brynhildur kallar eftir tafarlausum aðgerðum stjórnvalda varðandi hátt vaxtastig. „Ég held að mörgum bregði við hina miklu verðbólgu, sem er til komin vegna þess að vöruverð, m.a. matur, hefur hækkað,“ segir Brynhildur. „Við vitum hvernig vaxtakjör eru að leika heimilin í landinu, og ekki síður framleiðendur eins og bændur, og þá hugsar maður hvernig það muni koma til með að velta út í verðlagið. Hið háa vaxtastig er eitthvað sem við þurfum öll að hafa verulegar áhyggjur af. Það segir sig sjálft að bændur taka heldur ekki endalaust á sig auknar álögur og því ætti þetta að vera eitthvað sem stjórnvöld væru að horfa á núna og ekki gera neitt annað en að reyna að ná vöxtunum niður,“ segir hún.

Þegar kemur að innflutningi á matvælum og umræðu um fæðuöryggi hérlendis segist Brynhildur telja að stærstur hluti af matarkörfunni verði alltaf íslenskur, þótt ekki sé nema vegna fjarlægðarverndar, og eigi það við um t.d. egg og mjólkurvörur.

*Mætti auka samtalið*

Hún segir að auka ætti samtal Neytendasamtakanna og Bændasamtaka Íslands. „Kannski hefur það á köflum ekki verið nógu mikið. Hagsmunirnir fara, þrátt fyrir allt, yfirleitt saman og allir vilja íslenskum landbúnaði vel.“

Hún nefnir, sem dæmi um hvar á steyti, frumvarp sem er nú í samráðsgátt stjórnvalda þar sem lagt er til að fyrirtækjum sem eru í eigu eða undir meirihlutastjórn frumframleiðenda verði heimilt að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti. „Þetta er mjög viðkvæmt og eitthvað sem við hræðumst frekar fyrir hönd neytenda, þótt við skiljum í rauninni hvaðan bændur koma í þessu máli.“ Tollverndin sé annað mál. „Það er mikil verndarstefna á Íslandi og það geta verið hagsmunir neytenda að hafa meira úrval og geta keypt mat á lægra verði, sem dæmi.“ Skoða beri fremur 15. gr. samkeppnislaga sem í rauninni heimili samráð og láta reyna á það fyrst. „En sem betur fer erum við og Bændasamtökin líka með mikið af sameiginlegum flötum. Við viljum öll hafa öflugan landbúnað.“ /sá

## Fuglaflensa:

# Fyrsta tilfellið í æðarfugli

**Fyrsta tilfellið af skæðri fuglaflensu hefur nú verið staðfest í æðarfugli við Íslandsstrendur.**

Matvælastofnun tilkynnti um það í byrjun október að dauður æðarfugl í Ólafsfirði hafi reynst vera með sama sjaldgæfa veirustofn af flensunni og fannst í dauðum haferni um miðjan september.

Veirurnar sem greindust nú í haferninum og æðarfuglinum eru af stofninum HPAI H5N5 sem ekki hefur áður greinst hér á landi. Veirustofninn, sem hefur verið ríkjandi í Evrópu frá árinu 2021 og herjaði á íslenskar fuglategundir síðastliðið vor, er af gerðinni HPAI H5N1. Brigitte Brugger, sérgreina-dýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að almennt séu tilkynningar nú fátíðar frá almenningi hérlendis um fund á veikum eða dauðum villtum fuglum og því ekki vísbending um alvarleg áföll í villtum fuglum nú í haust. „Allar skæðar fuglaflensuveirur HPAI af gerðinni H5 – og reyndar líka H7 – eru sjúkdómsvaldandi fyrir fugla.

Þó er misjafnt hversu næmir villtir fuglar eru fyrir sjúkdóm, eða



Æðarfugl heldur sig á sjó nema á varptímanum. Mynd / Æðarræktarfélag Ís.

með öðrum orðum hversu meinvirk tiltekin arfgerð H5 veirunnar er fyrir villta fugla. Það er gengið út frá því að þessi veira H5N5 geti verið jafnskæð og H5N1, en er með litla útbreiðslu í heiminum eins og er,“ segir Brigitte. Hún biðlar til almennings um að láta Matvælastofnun vita ef veikir og dauðir villtir fuglar finnast.

„Við höfum ekki heyrt um staðfesta fuglaflensu í æðarfugli nema í þessu eina tilfelli,“ segir Margrét Rögnvaldsdóttir, formaður Æðaræktarfélags Íslands. „Við erum með leiðbeiningar á heimasíðunni okkar frá Matvælastofnun um hvernig bregðast eigi við ef fólk finnur dauða fugla. Þessum leiðbeiningum hefur verið dreift til æðarbænda. Þegar fuglaflensan kom hingað þá höfðum við samband við stofnunina og þeir sögðu að þessar leiðbeiningar væru enn í fullu gildi.

Stjórn Æðaræktarfélags Íslands hefur fylgst með þróun mála en þar sem æðarfuglinn heldur sig alfarið á sjó nema á varptímanum, þá verðum við að sjá hvað gerist í vor.“ /smh


Við fjármögnum
atvinnutæki
Lykill
Fjármögnun

FRÉTTIR


Álftir á túnum í Eyjafirði. Á síðustu fjórum árum hefur verið greitt fyrir tjón á 418,4 hektara landi, árið 2021 fyrir 138,9 ha en aðeins fyrir 47,6 ha í fyrra. Mynd / sá

## Ágangur fugla:

# Tillaga um veiðar fær ekki brautargengi

**Árlega valda álftir, gæsir og helsingjar skaða á túnum og kornökrum bænda sem verða af uppskeru vegna þeirra.**

Þeir hafa tækifæri til að sækja um styrki vegna tjónsins með því að skila tjónamati fyrir 20. október hvert ár í gegnum Afurð, stafrænt stjórnsýslukerfi matvælaráðuneytisins.

Á síðustu fjórum árum hefur verið greitt fyrir tjón á 418,4 hektara landi, samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu, en til að bændur fái greitt fyrir tjón þurfa þeir að skila inn tjónamati. Mikill munur er á milli ára en langminnst var greitt fyrir tjón í fyrra. Í skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins frá árinu 2016 um tjón af völdum álfta og gæsa árin 2014 og 2015 kemur fram að margir bændur tilkynni ekki um tjón í ljósi þess að lítið hafi áunnist í þeirri viðleitni að fá tjón viðurkennt, bætt eða að þeir fái ný úrræði til að verjast tjóninu.

Fimm þingmenn lögðu í september fram tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma. Þar er farið þess á leit að ráðherra útbúi tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða á fuglunum á kornökrum og túnum innan tiltekins tímaramma ár hvert. Leyfin yrðu þá veitt þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna verulegs ágangs fugla á tún og kornakra.

Þingsályktunartillagan er byggð á nær samhljóma tillögum sem voru lagðar fram á þremur síðustu löggjafarþingum. Í niðurlagi þingsályktunartillögunnar segir að flutningsmenn telji nauðsynlegt að setja markmið um stærð stofna álfta og gæsa. „Þá er mikilvægt að til verði skýr heimild og áætlun um veiðar á álft og gæs í því skyni að minnka tjón bænda, hvort sem hún felur í sér breytingar á lögum eða eftir atvikum reglugerðum þar að lútandi. Samhliða þessari aðgerð verði gerð áætlun um að tryggja vernd stofnanna."

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að álftin hafi verið friðuð frá árinu 1913 en álftastofninn hafi stækkað verulega. Um 1960 hafi stofninn talið 3-5 þúsund fugla en sé nú talinn um 34.000 fuglar. Einnig kemur fram að stofnstærð grágæsa sé kringum 60.000 fuglar, stofnstærð heiðagæsar sé í sögulegu hámarki og telji nú um 500.000 fugla og varpstofn helsingja hafi einnig fjölgað mikið og sé ekki á válista.

*/ghp*


AUGLÝSING UM SKIPULAG

**Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru í kynningu í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 16. október til og með 30. október 2023:**

Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst lýsing á deiliskipulagi fyrir Langárbyrgi veiðihús við Langá í Borgarbyggð sem var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 10. október sl.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga er auglýst skipulagslýsing á breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir Varmaland þar sem hluti íbúðarsvæðis Í4 er breytt í verslunar- og þjónustusvæði S8 og var samþykkt sveitarstjórn þann 12. október sl.

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga eru auglýstar eftirfarandi vinnslutillögur að breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 sem voru samþykktar í sveitarstjórn 12. október sl.:

- **Signýjarstaðir,** hluti frístundasvæðis F108 breytt í verslunar- og þjónustusvæði.
- **Borgarnes,** íbúðarsvæði Í12 stækkað og legu Hringvegar við Borgarnes breytt. Íbúafundur verður haldinn síðar á kynningartíma sjálfrar tillögunnar.

**Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru í kynningu í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 19. október til og með 2. desember 2023:**

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur sem samþykktar voru í skipulags- og byggingarnefnd 10. október sl.

- **Borgarnes,** breyting á deiliskiplagi fyrir Bjargsland, þyrping 8 og 9 frá árinu 2001 m.s.br. Breytingin á við um lóðir í Stekkjarholti og nýjar lóðir við Kvíaholt í Borgarnesi.
- **Kleppjárnsreykir**, nýtt deiliskipulag fyrir skólasvæði og aðliggjandi svæði að Kleppjárnsreykjum í Borgarbyggð.

Nánari upplýsingar um framangreindar áætlanir eru í skipulagsgáttinni (www.skipulagsgatt.is) og á heimasíðu sveitarfélagsins (www.borgarbyggd.is). Einnig er hægt að panta viðtal hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar eða athugasemdir við ofangreindar áætlanir á kynningartíma þeirra. Skal þeim skilað inn í skipulagsgáttina eða senda skriflega til þjónustuvers Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borganesi, b.t. skipulagsfulltrúa.

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og geta meðal annars nöfn íbúa birst í fundargerðum.

**Borgarbyggð, 19. október 2023.**

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**

BORGARBYGGÐ


# Áfram fylgst með þróun á áburðarmörkuðum

## – Verðlækkanir á heimsmörkuðum með hrávöru til fóður- og áburðargerðar

**Á hagtölusíðu síðasta tölublaðs Bændablaðsins var veitt yfirlit yfir þróun verðs á hrávörum til áburðar- og fóðurgerðar á heimsmörkuðum.**

Þar mátti sjá að sé litið til síðustu 12 mánaða hafa talsverðar verðlækkanir orðið á flestum hráefnum. Íslenskir fóðursalar hafa lækkað sitt verð nokkuð að undanförnu, en áburðarsalar bíða átekta eftir frekari lækkunum vegna kaupa fyrir næsta ár.

Í greiningu Unnsteins Snorra Snorrasonar á hagtölusíðunni kemur fram að þótt hrávöruverð hafi lækkað á undanförnum mánuðum sé verð enn miklu hærra en það var árin 2015 til 2019. Segir hann gífurlegar verðhækkanir á síðasta ári vera helstu ástæðuna.


Áburðarsalar fylgjast vel með þróun verðs á heimsmörkuðum. Mynd / ÁL

### *Lækkanir á helstu hráefnum í kjarnfóðurgerð*

Elías Hartmann Hreinsson hjá SS segir lækkanir hafa orðið á helstu hráefnum í kjarnfóður hjá Sláturfélagi Suðurlands. „Við tilkynntum, fyrstir allra fóðursala hér á landi, verðlækkun á öllu nautgripafóðri frá DLG þann 18. september síðastliðinn. Verðlækkun var mismunandi eftir tegundum, frá sex til tíu prósent. Fóðurverð hafði ekki tekið breytingum hjá okkur síðan 5. október 2022 en við festum verð á fóðri oft til langs tíma þegar það er talið hagstætt fyrir bændur. Verð á hráefnum til fóðurgerðar getur tekið breytingum og þá oft með stuttum fyrirvara og því erfitt að spá fyrir um verðþróun á einstökum hráefnum fram í tímann."

Hólmgeir Karlsson, hjá Bústólpa, segir greiningu Unnsteins vera í takti við það sem hann sjái við innkaup á fóðurhráefnum. „Gengi krónunnar hefur líka verið hagstætt að undanförnu þó það halli aðeins til verri vegar aftur nú síðustu dagana. Við náðum að lækka allt okkar fóður umtalsvert seinnihluta september vegna hagstæðari innkaupa. Hvað svo er í kortunum áfram er erfitt að spá um. Við kaupum ekki fóðurhráefnin langt fram í tímann þannig að við erum meira að spá í þróunina frá viku til viku."

Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir hjá Líflandi segir að félagið hafi tilkynnt um verðlækkun á fóðri frá og með 27. september síðastliðnum. „Lækkunin nam fjórum til tíu prósentum á kjarnfóðri fyrir mjólkurkýr og nautgripi."

### *Heimsmarkaðsverð lægra en í fyrra*

Úlfur Blandon hjá Fóðurblöndunni segir að verðlækkun hafi orðið á fóðri hjá þeim í lok síðasta mánaðar þar sem þeirra helstu tegundir tóku allt að níu prósenta lækkun. Í yfirlitinu á hagtölusíðunni sést að heimsmarkaðsverð á köfnunarefni hefur lækkað mest, eða um 65 prósent á síðustu tólf mánuðum.

Elías Hartmann segir að köfnunarefni hafi hækkað umtalsvert meira en fosfór og kalí í kjölfar innrásar Rússlands inn í Úkraínu. „Við lækkun á gasi hefur verð á köfnunarefni lækkað. Erfitt er að segja til um hvort lækkun á áburði á erlendum mörkuðum sé að fullu komin fram. Ekki þarf meira til en kaldan vetur í Evrópu svo gas hækki og þar með framleiðslukostnaður á köfnunarefni sem gæti breytt stöðunni hratt. Einnig er enn mikil óvissa með framvindu stríðsins í Úkraínu og nú fyrir botni Miðjarðarhafs, sem getur haft áhrif til hækkunar á olíu sem getur leitt til hækkunar á áburði. Við fylgjumst vel með þróun áburðarverðs og erum í nánu samstarfi við YARA um hvenær hagkvæmt sé að loka samningum vegna áburðarkaupa," segir hann.

Ingibjörg Ásta segir að varðandi áburð og rúlluplast eigi Lífland nú í samtölum við birgja og fylgist með þeim mörkuðum. „Eins og staðan er gætir nokkurrar lækkunar milli ára í báðum vöruflokkum. Hvernig umræddar lækkanir skila sér inn á okkar markað mun skýrast betur á næstu vikum og mánuðum."

Úlfur Blandon segir að fylgst sé með þróuninni á erlendum mörkuðum. „Það hafa verið töluverðar sveiflur á erlendum mörkuðum í áburðinum en þó alltaf í jákvæða átt, en eins og staðan er í dag er heimsmarkaðsverð töluvert lægra heldur en á sama tíma í fyrra."

*/smh*

# Miðfjarðarbændur neita enn að afhenda fé

**Bændur á Neðra-Núpi í Miðfirði ætla á næstu dögum að senda þær níu gimbrar í sláturhús sem Matvælastofnun hefur krafið þá um að afhenda stofnuninni til förgunar.**

Gimbrarnar voru keyptar frá Urriðaá, þar sem allt fé var skorið niður í vor í kjölfar riðutilfellis sem staðfest var á bænum.

Guðmundur Þorbergsson, bóndi á Neðra-Núpi, segir að þessar gimbrar séu í eigu sonar hans, Kristjáns Svavars. „Þetta er eina féð sem er í hans eigu sem er hér hjá mér, en ég er sjálfur með um 100 kindur. Þessar gimbrar hafa nú ekki allar skilað sér hér úr smalamennsku, en það stóð til að senda þær í sláturhús í lok vikunnar eða í byrjun næstu viku.

Eftir því sem ég best veit þá eru tekin sýni í sláturhúsinu, einhverjar stikkprufur frá flestum bæjum þar sem kannað er hvort einhver riðusmit eru."Matvælastofnun hefur litið svo á að með því að afhenda ekki féð, stofni bændurnir ekki aðeins heilsu sinna dýra í hættu heldur einnig heilsu sauðfjár í eigu annarra sem hefur samgang við þeirra fé.



Samkvæmt dýrasjúkdómalögum sé refsivert að brjóta gegn fyrirmælum gefnum samkvæmt lögum.

Forsaga málsins er að Matvælastofnun féllst á andmæli bænda í maí við því að afhenda gripina á sauðburðartíma.Í lok maí náðist svo samkomulag við flesta sauðfjárbændur í Miðfjarðarhólfi um að afhending á gripum sem voru komnir frá Urriðaá yrði ekki síðar en 19. júní. Bændur á bænum Barkarstöðum í Miðfirði eiga hrút frá Urriðaá sem þeir hafa ekki látið af hendi. Guðmundur segir að ástæðan fyrir því að þeir feðgar kjósa að afhenda ekki féð byggi í raun á lögfræðiáliti sem þeir fengu í millitíðinni, þar sem fram kemur að margt orki tvímælis lögfræðilega í þessu máli öllu. „Ýmislegt í vinnubrögðum Matvælastofnunar hefur líka farið illa í okkur, til dæmis heyrðum við það bara í útvarpinu að það væri búið að kæra okkur til lögreglu – sem okkur þykir vera vinnubrögð af verstu gerð. Það er ekki rétt sem haft hefur verið eftir héraðsdýralækni að um 14 kindur sé að ræða, þær voru upphaflega tíu en ein er reyndar dauð.

Við höfum undrast að hafa ekki heyrt frá neinum í allt sumar, hvorki frá Matvælastofnun né lögreglu eða saksóknara. Þetta fólk hefur greinilega nóg annað að gera en að vera að eltast við svona vitleysu," segir Guðmundur.

Einar Örn Thorlacius, lögfræðingur hjá Matvælastofnun, segir að saksóknari hafi lagt spurningar fyrir stofnunina varðandi þetta mál sem á eftir að svara. Lögin um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim séu orðin 30 ára gömul og verið sé að kanna skýrleika þeirra um þetta efni.

*/smh*

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira*

## **Happier GUTS** frá Eylíf

• Gott fyrir meltinguna og við meltingartruflunum. Kalsíum stuðlar að eðlilegri starfsemi meltingarensíma. Laktasa ensím bæta meltingu hjá einstaklingum sem eiga erfitt með að melta laktósa. Króm og Sink stuðla að eðlilegum efnaskiptum orkugefandi næringarefna. C-vítamín og Joð stuðla að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum. Sink stuðlar að eðlilegum efnaskiptum fitusýra. Sink og C-vítamín stuðla að því að verja frumur fyrir oxunarálagi.

• Góð næring fyrir þarmaflóruna. Varan inniheldur Kítósan sem eru náttúrulegar trefjar úr rækjuskel og hafa rannsóknir sýnt að þarmaflóran nýtur góðs af.

• Verndar beinin og mýkir húðina. Kalsíum er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina og tanna. C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega myndun húðar. Magnesíum stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og tanna.

• Góð steinefnaviðbót, kalkþörungarnir innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunnar hendi. Kalkþörungarnir og GeoSilica kísillinn innihalda stein- og snefilefni. Athugið að gott er að taka D-vítamín á öðrum tíma dags, ekki samtímis.

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Kristín Rögnvaldsdóttir

## Árangurinn eins og í lygasögu

Kristín Rögnvaldsdóttir hefur glímt við meltingartruflanir og ristilvandamál í áratugi. Það hefur oft háð henni þegar hún fer í göngur á hálendið sem hún gerir á hverju sumri. Kristín hefur reynt margt, breytt mataræðinu og notað ýmis náttúrulyf sem hafa hjálpað en aldrei neitt eins og **Happier GUTS** frá Eylíf.

„Þótt ég vilji ekki vera með stórar yfirlýsingar þá var þetta eins og í lygasögu fyrir mig," segir hún. „Mér hefur aldrei áður liðið jafn vel á göngu og núna í sumar eftir að ég byrjaði að taka **Happier GUTS**. „Mér leist mjög vel á innihaldsefnin og það skiptir miklu máli að **Happier GUTS** er unnið úr hreinum íslenskum náttúruauðlindum. Ég reyni alltaf að velja íslenskt þótt maður þurfi oft að borga aðeins meira fyrir þær vörur," segir hún. „Það er ekki spurning að ég mun halda áfram að taka inn **Happier GUTS** frá Eylíf."

Kristín hreyfir sig mikið allt árið og er meðvituð um að huga vel að heilsunni. Hún er í gönguklúbbi, syndir, stundar leikfimi á veturna og segist stefna að því að verða hraust gamalmenni. „Ég kynntist **Happier GUTS** áður en ég fór í ferðina í sumar. Ég var á leið í fjögurra daga göngu um hálendið og þar sem aðgengi að salerni er takmarkað í slíkum göngum vill ristillinn stundum fara í rugl. Ég er ekki að ýkja þegar ég segi að ég hef aldrei fundið jafn mikla breytingu á líðan minni og eftir að ég byrjaði að taka **Happier GUTS** frá Eylíf. Það var ótrúlega skrítið að finna mun svona fljótt," bætir hún við. „Þetta var næstum of gott til að vera satt. Ég tók tvö hylki með morgunmatnum og gönguferðin gekk mjög vel," segir Kristín. „Þegar maður er á göngu breytist mataræðið, til dæmis er meira borðað af brauði en venjulega sem hefur áhrif á meltinguna," útskýrir Kristín sem getur svo sannarlega mælt með **Happier GUTS.**

Meltingin og þarmaflóran skiptir miklu máli fyrir andlega og líkamlega heilsu. **Happier GUTS** stuðlar að heilbrigði þarmanna og kemur í veg fyrir meltingartruflanir.



Már Guðnason

## Betri lífsgæði með Active JOINTS

Már Guðnason húsasmiður hefur starfað við álagsvinnu í gegnum árin. Nú þegar hann er kominn á eftirlaun hafa komið fram ýmis eftirköst erfiðisins. Már hefur fundið út að **Active JOINTS** frá Eylíf reynist vel til að bæta lífsgæðin.

Már segist hafa verið sérstaklega slæmur í hálsliðum. „Ég er lærður húsasmiður en er eiginlega alt muligtmaður," segir hann. „Get eiginlega aldrei verið aðgerðalaus og er alltaf að dunda mér við eitthvað, hvort sem það eru endurbætur hér heima, að hjálpa vinum og vandamönnum eða vinna í garðinum" segir Már. „Ég var alltaf í átaksvinnu, aðallega í virkjunum. Það hefur komið niður á líkamanum en ég hef verið sérstaklega slæmur í hálsinum. Ég vann lengi í járnabindingum og oft með mikil þyngsli í höndunum. Það reynir á skrokkinn og kemur fram þegar maður eldist," segir hann.

„Ég sá auglýsingu frá Eylíf um **Active JOINTS** og hugsaði með mér að það væri nú allt í lagi að prófa þetta. Það var í mars 2020. Eftir fjórar vikur var ég farinn að finna fyrir að eitthvað var að breytast og eftir fjóra mánuði var ég orðinn töluvert betri. Ári seinna var ég hættur að finna fyrir verkjunum í hálsinum. Fyrir mér er þetta kraftaverk og lyginni líkast. Ég fékk nýtt líf. Engar verkjatöflur og mér gekk vel að sofna á kvöldin. Í rauninni er ég laus við verkina," segir Már, sem tekur þrjú hylki á dag og ætlar sannarlega að taka **Active JOINTS** frá Eylíf áfram.

### Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
### Íslensk framleiðsla
### Heilsan er dýrmætust




EYLÍF

FRÉTTIR

# Skjót viðbrögð ráðherra

**Smáframleiðendur munu ekki þurfa að sækja um sérstakt starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits til að geta tekið þátt í matarmarkaði, öðlist drög að breytingu að reglugerð gildi.**

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins skrifaði Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla, grein þar sem hún gagnrýndi þá túlkun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á lögum um matvæli að þeim sé skylt að krefjast þess að framleiðendur forpakkaðra matvæla þurfi að sækja um tímabundið starfsleyfi til að taka þátt í matarmarkaði. Matvælaráðuneytið hefur nú kynnt til samráðs í Samráðsgátt drög að breytingu á reglugerð um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum. Lagt er til að sú reglugerð gildi einnig um sölu matvælaframleiðenda sem hafa gilt starfsleyfi frá sínu heilbrigðisumdæmi á forpökkuðum matvælum á matarmörkuðum þar sem skipuleggjendur/ábyrgðaraðilar markaðarins eru með leyfi frá heilbrigðiseftirlit svæðisins fyrir viðburðinum. Er það í takt við tillögu sem Oddný Anna segir að Samtök smáframleiðenda hafi lagt til í tölvupósti til ráðuneytisins og í samræmi við það sem fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sögðust einnig hafa lagt til. Hægt er að senda til umsagnir til 26. október. */ghp*



Sauðfjárbændur eru þátttakendur í margvíslegum verkefnum sem styðja við vistkerfisnálgun.

# Kjörbúðin áfram á Hellu

**Engin óvissa er um framtíð Kjörbúðarinnar á Hellu, að sögn Gunnars Egils Sigurðssonar, forstjóra Samkaupa, sem rekur verslunina.**

„Rekstrarkostnaður er að aukast gríðarlega mikið í okkar rekstri og allt þetta ár hefur okkar starfsfólk unnið frábært starf í kostnaðaraðhaldi sem hefur orðið til þess að við höfum ekki hækkað útsöluverð í takt við hækkun innkaupsverða. Verðbreytingar birgja og framleiðenda eru fordæmalausar og höfum við móttekið tæplega 600 tilkynningar um verðbreytingar birgja og framleiðenda og flest allar eru það hækkanir," segir Gunnar.

Í 16. tbl. Bændablaðsins sagði Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, formaður byggðarráðs Rangárþings ytra, að íbúar kvörtuðu undan háu vöruverði í þessari einu matvöruverslun Hellu. Gunnar Egill segir Kjörbúðina bjóða upp á nauðsynjavörur til heimilisnota sem eru á samkeppnishæfu verði við lágvöruverslanir.

„Þannig hefur Kjörbúðin stuðlað að hagkvæmum innkaupum í dreifðu byggðum landsins, boðið upp á mikið af góðum tilboðum og vörur í eigin inn flutningi á lægra verði." Hann bendir einnig á að hægt sé að fá 2% afslátt af matarkörfunni og aðgang að sértilboðum ef verslað sé í gegnum smáforrit Samkaupa.



**Kjörbúðin á Hellu.** Mynd / mhh

Samkaup rekur verslanir Kjörbúðarinnar á sextán stöðum kringum landið. Einnig rekur fyrirtækið dagvöruverslanirnar Nettó, Krambúðina og Iceland. Samkaup keypti rekstur og starfsemi verslunar Krónunnar á Hellu árið 2021 en Krónunni bar að selja verslunina vegna mikils markaðsstyrks á svæðinu og í því skyni að efla samkeppni á dagvörumarkaði skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins árið 2019. */ghp*





Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2023. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).

Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is


# Vistkerfisnálgun stuðlar að líffræðilegri fjölbreytni

## – Bændur styðja við nálgunina í gegnum fjölmörg verkefni

**Fjallað var um hugtakið „vistkerfisnálgun" í sambandi við umgengni við og nýtingu á náttúru og auðlindum Íslands á málþingi matvælaráðuneytisins og BIODICE á dögunum.**

Markmiðið með málþinginu var að vekja athygli á hugtakinu og hlutverki þess í stefnumótun matvælaráðuneytisins. Mun efni þingsins verða nýtt í aðgerðaráætlunum ráðuneytisins.

BIODICE er samstarfsvettvangur sem hefur að markmiði að efla þekkingu og skilning á líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi, í því skyni að mæta áskorunum vegna hruns líffræðilegrar fjölbreytni í heiminum og hnignunar vistkerfa.

### *Vistkerfisnálgun í landbúnaði*

Í þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, sem samþykkt var á Alþingi í sumar, er tiltekið sérstaklega að stuðlað verði að líffræðilegri fjölbreytni með vísindi vistkerfisnálgunar að leiðarljósi.

Landbúnaðurinn átti tvo fulltrúa í hópi fyrirlesara; Sigurð Torfa Sigurðsson, ráðunaut í umhverfis- og landnýtingarmálum hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, og Oddnýju Steinu Valsdóttur, bónda í Butru í Fljótshlíð. Þau fluttu tíu mínútna erindi hvort um reynslu sína af auðlindanýtingu í sátt við náttúruna og vistkerfisnálgun.

Sigurður Torfi sagði að störf bænda væru mjög fjölbreytt en byggðu alltaf á einhverri landnotkun og samspili við náttúru og vistkerfi. Þeir væru gæslumenn lands sem vildu standa vörð um landgæði og sjálfbæra nýtingu auðlinda – þótt þeir kannski notuðu önnur orð í stað vistkerfisnálgunar. Samt sem áður vanti almennt í landbúnaði heildstæða áætlun um landnýtingu.

Bændur ynnu að ýmsum verkefnum sem tengjast náttúrulegum vistkerfum í samstarfi við opinbera aðila, til lengri eða skemmri tíma. Dæmi um slík langtímaverkefni væru Bændur græða landið og Skógrækt á lögbýlum, verkefni til skemmri tíma væru til dæmis Betra bú, Fegurri sveitir og Landbúnaður og náttúruvernd. Loftslagsvænn landbúnaður og Kolefnisbrúin væru svo dæmi um loftslagsverkefni.

### *Löng hefð af samstarfi við bændur*

Sigurður sagði að löng hefð og reynsla væri fyrir hendi varðandi samstarf bænda, sérfræðinga ríkisstofnana og stjórnvalda. Reynslan hefði yfirleitt verið jákvæð af slíkri samvinnu og hægt væri að ná góðum árangri þegar styrkleikar allra eru nýttir. Það sem vantaði væri skýr stefna um vistkerfanálgun, sérstaklega þegar kæmi að samvinnu aðila. Einnig þyrfti að huga vel að aðferðarfræðinni við vistkerfisnálgunina, til dæmis hvort hún ætti að vera aðgerðartengd, árangurstengd eða blanda af báðu.



**Oddný Steina Valsdóttir, bóndi í Butru í Fljótshlíð, flytur erindi sitt um vistkerfisnálgun bóndans.**

Sigurður Torfi benti á að fjárfesting í þekkingu væri í sjálfu sér góð, en það þurfi úthald í að halda henni við og hún sé fljót að úreldast. Einnig þyrfti að hafa í huga að þekking skili sér ekki alltaf alla leið, stundum vanti viðtaka eða skilvirkni í ferlum.

Hann sagði í lok erindis síns að samtal allra hagaðila væri mikilvægt þegar kæmi að slíkri stefnumótun, samtölin þurfi að eiga sér stað á jafningjagrunni og á tungumáli sem allir skilji. Stefnumótun stjórnvalda þurfi að fylgja aðgerðaráætlun sem byggir á bestu þekkingu og reynslu hverju sinni.

### *Vistkerfisnálgun bóndans*

Oddný Steina veitti innsýn inn í vistkerfisnálgun af sjónarhóli bónda. Hún sagðist þurfa að byrja á að játa að hafa verið efins um hvort hún ætti að þiggja það að tala á málþinginu þar sem henni þætti hugtakið vistkerfisnálgun ekki nægilega skýrt og ekki hjálplegt til að jarðtengja viðfangsefnið. Hún hafi hins vegar komist á þá skoðun að það væri til bóta fyrir umræðuna um þessi mál að bjóða upp á samtal og byggja upp gagnkvæman skilning.

Hún tíundaði fjölmörg verkefni sem þau á Butru væru þátttakendur í og styddu vistkerfanálgun.

Þar voru nefnd landbótarverkefnin Landgræðsla með lífrænum úrgangi, Bændur græða landið og Landbótasjóðsverkefni, loftslagsverkefnið Loftslagsvænn landbúnaður, Kolefnisbrúin er verkefni um kolefnisbindingu í skógi og önnur þrjú landbótarverkefni undir stjórn fjallskilanefndar Fljótshlíðar.

Oddný talaði svo aðeins meira um nokkur verkefnanna og hvernig staðið væri að landbótaverkefnum heima á bænum í samvinnu við Landgræðsluna. Mikill árangur hefði náðst. Sagði hún að í flestum tilvikum væru í þessum verkefnum fjárhagslegir hvatar fyrir bændur og það væri vissulega hvatning þá fyrir bændur til að gera betur og vera stórtækari.

Hún sagði að í Loftslagsvænum landbúnaði væri tekið heildstætt á bústjórn með loftslagsvænum hætti. Kolefnisbrúin væri verkefni Bændasamtaka Íslands í vinnslu þar sem framleiddar yrðu vottaðar kolefniseiningar til sölu. Markmiðið væri tvíþætt; annars vegar hreinlega að binda kolefni og hins vegar stæðu vonir til að verkefnið gæti rennt styrkari stoðum undir búreksturinn í framtíðinni. Hún væri samt hugsi yfir slíkum verkefnum því ásamt því að geta orðið að eins konar búgrein fyrir bændur í framtíðinni þá væri hætta á því að fjárfestar myndu í auknum mæli sýna löndum bænda áhuga fyrir slík verkefni sem gæti haft þau áhrif að búskapur legðist af. Mikilvægt væri fyrir stjórnvöld og sveitarfélög að vera vel vakandi fyrir þessari hættu.

### *Sauðfjárbeit getur verið góð fyrir vistkerfi*

Undir lok síns erindis ræddi Oddný um sauðfjárbeit og sagði að margir afgreiddu hana bara sem neikvæðan áhrifaþátt. Algengt væri að heyra fullyrðingar um að beit haldi alltaf aftur af gróðurframvindu – að þar sem beitarland sé í góðu og slæmu ástandi þá sæki féð alltaf inn á landið sem er í slæmu ástandi. Hún heyri líka gjarnan að til að auka kolefnisbindingu, þá bara dugi að friða. Þetta sé alls ekki algilt og ekki í samræmi við það sem hún upplifi.

Hún tók því næst nokkur dæmi úr sínu nánasta umhverfi þar sem beit hefur einmitt haft þveröfug áhrif þegar borin eru saman friðuð og beitt svæði. Hún tekur samt fram að hún sé þeirrar skoðunar að beit sé alls ekki alltaf til góðs. Það sé hins vegar mikilvægt að gefa þessum málum betri gaum og þegar sett séu beitarviðmið þá séu þau rökrétt og sanngjörn. Þannig að þau sem þurfa að nota viðmiðin sjá rökin á bak við þau.

Nálgast má upptöku frá málþinginu í gegnum vef matvælaráðuneytisins. */smh*


Íslenskar ullaryfirdýnur
í mörgum stærðum
Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

FRÉTTIR

# Matvælaeftirlit yrði á ábyrgð MAST

**Heilbrigðiseftirlit munu færast til stofnana ríkisins verði að tillögum starfshóps um fyrirkomu lag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.**

Það er niðurstaða skýrslu sem Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra boðaði til kynningar um málefnið sl. þriðjudag.

Tillagan felur í sér að allt eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum ásamt matvælaeftirliti verði hjá stofnunum ríkisins. Í dag er dagleg framkvæmd eftirlitsins að verulegum hluta í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en meginábyrgð á framkvæmd og samræming hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun.

„Það er ljóst eftir mörg og ítarleg samtöl við aðila sem eftirlitið snertir frá ýmsum hliðum að ósamræmi í framkvæmd eftirlits er of mikið, stjórnsýsla er of flókin og yfirsýn skortir," segir í skýrslunni.

Í tillögu starfshópsins er hins vegar gert ráð fyrir því að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum færist frá heilbrigðiseftirliti


Breyting verður á eftirliti með matvælum og hollustuháttum.

til Umhverfisstofnunar og eftirlit með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar. Telur hópurinn að sú sviðsmynd sé líklegust til að tryggja nauðsynlega samræmingu, að því er fram kemur í skýrslunni.

Þar kemur jafnframt fram að horft hafi verið til byggðarsjónarmiða varðandi mögulega færslu verkefna frá sveitarfélögum til ríkisstofnana. „Að því gefnu að starfsfólk sem nú sinnir opinberu eftirliti hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga fái forgang um störf hjá miðlægum eftirliststofnunum telur starfshópurinn þá hættu vera óverulega að opinberum störfum á landbyggðinni fækki." */ghp*

# Málþing Jóni til heiðurs

**Málþing til heiðurs Jóni Bjarnasyni frá Bjarnarhöfn, fyrrum rektors Háskólans á Hólum, verður haldið að Hólum í nóvember af tilefni áttræðisafmælis Jóns í desember.**

Nokkrir vinir og velunnarar Jóns ásamt Háskólanum á Hólum efna til málþingsins en efnistök þess verða með skírskotun í sögu skólahalds á Hólum. „Umfram allt verður sjónum beint að þeim verðmætum sem háskóli í dreifbýli býr yfir og tækifærum sem nábýli skólans við náttúru, mannauð og atvinnulífið bjóða fram," segir í tilkynningu frá skipuleggjendum.

Þar segir að Jón hafi verið fenginn til að endurreisa Bændaskólann að Hólum í Hjaltadal árið 1981 og hann hafi flutt þangað með konu sinni, Ingibjörgu Kolku, og börnum. Skólinn hafði þá ekki starfað um hríð en hann var stofnaður 1882. „Ég blandast hugur um hve mikið þrekvirki Jón vann á skólastjóraárum sínum á Hólum. Staðurinn var í niðurníðslu, byggingar, ræktun og skólastarf. Á fáum árum risu ný mannvirki og eldri byggingar voru endurbættar. Dómkirkjunni og kirkjustarfi var sýndur mikill sómi.


Háskólinn á Hólum í Hjaltadal. Mynd / Aðsend

Aðsókn að Hólaskóla varð mikil og samhliða aðlagaðist námið að breyttum aðstæðum í samfélaginu. Nám í fiskeldi, hestamennsku og síðar ferðamálum litu dagsins ljós. Þetta eru þær greinar sem Háskólinn á Hólum byggir nú háskólanám sitt á og eru mikilvægar atvinnugreinar um land allt, ekki síst í hinum dreifðu byggðum," segir jafnframt í tilkynningunni. Jón lét af skólastjórn árið 1999.

Málþingið mun fara fram á Hólum í Hjaltadal þann 16. nóvember kl. 9–16. Kaffiveitingar og hádegismatur verða í boði fyrir gesti. */ghp*


Neytendur eru þreyttir á plastumbúðafarganinu sem fylgir grænmetiskaupum og raunar öllum varningi. Það gerir erfitt um vik að minnka plastúrgang frá heimilum. Matís skoðar nú aðferðir til að minnka plastið. Mynd /sá

## Matís:

# Vilja leysa grænmetið undan plastfargani

**Hávær krafa hefur verið uppi um að plastumbúðir á grænmeti séu minnkaðar og nú er leitað leiða til að bregðast við.**

Þeim sem vilja lágmarka plastnotkun sína blöskrar allar þær plastumbúðir sem fylgja grænmetiskaupum og biðja um umhverfisvænni og jafnframt minni pakkningar. Matís tók fyrir fáum misserum það verkefni á arma sína að leita leiða til að mæta þessu. Verkefninu er ætlað að byggja upp hnitmiðaða þekkingu á valkostum fyrir pökkun grænmetis.

### *Geymsluþolsprófanir og kolefnissporsmælingar*

Verkefninu er, skv. upplýsingum frá Matís, skipt í fjóra meginþætti. Í fyrsta lagi verði byggð upp þekking á pökkunaraðferðum og umbúðum fyrir grænmeti. Hyggst Matís leggja vinnu í að afla þekkingar á þessu sviði til að miðla henni á heildstæðan hátt til atvinnulífsins.

Í öðru lagi verða gerðar geymsluþolsprófanir á grænmeti í mismunandi umbúðum. Verður Matís þar í samvinnu við framleiðendur. Í þriðja lagi verða unnir útreikningar á kolefnisspori grænmetis og útvegar Deild garðyrkjubænda þar verkfærin en mælingar verða framkvæmdar á vegum garðyrkjubænda.

Í fjórða og síðasta lagi verður farið í kynningu á verkefninu. Litið er á það sem meginatriði að miðla fenginni þekkingu inn til atvinnulífsins. Þannig geti grænmetisgeirinn tekið ákvarðanir um bestu lausnir út frá gæðum og umhverfisvernd. Ætlunin er að gefa út vefbók um pökkun matvæla hjá Matís.

### *Greiði leið fyrir nýjar tegundir pökkunarefna matvæla*

Plastnotkun hefur verið talin auðveldasta leiðin til að draga úr rakatapi grænmetis og varðveita þannig geymsluþol þess og gæði. Það er auk þess notað til að aðgreina vörur og setja vöruna í sölueiningar.

Í skýrslunni Áskorun við pökkun grænmetis, sem kom út hjá Matís á árinu, segir m.a. að þótt fjallað sé sérstaklega um grænmeti í skýrslunni hafi viðfangsefnin almenna skírskotun og þeir sem ætli að pakka öðrum tegundum matvæla ættu að hafa gagn af henni.

Vonast er til þess að verkefnið leiði til framfara við pökkun matvæla og greiði leið fyrir nýjar tegundir pökkunarefna. Ýmsar framtíðarlausnir fyrir umhverfisvænar umbúðir séu við sjóndeildarhringinn og mikið þróunarstarf unnið á þessu sviði bæði á Íslandi og erlendis. Umbúðir úr íslensku hráefni og þekkingu á efnisvinnslu fyrir þær hafi skort, en nokkur nýsköpunarverkefni séu í farvatninu. Einnig sé mikil nýsköpun erlendis tengd umbúðum úr hreinu frumhráefni. Nefna megi þróun á umbúðum úr stoðvef plantna og þörungum. Því sé rétt að fylgjast vel með nýjungum sem líta dagsins ljós. Í viðauka með skýrslunni er yfirlit yfir kjörgeymsluskilyrði fyrir grænmeti, ávexti og krydd.

Samstarfsaðilar Matís um leiðir að minni plastnotkun í virðiskeðju grænmetis eru Deild garðyrkjubænda í Bændasamtökum Íslands, Sölufélag garðyrkjumanna og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Var rannsóknin styrkt af Matvælasjóði. */sá*






# Hausttilboð

**Steinar úr graníti.**
**Allt innifalið samkvæmt myndum.**
**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi fylgir eða frí sending um allt land. Geymum steina ef óskað er.**

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**
**steinsmidjaakureyrar.is**

**Tilboð 1**
grár steinn
640.000
án blómaramma
520.000




**Tilboð 2**
grár steinn
565.000
án blómaramma
445.000




**Tilboð 3**
Demantur.
Passar líka á duftleiði
149.000
199.000 með lukt



Svartur



Paradiso



Blár



Grár

**Tilboð 4**
svargrár eða
grár steinn
340.000
án aukahluta
250.000







Hægt að setja 2 nöfn

**Tilboð 5**
grár steinn
225.000
án luktar
180.000




Hægt að setja 2 nöfn



## Hausttilboð á granítbekkjum

### Viðhaldsfríir bekkir

Þyngd um 140 kg, breidd 130 cm.
Flutningur með LF innifalinn.
Verð 210.000

Hægt að skrifa í bak eða setu gegn aukagjaldi.

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**

FRÉTTIR

## Bændasamtök Íslands:

# Komið verði til móts við afkomubrest bænda

**Í nýútgefinni kröfugerð Bændasamtaka Íslands (BÍ), inn í yfirstandandi endurskoðun búvörusamninga, kemur fram að samanlagt vanti um 12 milljarða inn í allar búgreinar svo þær geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum sínum.**

Aðalkrafa BÍ felur í sér að komið verði til móts við afkomubrest bænda, frá 1. janúar 2023 að telja og út samningstíma núverandi búvörusamninga, á sambærilegum grundvelli og gert var árið 2022.

Í formála Gunnars Þorgeirssonar, formanns BÍ, að kröfugerðinni fjallar hann um endurskoðun búvörusamninganna. Þar segir hann að á undanförnum mánuðum hafi staðið yfir viðræður við samninganefnd ríkisins, en fram til þessa hafi enginn vilji verið til að auka fjármagn inn í búvörusamningana, sem endurspeglist í nýbirtu fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun sem gildir frá 2024 til 2028. Þetta sé raunin þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á að samkvæmt ákvæðum búvörulaga eigi ávallt að tryggja nægilegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu og að kjör þeirra sem landbúnað stunda skulu vera í nánustu samræmi við kjör annarra stétta.

### Fjárþörf búgreina

*Áætluð upphæð sem vantar inn í hverja búgrein 2023 í millj. kr.*

| | |
|---|---|
| Mjólk | 4.260 |
| Nautakjöt | 2.038 |
| Sauðfjárrækt | 2.290 |
| Svínarækt | 668 |
| Alifuglarækt | 520 |
| Eggjaframleiðsla | 363 |
| Garðyrkja | 892 |
| Jarðrækt og landgreiðslur | 1.056 |
| **Alls** | **12.087** |

*Heimild: BÍ*

### *Hækkanir á kostnaðarliðum*

Telja samtökin að hækkanir á kostnaðarliðum séu helstu ástæður þess að þessa fjárhæð vanti inn í rekstrargrundvöll landbúnaðarins; verðhækkanir á áburði, rúlluplasti, sáðvöru og kjarnfóðri. Þá hafi hækkun á fjármagnskostnaði einnig haft gífurleg áhrif.

Í sauðfjárrækt, nautgriparækt og mjólkurframleiðslu sé launagreiðslugeta langt frá því að vera ásættanleg. Þá hafa kúabændur bent á mikilvægi þess að verðlagsgrundvöllur sé endurskoðaður, sem að hluta til er tekið tillit til í meðfylgjandi töflu samtakanna þar sem fjárþörf búgreinanna er sundurliðuð.

### *Afkomubrestur búgreina*

Í greinargerð samtakanna um stöðumat íslensks landbúnaðar árið 2023 segir að staða flestra búgreina sé ekki frábrugðin stöðunni á síðasta ári, þær standi frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og hluti þeirra búi við afkomubrest. „Hækkanir aðfanga í landbúnaði frá árinu 2021 hafa ekki gengið til baka. Þar að auki hefur fjármagns- og launakostnaður hækkað verulega. Að teknu tilliti til þróunar á kostnaði, afurðaverði og fjármagns á þessu ári er það mat Bændasamtakanna að fyrra mat hafi ekki verið ofmat heldur sé, að lágmarki, þörf á um 12.000 milljónum inn í greinina á þessu ári. Í þessu tilliti verður endurskoðun búvörusamninga að koma til móts við stöðuna sem uppi er til að tryggja framtíðina. Einnig þarf endurskoðunin að vera í samræmi við stjórnarsáttmála, endurspegla stöðu landbúnaðarins til skemmri og lengri tíma og fylgja markmiðum landbúnaðar- og matvælastefnum stjórnvalda,“ segir í stöðumatinu.

Aðrar kröfur BÍ eru svo nánar sundurliðaðar eftir búgreinum og málefnasviðum.




Þróun á kostnaðarliðum í landbúnaði á síðustu árum. Miklar hækkanir á síðasta ári hafi ekki gengið til baka á þessu ári.




Kjötframleiðsla á Íslandi hefur dregist saman fjögur ár í röð, aðallega vegna lélegrar afkomu í framleiðslu á nautakjöti og kindakjöti.

### *Kjötframleiðsla dregist saman*

Í ítarefni er lagður fram rökstuðningur fyrir kröfunum. Þar er meðal annars farið yfir þróun kjötframleiðslu á Íslandi á undanförnum árum. Þar kemur fram að framleiðslan hafi dregist saman fjögur ár í röð, aðallega vegna lélegrar afkomu í framleiðslu á nautakjöti og kindakjöti. Samdráttur í framleiðslu á svínakjöti og alifuglakjöti sé einkum vegna áhrifa frá regluverki og tollasamningum. Samdráttur í framleiðslu á kjöti eigi sér stað þrátt fyrir að Íslendingum sé að fjölga og fjöldi ferðamanna sem heimsækir Ísland fari vaxandi.

Verði kjötframleiðslugreinunum ekki sköpuð viðunandi rekstrarskilyrði verði hrun í framleiðslunni innan fárra ára. Einnig er farið í ítarefninu yfir þróun á kostnaðarliðum í landbúnaði. Miklar hækkanir á síðasta ári hafi ekki gengið til baka á þessu ári. Launakostnaður hafi hækkað mikið og það sem mest muni um þá hafi vextir hækkað gífurlega mikið í landinu. Það bitni mjög hart á landbúnaðinum sem sé mjög skuldsettur miðað við veltu. Ástæðan sé meðal annars sú að undanfarin ár hafi orðið mikil fjárfesting í landbúnaði, meðal annars í þeim tilgangi að bæta aðbúnað gripa og auka vinnuhagræðingu. Þannig hafi orðið tilfærsla á kostnaðarliðum frá launalið yfir á fjármagnslið, sem síðan hefur haft sérstaklega neikvæð áhrif á afkomu þeirra bænda sem hafa lagt í fjárfestingar í sínum rekstri.

/smh



Það er mat Bændasamtakanna að verði kjötframleiðslugreinunum ekki sköpuð viðundandi rekstrarskilyrði, sé hrun yfirvofandi í framleiðslunni. Mynd / smh






Samningur hefur verið gerður um nýtingu vikurnáma í Búrfelli. Myndir / Aðsendar

# Verðmætar vikurnámur

**Í síðasta mánuði var skrifað undir samning um nýtingu vikurnáma í Búrfelli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjóri segir samninginn tímamót.**

„Ég tel mig geta fullyrt að aldrei áður hefur verið gerður jafn verðmætur samningur í sveitarfélaginu um nýtingu á námuréttindum,“ segir Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Samningurinn gildir í allt að 15 ár og skilar að lágmarki 372 milljónum króna á samningstímanum fyrir efnistökuna. Lágmarksmagn efnistöku er 80.000 rúmmetrar á ári en að hámarki 300.000 rúmmetrar. Verði samningurinn fullnýttur getur hann að hámarki skilað tæplega 1,4 milljörðum króna. Námurnar eru innan þjóðlendu og var því samningurinn gerður í samráði við forsætisráðuneytið.

„Verði samningurinn fullnýttur má gera ráð fyrir að lítið verði eftir í námunni, þannig að þetta er ekki ótakmörkuð auðlind.

Það hefur verið tekið efni úr þessari námu í áratugi og mjög litlar tekjur komið til sveitarfélagsins á þeim tíma. Því er þetta mikið ánægjuefni að nærsamfélagið og þjóðlendan fari að njóta ávinnings af efnistökunni,“ segir Haraldur Þór.

/mhh

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025
ISO 9001
ÍSLENSKT gjörið svo vel
CE

FRÉTTASKÝRING



Orkumál:

# Beislun sjávarorku handan við hornið

## – Ný skýrsla um möguleika í sjávarfallavirkjunum hér við land væntanleg í lok mánaðar

Sihwa Lake-sjávarfallavirkjunin í Gyeonggi-héraði í Suður-Kóreu er stærsta sjávarfallavirkjun heims og sú aflmesta; 254 MW. Mynd / Arne Müseler

**Virkjun sjávarorku er á margan hátt aðlaðandi kostur í þeim orkuskiptum sem fram undan eru, enda er hún umhverfisvænn og fyrirsjáanlegur orkugjafi. Undir sjávarorku fellur virkjun sjávarfallastrauma, ölduhreyfinga, seltu og varmamismunar til umbreytingar í raforku.**

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



***Ölduorka*** er orka haföldunnar, en lóðrétt hreyfing úthafsbylgna inniheldur mikla hreyfiorku. Margar aðferðir eru hugsanlegar til virkjunar ölduorku og ýmsar eru í þróun. Úti á rúmsjó má nota fljótandi fleka með liðamótum, hreyfingu í geymi sem lyftist á öldunni eða fljótandi kví sem „heflar“ öldutoppana. Á grunnsævi má nýta hreyfingu milli fastrar botnfestingar og annað hvort lóðrétts spjalds eða fljótandi bauju. Við bryggjukanta má nýta hífingu öldunnar til að lyfta floti eða valda sogi eða streymi í stokki. Ölduorku má rekja til þess að sólin knýr veðrakerfi og vindinn sem aftur orsakar öldugang. Ölduorka er því endurnýjanleg orka, en ekki fyrirsjáanleg orkulind fremur en vindorka. Margar tæknilegar áskoranir fylgja virkjun hennar, t.d. álag á tæki í miklu brimi.

***Sjávarfallaorka*** er hins vegar mjög fyrirsjáanleg orkulind á hverjum stað, enda felst hún í streymi sjávar vegna flóðs og fjöru. Þar sem sjávarföll eru einkum háð þyngdartogi tunglsins á jörðina er orkan endurnýjanleg líkt og bylgjuorka og mun væntanlega ekki klárast meðan tunglið snýst sinn vanabundna hring, einn hring um sjálft sig um leið og það snýst einn hring umhverfis jörð. Afstaða tungls, jarðar og sólar hefur einnig nokkur áhrif á sjávarföll. Sjávarfallaorkan er því fyrirsjáanleg orkuauðlind á hverjum stað, þótt mjög sé henni misskipt milli svæða.

***Seltuvirkjanir*** byggja á mismunandi seltu sjávar og ferskvatns. Þar sem hvort tveggja er til staðar má byggja upp þrýsting með flæði (osmósu) gegnum sérstakar himnur, en þann þrýsting má síðan virkja til framleiðslu rafmagns. Slíkar aðstæður skapast helst við árósa. Þær gætu tryggt stöðuga framleiðslu og eru ekki veðurháðar. Seltuvirkjanir eru enn á tilraunastigi og eiga langt í land með hagkvæmni.

Þeim fylgja tæknilegar áskoranir auk þess sem umhverfisáhrif þeirra eru ekki að fullu þekkt.

***Hitastigulsvirkjanir,*** þ.e. virkjanir sem byggja á varmamismun í hafi, grundvallast á a.m.k. 20°C hitamun milli yfirborðslaga sjávar og hefur sá kostur því ekki verið til skoðunar hérlendis. Tæknin er á algeru tilraunastigi og á langt í land með hagkvæmni.

### *Frumgerðir framleiða rafmagn*

Sjávarfallavirkjanir eru aðallega af tvennum toga: annars vegar virkjun straumhraða í röstum og sundum, hins vegar virkjun fallhæðar með stíflugerð. Í fyrra tilvikinu er virkjuð hreyfiorka sjávar, einkum þar sem sjávarföll hraðast vegna þrenginga við annes eða í sundum. Í því síðara eru stífluð t.d. sund og firðir og mikill hæðarmismunur flóðs og fjöru virkjaður.

Orkunýtni sjávarfallahverfla er mun meiri en margra annarra orkustöðva. Talið er að með góðum sjávarfallahverfli megi breyta um 55% (sumir segja 80%) af hreyfiorku straumsins í raforku. Til samanburðar næst aðeins um 30% orkunýtni í kolaorkuverum. Afl í streymi sjávar er háð straumhraðanum í þriðja veldi. Því áttfaldast aflþéttleikinn með hverri tvöföldun í hraða.

Kolefnisfótspor sjávarfallaorkuvera er hverfandi. Engin losun er af orkuvinnslunni sjálfri, en einhver losun kann að fylgja framleiðslu vélbúnaðar, uppsetningu hans, þjónustu og endurheimt. Giskað hefur verið á að losun sjávarfallavirkjunar á líftíma hnattrænnar hlýnunar sé undir 22 grömmum af $CO_2$ ígildi á hverja kWst af framleiddri raforku.

Þó að sjávarfallaorka sé þegar í notkun er þó ekki farið að fjöldaframleiða neinar túrbínur og aðferðin því ekki komin á sama stað og t.d. vindorka. Þó er farið með frumgerðum að framleiða rafmagn inn á net, t.d. í Færeyjum.

Um allan heim er nú verið að kanna möguleika raforkuöflunar með þessum hætti. Evrópsk rannsókn bendir t.d. til að Stóra-Bretland, Írland og Portúgal hafi yfir að ráða samanlagt um 70 GW af sjávarorku. Niðurstöður gefa til kynna að hátt í 60 GW af nokkuð raunhæfri ölduorku og 10 GW af sjávarfallaorku séu þar fyrir hendi.

Enn hefur engin virkjanatækni orðið að fullþróaðri markaðsvöru til fjöldaframleiðslu. Nokkur fyrirtæki hafa smíðað starfhæfar frumgerðir sem sannprófaðar hafa verið í raunumhverfi og verið tengdar við raforkukerfi í nokkurn tíma. Áhugavert þykir að koma upp virkjanagörðum þar sem margir hverflar eru samtengdir, með uppsettu afli yfir 10 MW.

Aðstæður eru misgóðar til nýtingar sjávarfallaorku. Oft eru þær betri þar sem mikill munur er á flóði og fjöru, en fleiri þættir spila þar inn í. Sjávarfallastraumurinn hraðast þar sem landgrunn og annes þrengja að honum, sem og í þröngum sundum.




Ný varanleg bogahýsi

Ódýr og hagkvæmur kostur fyrir geymslur og útihús sem uppfyllir byggingarreglugerðir



- Stöðluð hönnun, grunneining 5 x 6 m. - lengjanleg í 3 m. einingum
- Hurðargat á gafli 2,75 x 2,75 m.
- Í boði bæði einangruð og óeinangruð
- **Verð frá kr. 1.320.00 m/vsk.** fyrir 5 x 6 m. bogahús

Nánari upplýsingar í gegnum tölvupóst hysi@hysi.is

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700
hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is

BYGGJUM BETUR




**Dæmi um sjávarfallavirkjun.** Teikning / Hlynur Gauti

Þar verða rastir sem geta verið viðsjárverðar sjófarendum, en skapa um leið aðstæður til orkunýtingar.

Því hefur verið slegið fram að í framtíðinni gætu sjávarorkuver skilað allt að 13 þúsund MW orku á heimsvísu. Það er þó að sjálfsögðu háð þeirri tækni sem tiltæk er.

### *Fjárfestar varkárir*

Þrátt fyrir að sjávarfallaorka virðist vænlegur kostur, og margs konar tækni sé í þróun, er þó enn engin fjöldaframleiðsla hennar hafin. Til þess liggja ýmsar ástæður. Þeir hverflar sem lengst eru komnir í þróun eru stórir og stofnkostnaðurinn gríðarlegur, enn sem komið er. Fjárfestar eru tregir til að hoppa á vagninn þar sem þeir telja ekki næga tryggingu fyrir að slíkar virkjanir skili hagnaði eða gagnist neytendum yfir höfuð. Tæknilegar áskoranir eru margar við slík neðansjávarmannvirki, og þótt sjórinn sé 97% alls vatns á jörðinni og þeki 70,8% af flatarmáli hennar er staðsetning orkuvera ekki alls staðar augljós. Má t.d. geta þess að í Bandaríkjunum eru uppi lagatæknilegar efasemdir um eignarhald á landi neðansjávar.

Fáar sjávarfallavirkjanir eru enn sem komið er starfræktar í heiminum til raforkuframleiðslu, en margar eru á hönnunar- og tilraunastigi. Þær eru af ýmsum gerðum eftir því hvernig til hagar. Lítum á þær stífluvirkjanir, sem komu fyrst fram á sjónarsviðið. Þær byggjast á þverun í t.d. fjörðum og eru ekki ósvipaðar hefðbundnum vatnsaflsvirkjunum með miðlunarlónum.

Munur flóðs og fjöru þarf að vera verulegur og verður hæðarmunurinn af völdum sjávarfallanna þá það mikill beggja vegna stíflu að fallorkan verður nýtanleg. Stífluvirkjanir hafa allajafna mikla röskun lífríkis í för með sér og því mikil umhverfisáhrif, ólíkt öðrum sjávarfallavirkjunum.

Hin fyrsta, stífluvirkjun sem vinnur bæði á að- og útfalli, var sett upp í flóanum við La Rance í Bretagne, Frakklandi, á árunum 1961-1967. Stífluvirkjunin í Sihwa Lake í Suður-Kóreu er stærsta sjávarfallavirkjun heims og sú aflmesta; 254 MW. Í Bretlandi er sjávarfallavirkjun í ósi Severn-árinnar. Þá er stór, rúmlega fimmtíu ára gömul, sjávarfallavirkjun í Barentshafi, skammt norðan við Múrmansk í norðvestanverðu Rússlandi og á austurströnd Kanada er virkjun af þessu tagi við Fundy-flóa. Belgía, Kína og Svíþjóð reka einnig sjávarfallavirkjanir en uppsett afl þeirra er minna.

Nú beina menn sjónum meira að umhverfisvænni lausnum; hverflum sem geta verið sem mest undir yfirborði. Flestir þróunaraðilar horfa til straumharðra svæða, þar sem straumur er að lágmarki 2,5 m/sek. Þar er orkuþéttnin mest og unnt að nýta skrúfuhverfla sem eru einfaldir í hönnun. Slík straumasvæði eru þó ekki víða. T.d. finnst slík straumhraði óvíða hérlendis utan Breiðafjarðar.

### *Umhverfisáhrif talin lítil*

Ýmsar útfærslur á sjávarfalla-hverflum hafa litið dagsins ljós og eru á tilraunaskeiði.
Skrúfuhverflar eru þróaðir í ýmsum útfærslum; ekki ólíkir vindmyllum á landi. Einnig hafa verið í þróun skötur, flugdrekatúrbínur og gegnumstreymishverflar.Sömuleiðis er stöðugt leitað leiða til að finna hagkvæmar lausnir til að koma rafmagni frá sjávarorkuverum inn á dreifikerfi.

Neðansjávarhverflar valda minni umhverfisáhrifum en stífluvirkjanir, þó að sumir þeirra geti haft einhver neikvæð áhrif á lífríki. Í þröngum straumhörðum sundum geta skrúfuhverflar truflað náttúrulegar farleiðir sjávardýra og jafnvel drepið þau. Skrúfuhverflar eru ekki taldir gagnast í hægari straumi en 2-2,5 m/sek.

Gegnumstreymishverflar geta unnið við hægari straum. Talað er um að hverflar séu af „þriðju kynslóð“ ef þeir geta unnið við minni hraða en 1,5 m/sek. Sá straumhraði er algengur víða, m.a. við Íslandsstrendur. Íslenskur hverfill sem nú er í þróun er ætlaður fyrir þann hraða; jafnvel allt niður í 0,5 m/sek. Eftir er að sjá hver raunverulegur kostnaður við slíkar virkjanir gæti verið og hver geta þeirra er til að skila rafmagni á dreifikerfi, en engu að síður talið að þarna liggi mikil tækifæri.

Leitt hefur verið að því líkum að meðal líftími sjávarfallaorkuvirkjana geti orðið um 100 ár, eða mögulega allt að ferfalt lengri en vind- og sólarorkubúa.

Umhverfisáhrif sjávarfalla-virkjana, annarra en stífluvirkjana, eru almennt talin fremur lítil en orkuvinnslan veldur ekki losun gróðurhúsalofttegunda né annarri loftmengun. Hverflarnir eru allajafna í kafi og valda því hvorki sjónmengun né hættu fyrir skipaumferð. Öðru máli gegnir um ölduvirkjanir sem eru að meira eða minna leyti í yfirborðinu.

### *Haforkan við Ísland*

Snúum okkur þá að Íslandi og möguleikum á nýtingu sjávarorku, þá einkum sjávarfallaorku, hér við land. Árið 1901 var í Brokey í Hvammsfirði byggð lítil mylla og notuð til að mala korn fram til 1924. Er þetta eina íslenska sjávarfallavirkjunin fram til þessa.

Engar rannsóknir hafa enn farið fram á heildarumfangi sjávar-fallaorku við Ísland, þrátt fyrir þings-ályktun þess efnis frá árinu 2014. Lauslegur samanburður við nágrannalönd bendir til að heildarorka sjávarfalla gæti verið allt að 337 TWst/ári. Nokkrar staðbundnar rannsóknir hafa þó verið framkvæmdar hér á landi, einkum á vegum Hafrannsóknastofnunar og Vegagerðarinnar, auk athugana fyrirtækjanna Valorku, Sjávarorku og Vesturorku.

Í Breiðafirði er munur flóðs og fjöru mestur hér við land eða yfir 5 metrar, og þar er víða straumhart í sundum. Yfirborðsstraumhraði þar gæti legið á bilinu 6,5-12 m/sek.

Almennt er hraði hafstrauma umhverfis landið sagður á bilinu 0,25-1,0 m/sek; hraðari þó í annnesjaröstum.

Öflugar annnesjarastir við Ísland eru t.d. Látraröst, sem mun vera sú öflugasta, Reykjanesröst, Straumnesröst og Langanesröst. Röstin í Hvammsfirði er ein sú straumþyngsta við landið og er dæmi um röst í sundi innfjarðar.

Seltuvirkjanir gætu komið til greina hérlendis ef þróun þeirra ber árangur. Var Nýsköpunarmiðstöð með þær til athugunar um tíma.

Iðulega hefur því verið haldið fram að mikið magn ódýrrar orku á Íslandi sé lykilástæða þess að hérlendis hafi menn enn takmarkaðan áhuga á sjávarfallavirkjunum. Einnig að sjávarorkuvirkjun með ójafna orkuvinnslu þyrfti, líkt og vindorkuver, að treysta á orku frá öðrum virkjunum til að koma inn þegar framleiðsla væri í lágmarki á fallaskiptum. Slíkt hefði í för með sér aukinn kostnað sem taka þurfi tillit til þegar borinn sé saman kostnaður við raforkuframleiðslu mismunandi kosta. Þessi rök munu þó ekki alls kostar rétt, t.d. í því tilfelli að sjávarorka sé nýtt til hitunar vatns. Sjávarfallabylgjan gengur réttsælis kringum landið. Talið er að með dreifingu virkjana og tengingu þeirra við raforkunetið mætti fá allstöðuga orkuframleiðslu úr sjó.

### *Stefnumörkun og rannsóknir*

Valorka ehf. er íslenskt frumkvöðla-fyrirtæki sem hefur m.a. unnið að þróun hægstraumshverfla allt frá árinu 2008. Hverflar Valorku hafa þróast mikið á þessum tíma og verið prófaðir sem líkön í straumkeri, auk þess sem ein gerðin var prófuð í fleka í sundum Hornafjarðar árið 2013.

*Framhald á næstu síðu.*



## Sjávarorku má einkum skipta í eftirfarandi flokka eftir eðli hennar:

**Hafstraumaorka** Hafstraumar sem eiga upptök í varmaflutningi frá miðbaug til heimskautasvæða eru hluti af vinddrifinni hringrás og hita/seltu hringrás jarðar. Á landgrunni Íslands eru þessir straumar að jafnaði 5 til 20 cm/s eftir staðsetningu og kemur orka þeirra til viðbótar orku í reiknuðum sjávarfallastraumum.

**Sjávarfallaorka** Sjávarföll verða til við samspil aðdráttarkrafta tungls, jarðar og sólar. Lota sjávarfalla er 12 klst. og 25,2 mínútur. Flóð, útfall, fjara og aðfall verður einu sinni á hverri lotu. Flóð og fjara verður því um tvisvar á sólarhring og liggjandi sem er á fallaskiptum um fjórum sinnum á sólarhring. Á liggjanda er enginn straumhraði. Sjávarföll við Ísland eru fremur flókin og mikill munur er á flóði og fjöru á milli landshluta, þannig er mestur munur við Vesturland og minnstur við Austur- og Norðurland. Möguleg orkuframleiðsla úr sjávarföllum sveiflast innan sólarhringsins í takti við straumhraða og sjávarhæð eftir því hvort hreyfiorka eða stöðuorka er nýtt. Um fjórum sinnum á sólarhring er engin hreyfiorka, tvisvar á sólarhring er engin stöðuorka.

**Ölduorka** Ölduorka er ekki háð sjávarfallastraumum. Vindurinn knýr öldurnar áfram og þar sem opið er fyrir hafi við vindasamar strendur er öldugangur mikill við landið.

**Seltuorka** Seltuorka byggir á virkjun efnaorku sem losnar við blöndun ferskvatns og sjávar og grundvallast á eðlisfræði himnuflæðis. Hægt er að virkja efnaorku sem losnar við blöndun ferskvatns og sjávar með hálfgegndræpum himnum. Tvær aðferðir eru þekktar og hafa báðar verið reyndar til raforkuframleiðslu. Annars vegar er tækni sem byggir á eðlisfræði himnuflæðis. Hins vegar er tækni sem byggir á öfugri rafhimnuskiljun sem framkallar rafmagn beint út frá mismunandi seltustigi tveggja vökva.

**Hitaflæðisorka** Virkjanir sem byggja á varmamismun í hafi grundvallast á a.m.k. 20°C hitamun í sjó.

*Greinargerð um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku, 2015.*




**20% afsláttur af öllum innréttingum út október.**

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum.

FRÍFORM
Hjarta heimilisins

Virka daga 10-17
Laugardaga 11-15

562–1500
Friform.is

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.



Reiknað hámarksafl sjávarfalla á stórstreymi (W/m2 ). Mynd / Verkís



Reiknaður hámarksstraumhraði sjávarfalla á stórstreymi m/sek). Mynd / Verkís



Yfirborðsstraumar við Ísland fengnir með rekduflum 1990-2000. Mynd / Verkís


Umfangsmestu straumasvæði landsins eru við Vestfirði og Austfirði, þar sem umtalsverður straumur nær langt út í haf. Einnig eru öflugar en umfangsminni rastir við Langanes, Reykjanes og Snæfellsnes. Mynd / Valorka

Nýjasta hverfilgerðin líkist færibandi, og hefur getu til að „smala“ orku hægra strauma af stóru svæði. Ekki hefur fengist stuðningur við frekari þróun hennar, og hafa verkefni Valorku því verið í kyrrstöðu frá árinu 2018.

„Sjávarfallavirkjanir eru endurnýjanleg og hrein orkuauðlind sem Íslendingar gætu nýtt til orkuöflunar,“ segir Valdimar Össurarson, framkvæmdastjóri Valorku og formaður Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna. „Gríðarlega mikil þróun er í gangi og búin að vera lengi,“ segir hann og tekur fram að öll önnur þróuð ríki séu að skoða þessi mál af alvöru. Hagkvæmni sjávarfallavirkjana hafi ekki þótt samkeppnisfær við önnur virkjanaform, enda ekki við því að búast meðan tæknin sé á byrjunar- og þróunarstigi. Allt bendi þó til að þessar virkjanir verði mjög hagkvæmur valkostur þegar fjöldaframleiðsla hefst og samkeppnisgrundvöllur verði heilbrigður á þessu sviði.


Sjávarorkutúrbína sett niður við Skotlandsstrendur. Mynd / Aquaret.com


Valdimar Össurarson.

„Tvennt þarf að gerast: annars vegar að stjórnvöld móti stefnu um að þau ætli að skoða sjávarorkunýtingu sem framtíðarvalkost í orkuöflun og svo hins vegar að hefja rannsóknir á þessari gríðarlegu orkulind sem þjóðin á þarna í sjónum,“ segir Valdimar. „Það er ekki hægt að stinga hausnum í sandinn lengur. Aðalatriðið er að fá upp umræðu og kynningu í samfélaginu um þessa miklu orkuauðlind þjóðarinnar.“

Hann hefur m.a. vakið athygli á hagkvæmni þess að nýta sjávarfallaorku til kyndingar vatns á hinum „köldu“ svæðum landsins og þá einkum á Vestfjörðum sem búi við afar ótrygga orkuöflun og séu nánast án jarðhita til kyndingar. Nýlega gaf Valorka út skýrslu þar sem athuguð var hagkvæmni þess að leggja hverflum fyrirtækisins í Látraröst og leiða orkuna í fjarvarmaveitu á Patreksfirði. Benti athugunin til þess að það gæti orðið mjög hagkvæmt, og að með slíku mætti breyta Vestfjörðum úr „köldu svæði“ í heitt.

Valorka hefur einnig bent á orkunýtingarmöguleika í stærsta fossi heims, sem er neðansjávar í Grænlandssundi og í íslenskri lögsögu. „Fossinn verður vafalaust nýttur til orkuframleiðslu í framtíðinni; mögulega með hinni íslensku tækni Valorku. Orka hans kann e.t.v. að verða nýtt til hleðslu skipa sem sigla munu um Norðurheimskautið,“ segir Valdimar.

### *Nokkrir kostir verið skoðaðir*

Sjávarorka ehf. var stofnuð árið 2001 í Stykkishólmi og eru RARIK og Landsvirkjun stærstu eigendurnir. Fyrirtækið vann um árabil að athugun möguleika á sjávarfallavirkjun í Röst í Hvammsfirði sem gengur inn úr suðaustanverðum Breiðafirði. Röst er í mynni fjarðarins og straumhraði þar getur orðið 6,5-11 m/sek. Slíkur hraði er talinn bjóða upp á nokkrar tegundir virkjanaaðferða. M.a. kom fram sú hugmynd að reisa brú þvert yfir fjörðinn og hengja í hana hverfla, en líklegra er að hverflar verði neðansjávar. Árið 2010 fékk Sjávarorka rannsóknaleyfi í Hvammsfirði. Það hefur þó ekki verið nýtt, og liggja verkefni Sjávarorku í láginni að sinni.

Sprotafyrirtækið Vesturorka, sem að standa Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Orkubú Vestfjarða o.fl., kannaði möguleika á nýtingu sjávarfallaorku í tengslum við brúargerð yfir Þorskafjörð. Þorskafjörður er 16 km langur; flóðhæð mældist þar 3,60 m og hæsta flóðhæð 5,66 m. Niðurstaðan varð að virkjun í Þorskafirði gæti framleitt um 180 gígavattstundir á ári, sem myndi vera svipað árlegri notkun á Vestfjörðum. Um var að ræða stífluvirkjun í tengslum við þverun fjarðarins með vegi, frá Reykjanesi yfir á Skálanes. Síðar var ákveðið að þvera fjörðinn innar og þar með voru þessi áform lögð til hliðar.

Árið 2021 var veitt rannsóknaleyfi til fyrirtækisins JGKHO ehf. til athugunar á allt að 30 MW virkjun sjávarfalla undir þverun Gilsfjarðar. Gildir leyfið til febrúarloka 2026. Stjórnarformaður fyrirtækisins er Jón Guðni Kristinsson, eigandi jarðarinnar Króksfjarðarness, en vegur yfir Gilsfjörð kemur á land á norðanverðu nesinu.

Sjótækni hf., verktakafyrirtæki tengt sjó og vatni, á Tálknafirði, fékk í fyrra nýsköpunarstyrk upp á 12,5 m.kr. fyrir verkefnið StaðarOrku sem hefur það að markmiði að kanna nýtingu straumrasta eða sjávarfalla á Vestfjörðum í eða nærri vegamannvirkjum í þveruðum fjörðum til framleiðslu raforku.

## Dæmi um mismunandi gerðir hverfla:

- Hverfill með snúningsás samsíða straumstefnu
- Hverfill með snúningsás þvert á straumstefnu
- Sveiflandi spaði/vængur
- Hverfill í aðþrengdum göngum
- Gormlaga skrúfuhverfill
- Sjávarstraumaflugdreki
- Önnur tækni

### *Ný skýrsla mögulegur upptaktur*

Engin verkefni eru í gangi á vegum stjórnvalda varðandi nýtingu sjávarorku. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði fyrr á árinu starfshóp sem er m.a. ætlað að skoða hvaða möguleikar felast í sjávarfallavirkjunum. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu er gert ráð fyrir að starfshópurinn skili skýrslu sinni til ráðherra í lok október. Sjávarfallavirkjanir séu þó einungis einn af mörgum þáttum sem starfshópnum hafi verið falið að skoða og þar verði m.a. fjallað um smávirkjanir á landi.

„Ráðuneytið og Orkustofnun fylgjast með þróun mála hérlendis, en það eru engin verkefni í gangi á vegum stjórnvalda varðandi nýtingu sjávarorku,“ segir í svari ráðuneytisins.

Árið 2015 kom út ítarleg greinargerð um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku, sem unnin var af sérfræðingahópi sem þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði. Helstu niðurstöður voru að gróft reiknað væri kostnaður við virkjun sjávarorku þá um 20 sinnum hærri en við hefðbundna vatnsaflsvirkjun. Mikil framþróun væri hins vegar í rannsóknum á beislun sjávarorku og mætti reikna með að á næstu 30 árum yrðu miklar framfarir á þessu sviði. Fyrirsjáanlegt væri því að kostnaður við virkjun sjávarorku myndi fara lækkandi samhliða því að spár gerðu ráð fyrir að orkuverð færi hækkandi. Mætti reikna með að virkjun sjávarorku gæti orðið hagkvæmur kostur um eða eftir miðja öldina.

Væntanlega á sjávarorka sér framtíð sem hrein, endurnýjanleg og sjálfbær auðlind. Hún er stórlega vannýtt og eru í henni miklir möguleikar til að mæta vaxandi alþjóðlegri þörf fyrir orku til framtíðar.

Beislun sjávarorku er þó enn á byrjunarstigi og magn aflsins sem framleitt hefur verið fram til þessa fremur lítið.

Verkfræðingar og hönnuðir vinna hörðum höndum að því að bæta tæknina og núverandi sjávarorkuframleiðendur leitast við að auka framleitt orkumagn, draga úr umhverfisáhrifum og finna leiðir til að hagnast á orkusölu.

*Heimildir: Greinargerð um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávaraorku, 2015. Raunhæfi sjávarfallavirkjana, Valorka, 2023. Virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi, Ketill Sigurjónsson, skýrsla stjórnvalda, 2009. Valorka.is. Vatnsiðnaður.net. Orkubloggið/Ketill Sigurjónsson. Ýmsar erlendar heimildir.*



# Gróðurhús óska eftir nýjum dvalarstað.




Gróðurhús sem hýst hafa Blómaval við Eyraveg á Selfossi þurfa að færa sig um set og óska eftir framhaldslífi á nýjum stað.

Byggingin er samtals 702 fermetrar og samanstendur af stálgrind og plexigleri, en þó er hluti veggja með einangrunargleri.

Eldri hlutinn var byggður árið 2001 og er tvær burstir, en yngri hlutinn var byggður árið 2006 og er ein og hálf burst. Framleiðandi yfirbyggingar er Viemose-Driboga.

Byggingin er grunduð á staðsteyptum sökklum og er yfir-bygging/stálgrind boltuð ofan á steyptu sökklana. Ekki ættu að vera vandkvæði við að losa yfirbygginu af sökklum, taka húsið niður og nýta á annarri lóð. Fram-kvæmdir til flutnings geta hafist í byrjun janúar 2024.




**Nánari lýsing:**

- Ytri mál sökkla á eldri hluta er um 19,9m x 20,7m en ytri mál sökkla á yngri hluta er um 14,9m x 20,7m.
- Mænishæð frá gólfi og upp að efsta punkti er um 5,25m.
- Opnanlegir þakgluggar með rafmóturum sem eru bæði með sjálfvirkri og handvirkri hitastýringu. Stýribúnaður glugga frá CWO Volmatic og Senmatic.
- Þrjár tvöfaldar útihurðir úr áli. (1x rennihurð með rafrænni opnun og 2x hliðhengdar hurðir).
- Ein tvöföld innihurð úr áli, sjálfvirk rennihurð.
- Hitablásarar auk tengdra lagna
- Kælieining í blómakæli fylgir ekki með í söluferli
- Vatnsúðakerfi
- Uppsettir lampar, meginhluti eldri flúrljós en ein lína með LED lömpum
- Neyðarlýsingarlampar og ÚT-ljós
- Lágspennulagnir og netstigar



**Allar nánari upplýsingar veita:**

Sævar Bjarnason
**saevar@eik.is, 844-1965**
Guðrún Álfheiður Thorarensen,
**gudrun@eik.is, 867-0008**

**Óskað er eftir tilboðum í yfirbyggingu ásamt því lausafé sem fylgir með. Vinsamlegast sendið tilboð á netfang gudrun@eik.is og saevar@eik.is.**

EIK

**MENNING**






Mikið er um að vera í leikhúsinu og ekkert hlutverk stærrra en annað. Hér að ofan má sjá þau Albert Snæ Tórshamar, Elí Kristin Símonarson, Valgerði Elínu Sigmarsdóttur og Maríu Sigurðardóttur leikstjóra á sviði. Hafþór Hafsteinsson og Arnar Gauti Egilsson vinna við sviðsmyndina. Næsta víst er að sýningin eigi eftir að gleðja gesti, enda þótt ævintýri Gosa sé gamalt er sagan síung og á alltaf við. Myndir / Aðsendar

## Leikfélag Vestmannaeyja:

# Gosi spýtustrákur

**Eitt ástsælasta ævintýri allra tíma um spýtustrákinn Gosa mun gleðja vini og velunnara leikfélags Vestmannaeyja.**

Leikritið var samið á sínum tíma upp úr hinni þekktu ítölsku sögu Carlo Gollodi sem var útgefin seint á 19. öld, þó fleiri kannist ef til vill við Gosa úr ævintýraheimi Disney.

Ævintýrið er þroskasaga, enda lærir Gosi ýmislegt af reynslunni á ferðum sínum áður en hann ratar aftur í fang föður síns. Eins og flestir vita er faðir hans trésmiður sem óskaði þess afar heitt að eignast son og útbjó sér þess í stað trébrúðu. Óskin rætist með hjálp álfkonu nokkurrar og ganga þeir feðgar í gegnum ýmsar þrautir áður en þeir ná saman sem faðir og sonur. Svo stingur Gosi af að heiman ... svona eiginlega óvart.

Verður verkið frumsýnt þann 10. nóvember, miðasölusíminn 852-1940 opnar miðvikudaginn 8. nóvember kl. 16 og sýnt verður í Kviku við Heiðarveginn að vanda.

Önnur og þriðja sýning verða 11. og 12. nóvember klukkan 15 og svo er um að gera að fylgjast með fleiri sýningum, en þær verða um helgar. */SP*




Enginn ætti að verða svikinn af dagstund í Aratungu, hvorki börn né fullorðnir.



Ærið starf liggur að baki góðri leikmynd, jafnt sem sýningarinnar. Hér hefur leikstjórinn Ólafur Jens rissað upp mynd af Nemisis, vélinni sem „getur allt". Með hana til viðmiðunar taka smiðirnir þeir Böðvar Þór Unnarsson og Garðar Steingrímsson næsta skref og ekki líður á löngu að töfrarnir birtist í leikhúsinu.






## Leikdeild UMFB:

# Rúi & Stúi

**Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna sýnir barna- og fjölskylduleikritið Rúi og Stúi eftir Skúla Rúnar Hilmarsson og Örn Alexandersson með nýrri tónlist eftir Stefán Þorleifsson og í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar.**

Allt er í sóma þar sem grallararnir Rúi og Stúi búa, en þeir eru bæði uppfinningasamir og sniðugir. Þeir félagar sjá til þess að íbúarnir þurfa ekki að erfiða eða hafa áhyggjur af daglegu amstri og hafa meira að segja fundið upp vél sem „getur allt". Hún býr til og gerir við hluti auk þess að geta gert nákvæma afsteypu af sveitarstjóranum sem stýrir af röggsemi með sinn trygga aðstoðarmann Bergstein sér við hlið. Allt er einfalt og gott þar til daginn sem allt byrjar að fara úrskeiðis. Vélin bilar, sveitarstjórinn hverfur og samfélagið kemst í uppnám.

Þarna er um að ræða líflega og skemmtilega sýningu fyrir alla aldurshópa enda leikhópurinn þrælvanur og sprellfjörugur. Leikstjórinn Ólafur Jens Sigurðsson heldur um taumana, en hann hefur unnið með leikfélaginu áður og þótt bæði úrræðagóður og útsjónarsamur.

Frumsýnt verður þann 21. október klukkan 14 í félagsheimilinu Aratungu og má nálgast miða hjá tix.is.

Tvær sýningar eru áætlaðar til viðbótar í október, svo og heilar átta í nóvember. */SP*







## NEATA:

# Spennandi vinnustofur

**NEATA, samtök áhugaleikhússambanda í Norður-Evrópu, bjóða upp á sjö spennandi og fjölbreytt námskeið/vinnustofur yfir Zoom, nú nk. laugardag 21. október.**

Námskeiðin, sem fara fram á ensku, eru ókeypis en þarf að skrá sig fyrir fram á www.leiklist.is. Þar má einnig finna nánari upplýsingar. Hér að neðan má svo hins vegar sjá námskeiðin og vinnustofurnar sem í boði eru samkvæmt íslenskum tíma:

Ef einhverjar spurningar eru sem ekki er svarað hér er velkomið að hafa samband við Þjónustumiðstöð BÍL í síma 551-6974 eða í netfangið info@leiklist.is.

Vefsíða NEATA ( North-European Amateur Theatre Alliance) er www.neata.eu en má einnig finna á Facebook. */SP*

09:00 – 09:50 / TORBEN SUNDQVIST (SWE) "The plain and the poetic of my place on earth."
10:00 – 12:00 / EERO OJALA (FIN) „About voice training".
12:10 – 12:40 / TIINA MÖLDER (EST) "A moving body and mind"
12:50 – 13:50 / AIRIDA LEMENTAUSKIENÉ (LITH) „The Application of immersive theatre for promotion of communality".
14:00 – 14:30 / EMIL HUSBY (NO) „An introduction to Improvised Theatre".
14:40 – 15:20 / AMANDA HAAR (DK) „Voice & Movement".
15:30 – 17:00 / EIMANTAS ANTULIS (N.YOUTH) „Theater from Home".









Í tilefni af 10 ára afmæli Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins þá munum við halda afmælisráðstefnu fimmtudaginn 23. nóvember á Hótel Selfossi.

Yfirskrift ráðstefnunnar er: **Áskoranir og tækifæri í landbúnaði**

**Dagskrá ráðstefnunnar hefst kl. 10:00 og áætlað er að henni ljúki um kl. 15:00 og að henni lokinni verða gestum boðnar léttar veitingar.**

Hátíðarkvöldverður verður á Hótel Selfossi um kvöldið og hefst hann kl. 19:30.

Við óskum eftir því að þátttakendur skrái sig á ráðstefnuna svo hægt sé að áætla fjöldann.

Ráðstefnan sjálf er í boði RML en þátttakendur geta keypt hádegisverð og hátíðarkvöldverð á Hótel Selfossi.

Skráningareyðublað er á heimasíðu okkar **rml.is** eða hér í gengum kóðann.

Nánari dagskrá verður birt er nær dregur.

**Taktu daginn frá !**

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins | 516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is**

ÍDEIGLUNNI



Birgir Freyr Ragnarsson og Vilborg Rún Guðmundsdóttir, bústjórar á Flatey, og Hjörtur Logi Birgisson.



Þurrkarinn tekur um 47 rúmmetra af korni í einu og þurrkar á nokkrum klukkutímum. Hann getur afkastað um 1.500 tonnum af þurru byggi á hausti, að sögn Birgis.

Myndir / Aðsendar

## Flatey á Mýrum í Hornafirði:

# Fyrsta kornsamlag landsins

## – Kornþurrkstöð sem afkastar 60–70 tonnum af þurrkuðu byggi á sólarhring

**Glæný þurrkstöð á bænum Flatey á Mýrum í Hornafirði framleiddi um 500 tonn af þurru byggi í haust. Birgir Freyr Ragnarsson bústjóri segir stöðina vísi að fyrsta kornsamlagi landsins.**

Í skýrslunni *Bleikir akrar – aðgerðaráætlun um aukna kornrækt* kemur fram að grundvöllur fyrir öflugum íslenskum kornmarkaði sé stofnun kornsamlaga, milliliðs milli kornbænda og kaupenda sem getur tekið á móti korni frá bændum, metið gæði og selt áfram. „Framleiðendafélög í einstökum sveitum og héruðum ættu að bindast heildarsamtökum þannig að einn aðili hefði yfirlit yfir magn og gæði af innlendu korni," segir þar meðal annars.

Eigendur Flateyjarbúsins á Mýrum í Hornafirði brugðust fljótt við tillögum starfshóps um eflingu kornræktar og reistu kornþurrkstöð sem tekin var í notkun í haust. „Þetta er splunkunýr þurrkari frá finnska framleiðandanum MEPU. Hann er að fullkomnustu gerð, bæði þegar kemur að þurrkun og meðhöndlun á korni," segir Birgir Freyr Ragnarsson, sem stýrir Flateyjarbúinu ásamt konu sinni, Vilborgu Rún Guðmundsdóttur.

### *Mun keyra á rafmagni*

Þurrkarinn tekur um 47 rúmmetra af korni í einu og þurrkar magnið, miðað við 25% rakastig af akri, á 6–9 klukkustundum, að sögn Birgis. „Þessi þurrkun stenst fyllilega allar gæðakröfur sem kaupendur gera til korns og stenst allan samanburð hérlendis og erlendis."

Afkastageta þurrkarans er því um 60–70 tonn af þurru byggi á sólarhring.

„Þurrkarinn er undirþrýstur turnþurrkari, kyntur með 1MW varmaskiptum olíuhitara. Allur rekstur hans er alsjálfvirkur. Vinna er hafin við að kynda hann alfarið á rafmagni og komin er rafmagnsheimtaug sem annar þeirri aflþörf. Öll starfsemi þurrkstöðvarinnar verður því keyrð á hreinni íslenskri orku," segir Birgir.

Hann bætir því við að vegna næsta áfanga í uppbyggingu þurrkstöðvarinnar sem krefst aukins rafafls þá þurfi að ráðast í frekari styrkingar á dreifikerfi Rarik. „Aukin eftirspurn er eftir raforku á svæðinu og í dreifbýli almennt vegna mikillar uppbyggingar tengdri ferðaþjónustu og orkuskiptum í samgöngum. Rarik þarf því að ráðast í frekari styrkingu á dreifikerfinu sínu."

### *Stór fjárfesting*

Í ár var allt korn sem ræktað var á Flatey, á rúmum 150 hektara lands, þurrkað í nýju þurrkstöðinni ásamt korni frá tveimur öðrum bændum á svæðinu. Samtals seldu bændurnir um 500 tonn til Fóðurblöndunnar þar sem það verður notað í stað innflutts korns í kjarnfóður.

„Þetta er stór og mikil fjárfesting en menn eru að horfa á að með svona uppbyggingu getum við fjölgað stöðum í landbúnaði hér í héraðinu. Hér eru góð skilyrði til kornræktar og mikið af landi. Kornræktendum á svæðinu hefur fækkað en með þessari þurrkstöð getum við opnað á þann möguleika að bændur rækti korn og geti losnað við afurðirnar sínar."

### *Kynningarfundur fyrir bændur*

Í vetur stendur til að byggja yfir þurrkarann og koma upp aðstöðu til fullþurrkunar á hálmi fyrir undirburð. Þá er til skoðunar að reisa geymslusíló fyrir um 1.200 tonn af þurru korni.

Afköst þurrkstöðvarinnar er um 1.500 tonn af þurru byggi á hausti.

„Við ákváðum strax í upphafi að öll hönnun tæki mið af því að tveir þurrkarar yrðu settir upp og er því þegar búið að leggja í allan grunnkostnað við tilkomu næsta þurrkara nema kaup á honum og kostnað við uppsetningu.

Flateyjarbúið mun, ef allt gengur eftir, auka sína kornrækt í ákveðnum skrefum og væntingar okkar standa til þess að innan 5 ára verði kornsamlagið að þurrka 2.500 til 3.000 tonn af korni frá okkur og öðrum bændum á svæðinu."

Hann bendir á að tækifæri til kornræktar á Íslandi séu gífurlegir og markaðir bæði fyrir korn og hveiti til staðar.

„Eiginlega allt korn er flutt inn og mikill vilji er fyrir því að auka innlenda framleiðslu. Vonandi er þetta bara fyrsta kornþurrkstöðin af fleirum á landinu og óskandi er að fleiri samlög rísi svo öllum verði gert kleift að rækta korn og nýta það land sem þeir hafa – þannig að kornrækt verði eins og hver önnur búgrein," segir Birgir Freyr sem undirbýr nú kynningarfund fyrir bændur á svæðinu í byrjun nóvember.

„Á þeim fundi verður farið yfir uppbyggingu kornsamlagsins í Flatey og hvað kornsamlagið og Fóðurblandan geta gert til að aðstoða bændur á svæðinu við að hefja kornrækt. Höfundum skýrslunnar *Bleikir akrar* verður einnig boðið að koma til fundarins til að kynna hana betur og hvað Landbúnaðarháskólinn geti gert til að aðstoða bændur í þessu efni."

Flateyjarbúið er kúabú í eigu Skinneyjar-Þinganess og Fóðurblöndunnar. Þar eru mjólkaðar liðlega 200 kýr og framleiddir um 1,5 milljón lítrar af mjólk á ári. Auk þess eru aldir uxar til kjötframleiðslu og telur sá bústofn nú um 180 gripi. */ ghp*



Frá kornuppskeru í Flatey. Í ár var ræktað á rúmum 150 hektara lands, þurrkað í nýju þurrkstöðinni ásamt korni frá tveimur öðrum bændum á svæðinu. Samtals seldu bændurnir um 500 tonn til Fóðurblöndunnar.






**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

**BL ehf.**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

MARPÓL
HREINLÆTISVÖRUR


Grande Brio 45


Grande Brio Ride On 145


ECN-M


IBH-S


Durasweep 130


Willmop 50


JMB-M


JMB-M


JMB-C

**BJÓÐUM ALLAR GERÐIR VÉLA OG TÆKJA TIL RÆSTINGA** Leyfðu okkur að gera þér tilboð sem gæti komið þér á óvart!

**Dalbrekka 15 | 200 Kópavogur | s. 544 5588 | marpol@marpol.is**

ÍDEIGLUNNI

## Brothættar byggðir:

# Litið yfir farinn veg



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Afmælismálþing Brothættra byggða var haldið á Raufarhöfn á dögunum í tilefni þess að nú er rúmur áratugur liðinn frá því að verkefnið hóf þar göngu sína. Undanfari þess var að byggð Raufarhafnar stóð afar höllum fæti og talið var að að öllu óbreyttu legðist hún af innan fárra ára.**

Brothættar byggðir er byggðaþróunarverkefni Byggðastofnunar sem hófst árið 2012 með það að markmiði að efla framtíðarmöguleika byggða sem meðal annars glíma við mikla fólksfækkun og skekkta aldursdreifingu. Tekið er til skoðana íbúa á framtíðarmöguleikum heimabyggðar sinnar og úrlausnir fengnar fram í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag, landshlutasamtök, ríkisvaldið auk annarra. Settar eru verkefnisstjórnir fyrir hvert byggðarlag þar sem sitja fulltrúar Byggðastofnunar, fulltrúar sveitarfélagsins, landshlutasamtaka og loks tveir fulltrúar íbúa.

Hugmyndin var frá upphafi sú að með verkefninu á Raufarhöfn yrði til aðferð eða verklag sem hægt væri að nota á fleiri stöðum sem stæðu frammi fyrir svipuðum vanda.

### *Nauðsyn verkefnastjóra*

Á afmælismálþinginu tóku þau til máls Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson hjá Byggðastofnun, en þau leiða verkefnið.

Kristján segir aðdragandann að því hafa kviknað í kjölfar íbúaþings Raufarhafnarbúa árið 2013, sem hefur verið haldið árlega síðan. Á þinginu vöknuðu margs konar hugmyndir um hvað fólk taldi að betur mætti fara eða hvað mætti taka sér fyrir hendur og var mikið rætt og forgangsraðað. „Ég var svo fenginn til þess að sinna þessu, en eitt af forgangsmálum Raufarhafnar var að fá verkefnisstjóra. Slíkt embætti er afar brýnt, vegna þess hve miklu máli skiptir að einhver einn sé ábyrgur fyrir að leiða og halda utan um þau mál sem eru í loftinu. Með minni viðveru á Raufarhöfn gátu íbúarnir þess vegna haldið áfram að koma með á borðið hitamál og ræða möguleika á úrlausn þeirra.“

Aðspurður segir hann að þreifað hafi verið á flestum hugmyndum sem bárust, með vinnslu í huga, en þó standi eitt verkefni Raufarhafnar sérstaklega upp úr. Var það ósk íbúa um að fá aðgang að aflaheimildum. „Staðurinn hafði nánast hrunið fyrir þær sakir að íbúar misstu aflaheimildir og tvo stærstu vinnustaðina á einu bretti,“ segir Kristján.

Á vefsíðu Byggðastofnunar kemur fram að þann 11. desember 2013, á grundvelli þessa verkefnis, hafi samkomulag verið undirritað milli Byggðastofnunar og hagsmunaaðila í sjávarútvegi um nýtingu 400 þorskígildistonna á Raufarhöfn til 3 ára, með möguleika á framlengingu. Aðilar að samkomulaginu voru m.a. fiskvinnsla GPG Seafood á Raufarhöfn, en segir Kristján þorskígildistonnin hafa nýst mjög vel og tryggt þar tiltekna starfsemi hjá fiskvinnslu GPG sem hefur verið burðarás í atvinnulífinu síðan.

„Með samkomulaginu náðist að festa í sessi þennan vinnustað sem stóð höllum fæti fyrir og skiptir íbúana gríðarlega miklu máli. Fyrirtækið er öflugt og hefur m.a. starfsemi á Húsavík og Bakkafirði í gegnum aflamarkssamning þar.“



Sjávarþorpið Raufarhöfn á austanverðri Melrakkasléttu er eitt nyrsta og fegursta kauptún landsins en það dregur nafn sitt af raufinni sem aðskilur Höfðann og Hólmann. Ver Höfðinn náttúrulega höfn Raufarhafnar á meðan Hólminn, stakur klettahöfði, skilur sund þeirra á milli. Mynd / Wikipedia





Helga Harðardóttir og Kristján Þórhallur Halldórsson leiða Brothættar byggðir, verkefni Byggðastofnunar, en nýverið var afmælismálþing þess haldið í Raufarhöfn. Myndir / Aðsendar

### *Umgjörð verkefna*

Í dag hafa verkefnastyrkir á vegum Brothættra byggða til þróunarverkefna og annarra samfélagseflandi verkefna verið veittir í alls fjórtán byggðalög.

Helga Harðardóttir, sem hefur starfað innan verkefnisins síðastliðin þrjú ár, nýtur þess að koma inn í fastmótað ferli, en árið 2014 fór fram bæði innra og ytra mat á verkefninu sem Ernst & Young gerði fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Verkefnislýsing og viðaukar hennar birtast á heimasíðu Byggðastofnunar vorið 2016 og var jafnframt kynnt á fundi með starfsfólki ráðuneytisins og fulltrúum stýrihóps Stjórnarráðsins.

„Þar er litið til allrar umgjarðar verkefnisins, og unnið innan hennar. Þó teljum við okkur auðvitað sveigjanleg og opin fyrir hugmyndum – en vinnum á þeim grunni sem verkefnislýsingin býður. Jafnframt er rétt að geta þess að ferli hvers verkefnis fyrir sig hefst í raun áður en íbúaþing eru haldin í byggðalögum. Greiningarvinna, mótun verkefnastjórnar og þess háttar er unnið áður og almenn þátttaka íbúa því ekki fyrr en nokkur grunnvinna hefur verið unnin. Ræða þarf við sveitarfélag og byggðarlag sem er að koma inn, auglýsa eftir verkefnastjóra og þess háttar.“

Hún bætir við að sannreynt sé að þar sem íbúarnir taki virkan þátt gangi verkefnin vel og enn sem komið er hafi íbúar í hvívetna komið inn af fullum krafti.

### *Samtakamátturinn sterkur*

Kristján tekur undir orð Helgu, mikill áhugi og virk þátttaka sé samnefnari á landsvísu. Væntingar þurfi þó að vera í hófi er kemur að framgangi verkefna, enda margt sem ræður yfir helstu breytum í hverju byggðarlagi.

„Verkefni Brothættra byggða hefur til að mynda hvorki boðvald yfir stofnunum ríkisins né yfir sveitarfélögunum, heldur hvílir árangurinn á víðtæku samstarfi. Aðkoma landshlutasamtaka og sveitarfélaga er mjög mikilvæg, þá m.a. með setu í verkefnastjórn, en að auki hafa landshlutasamtökin tekið að sér það stóra hlutverk að ráða verkefnastjórana til viðbótar við að annast umsýslu með styrkjamálum og slíku. Þannig að það samstarf er mjög veigamikið í verkefnunum,“ segir Kristján.

„Auðvitað er jákvætt ef umsækjendur hafa taugar eða tengsl til byggðarlagsins sem um ræðir, en annars er allur gangur á því. Að jafnaði er það þó áherslumál að þarna sé einhver sem tengist svæðinu,“ segir Helga.

Þau sammælast um að sterkur samtakamáttur sé einkennandi fyrir þau byggðalög sem taka þátt, allir séu mikilvægir og beri margir fleiri hatta en einn. Gleðilegt sé hve vel var mætt á málþingið, en rúmlega 80 manns sátu viðburðinn auk þess sem töluverður fjöldi horfði á streymi. „Áhugi fólks á málþinginu var mikill, hópurinn fjölbreyttur og mættu fulltrúar alls kyns stofnana og samtaka auk einstaklinga. Við vorum mjög sátt með áhugann og það hvetur okkur enn frekar til að sinna og taka þátt í þessu verkefni,“ segir Kristján en streymi málþingsins má enn finna á heimasíðu Byggðastofnunar.

Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið fest í sessi sem aðgerð í stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, en stjórnvöld hafa tekið þessari aðferðafræði Byggðastofnunar af áhuga og jákvæðni.




DACIA
DACIA DUSTER
TILBÚINN Í ÆVINTÝRIN MEÐ ÞÉR
DUSTER
DACIA DUSTER
Verð frá:
5.490.000 KR.
5 ÁRA ÁBYRGÐ*
*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.dacia.is
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L


Husqvarna®
HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is





Bruni í húsi brugghússins 2017. Eldurinn gerði sitt besta til að leggja brugghúsið í rúst en það bjargaðist á síðustu stundu. Í kjölfarið hins vegar sköpuðust ýmis tækifæri til að stækka brugghúsið lengra inn í gamla frystihúsið og rými til að taka á móti hópum.




Marteinn Brynjólfur Haraldsson tekur við Bláskelinni, viðurkenningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrir framúrskarandi plastlausa lausn. Mynd / Umhverfisráðuneytið

## Handverksbrugghúsin á Íslandi:

# Nyrst en ekki síðast

**Í undanförnum tölublöðum Bændablaðsins hafa birst pistlar um íslensk brugghús. Rétt er að benda á að athugasemdum má gjarnan koma á framfæri við greinarhöfunda ef einhverjar eru. Einhver bið varð á á pistlum vegna sumarleyfa en hér heldur röðin áfram og nú er komið að Segli 67.**




Segull 67 er staðsett á Siglufirði en talan 67 er samofin sögu fjölskyldu stofnandans. Mynd / Aðsend

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is

Nyrsti kaupstaðurinn á Íslandi heitir Siglufjörður sem stendur við samnefndan fjörð. Siglufjörður er þekktur fyrir margt gott, þar er skíðavika, Trilludagar, Þjóðlagahátíð og auðvitað Síldarævintýri svo eitthvað sé nefnt. Á Sigló er einnig nyrsta brugghús landsins, a.m.k. þangað til einhver í þorpinu Raufarhöfn byrjar að brugga. Segull 67 nefnist það og heitir merkilegt nokk ekki eftir langlífasta Pizza 67 staðnum á meginlandi Íslands, sem var einmitt á Siglufirði. (Hér er Pizza 67-staðurinn í Vestmannaeyjum augljóslega undanskilinn enda lúta hlutir öðrum lögmálum á Suður-Atlantshafshryggnum.)

Stofnandi og prímusmótorinn í brugghúsi Seguls heitir Marteinn Brynjólfur Haraldsson og kemur, eins og langsamlega flestir sem komið hafa við sögu í þessum greinarflokki, úr heimabruggsenunni. Hann tók sig til árið 2015 og setti brugghúsið á laggirnar eftir að hafa sannfært föður sinn og afa um það að koma með sér í þetta ævintýri. Gömlu frystihúsi í eigu fjölskyldunnar var breytt í brugghús, bar og móttaka útbúin í rými þar sem fiskur hafði verið hraðfrystur í pönnur og hafist var handa við að brugga fyrsta bjórinn, sem fékk það frumlega nafn Orginal.

### *Happatalan*

En hvers vegna 67? Ef ekki vegna nostalgískra tengsla við pitsustaðakeðju frá tíunda áratugnum – hvað þá? Jú, fjölskyldutengingarnar við töluna 67 voru margvíslegar. Stefán Guðmundsson, langafi Marteins, keyrði vörubíl á Siglufirði með bílnúmerinu F67. Síðan þá hefur þessi tala verið happatala í fjölskyldunni. Alnafni Marteins og afi átti þó nokkrar trillur sem voru með skráningarnúmerinu SI 67. Þegar langafinn dó átti hann 67 börn og barnabörn. Það lá því lóðbeint við að halda nafninu í atvinnustarfseminni. Segull vísaði síðan í áttavitann, segulnálina, enda snerist lífið á Siglufirði að mörgu leyti um sjómennsku og nafnið, Segull 67, varð til.

Segja má að Segull falli mitt á milli fyrstu og annarrar kynslóðar sjálfstæðra brugghúsa á Íslandi, þar sem fyrsta kynslóðin lagði höfuðáherslu á magnframleiðslu sem einkum miðaðist að sölu í ÁTVR, á meðan að önnur kynslóðin var um margt afurð ferðamannabólunnar og stefndi einkum að því að framleiða í smærri einingum en selja ferðalöngum á vettvangi. Segull hefur frá upphafi staðið milli þessara tveggja heima, þar sem fyrirtækið hefur brugðist við sívaxandi túrisma í heimasveit en um leið reglulega boðið upp á bjóra í Vínbúðinni.

Eitt einkenni Seguls á þeim markaði eru bjórar sem vekja ekki endilega athygli fyrir frumleika og framúrstefnu en leita á kunnugleg mið og eru keyptir af vinum Siglufjarðar. Athygli vekur þó aðeins hvaða stílar urðu fyrir valinu fyrst.

### *Umhverfisvitund*

Orginal, fyrsti bjórinn, var millidökkur lager sem vakti athygli enda óvanalegt að lagerbjórar séu með fyrstu framleiðsluvörum úr litlum brugghúsum. Sjarmör, ljósgylltur lager, var næstur á dekk og undirstrikaði það enn frekar að brugghúsið ætlaði ekki endilega að feta hefðbundnar slóðir handverksbrugghúsanna, þó stílarnir hafi kannski verið kunnuglegir. Fljótlega kom þó sumarbjór, sem var í ætt við belgíska Wit bjóra, þar sem appelsínubörkur og kóríander var notað til að bragðbæta. Þá má nefna Hérastubb, páskabjórinn þeirra, á nafn, sem og Sigló IPA bjórinn. Þá vakti sagan á Svörtu Maríu Stout bjórnum sérstaka kátínu greinarhöfunda og mælum við með að fólk skoði hana næst þegar það rekst á dós.

Annað einkenni Seguls hefur verið ákveðin umhverfisvitund.

Árið 2019 fékk brugghúsið Bláskelina, viðurkenningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrir framúrskarandi plastlausa lausn, en Segull brugghúsið hafði tileinkað sér fyrst íslenskra brugghúsa lífræna bjórkippuhringi í stað plasts. Kom fram í mati dómnefndar að nýnæmið hefði verið mikið hér á landi og skaut fyrirtækið m.a. Bíóborgurum og Kaja Organics ref fyrir rass, svo aðrir tilnefndir séu taldir til.

Þá er brugghúsið búið að byggja sér eimingaraðstöðu á efri hæðinni þar sem sterkvín verður framleitt undir merkjum Íshafs 67 og er markmiðið að framleiða gin og jafnvel romm. Verður það þá væntanlega nyrsta eimingarhús landsins þó að enn eigi það eitthvað eftir norður eftir til að ná nyrsta eimingarhúsi í heimi, sem staðsett er skammt norðan Tromsö í Noregi.

### *Áfall skapaði tækifæri*

Happatalan heldur sér þannig enn þá og það er kannski eins gott því brugghúsið lifir enn þrátt fyrir ýmis ytri áföll. Þannig t.d. kviknaði í hinum enda hússins, fjær brugghúsinu, vorið 2017 og þrátt fyrir að eldurinn hafi gert sitt besta til að leggja brugghúsið í rúst bjargaðist það á síðustu stundu þó að lagerinn hafi eyðilagst. Í kjölfarið hins vegar sköpuðust ýmis tækifæri til að stækka og bæta við og í kjölfarið stækkaði brugghúsið lengra inn í gamla frystihúsið og rými til að taka á móti hópum var stækkað umtalsvert.




Það má því með sanni segja að happatalan 67 hafi vakað yfir brugghúsinu, ólíkt pitsustaðnum með sömu töluna, sem löngu er horfið af sjónarsviðinu. Framtíðin er að minnsta kosti opin.

Hvort sem verkefnin verða bjórbað 67, hótel 67, eða bara pizza 67 skal ósagt látið en ljóst er að 67 verður í nafninu.



# Weckman vagnar

H. HAUKSSON EHF.



**130BT Rúlluvagn**
**Burðargeta/hlass:** 13 tonn
**Verð kr.** 3.220.000 með vsk.



**70G m/ lausum skjólborðum**
**Burðargeta/hlass:** 7 tonn
~~**Verð kr.** 1.590.000 með vsk.~~
**TILBOÐ kr.** 1.440.000 með vsk.



**110G m/ lausum skjólborðum**
**Burðargeta/hlass:** 11 tonn
**Verð kr.** 2.290.000 með vsk.

**130G m/ lausum skjólborðum**
**Burðargeta/hlass:** 13 tonn



**Verð kr.** 2.590.000 með vsk.

**110DG m/ HARDOX skúffu**
**Burðargeta/hlass:** 11 tonn



**Verð kr.** 3.490.000 með vsk.

**130DG m/ HARDOX skúffu**
**Burðargeta/hlass:** 13 tonn



**Verð kr.** 3.800.000 með vsk.

Á heimasíðunni okkar **www.hhauksson.is** er hægt að sjá fleiri stærðir og gerðir af vögnum sem í boði eru frá Weckman.

H. Hauksson ehf. | Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

MHG VERSLUN

## Husqvarna snjóblásarar - finndu kraftinn



**Snjóblásari ST424T**
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



**Snjóblásari ST424**
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



**Snjóblásari ST330**
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



**Snjóblásari ST327**
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



**Snjóblásari ST224**
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



**Snjóblásari ST124**
7 HP, vinnslubreidd 61cm.

MHG VERSLUN

## Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



**Traktor TC238T**
Sláttutraktor - 18 hestöfl



**Rider 320X AWD**
Sláttutraktor - 20 hestöfl



**RC320TS AWD**
Sláttutraktor - 12.6 kW



**FS400**
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



**K770**
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



**K970**
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



**K3600 MK II**
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



**K7000**
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



**550XP MKII**
Keðjusög - 4,2 hestöfl

**MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir** **Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S 544 4656 | mhg.is**

Í DEIGLUNNI

## Vöruþróun matvæla:

# Fullnýting garðyrkjuafurða

### – Verðmætaaukning möguleg með nýtingu hliðarafurða úr afskurði

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Hjá Matís hefur á undanförnum tólf mánuðum verið unnið að rannsóknum á næringarinnihaldi afskurðar úr garðyrkju og vöruþróun úr þessu hráefni sem oftast hefur verið meðhöndlað sem lífrænn úrgangur.**

Umræða um fullnýtingu í fiskvinnslu og kjötframleiðslu hefur verið áberandi um langt skeið en minna farið fyrir umræðu um fullnýtingu í grænmetisframleiðslu. Fyrir utan nýtingu á annars flokks grænmeti þá hafa hliðarafurðir garðyrkjunnar ekki fengið verðskuldaða athygli, en þær geta verið mjög verðmætar.

Alltaf fellur talsvert til, bæði í yl- og útirækt grænmetis, sem ekki telst til eiginlegrar uppskeru. Matís hefur frá því í september í fyrra unnið að verkefni við að þróa aðferðir til að framleiða verðmætar afurðir úr þessu hráefni, en um samstarfsverkefni er að ræða með Orkídeu og Bændasamtökunum.



Eva Margrét Jónudóttir, vinstra megin, stýrir rannsóknum á næringarinnihaldi og lífvirkni afskurðar. Mynd / Aðsend

### *Verðmætur úrgangur*

Eva Margrét Jónudóttir, verkefnastjóri hjá Matís, segir að hingað til hafi þessi afskurður í raun flokkast sem úrgangur – ekki verið bændum neins virði heldur frekar kostnaðarauki sem þarf að koma í viðeigandi farveg eins og til dæmis jarðgerð.

„Ef við skoðum framleiðsluna í heild og hvað er búið að kosta miklu til af orku, aðföngum, vinnuafli og næringarefnum til að rækta upp plöntu, þá er oft raunin að það sem flokkast sem eiginleg uppskera – það sem fer á markaði – er ekki stærsti hluti plöntunnar. Framleiðsluferli í garðyrkju eru afar mismunandi eftir tegundum og því verður seint fundin ein leið fyrir þessar hliðarafurðir eða úrgang sem hentar þvert á greinina eins vel og jarðgerð.

Það er samt nauðsynlegt að velta við öllum steinum og skoða hvort ekki er hægt að auka virði og nýtingu afurða enn frekar með öðrum aðferðum."

### *Lífmassi nýttur í vöruþróun*

Eva útskýrir að í upphafi verkefnisins hafi verið ákveðið að einblína á blómkálsblöð, spergilkálsblöð, rósalaufblöð, tómatblöð, gúrkublöð og gulrótagras með rannsóknum á næringarinnihaldi og lífvirkni. „Samhliða því langaði okkur einnig að skoða betri nýtingu á gulrófum og kartöflum. Á seinni hluta verkefnisins höfum við svo verið á fullu að mæla, þróa vöruhugmyndir og áhættugreina hráefnið, einnig líka að skoða lífvirkni og vinna lífmassa sem nýtist í vöruþróun."

### *Frostþurrkaðar hliðarafurðir til kjötbollugerðar*

Hún segir að vöruþróunarhlutinn hafi verið skemmtilegt ferli innan verkefnisins. „Við höfum þróað kryddblöndu sem inniheldur frostþurrkaðar hliðarafurðir úr grænmetisframleiðslu sem er hugsuð til notkunar í kjötbollugerð. Hugmyndin er að neytendur geti keypt tilbúna blöndu þurrefna sem inniheldur krydd, frostþurrkuð blóm- og spergilkálsblöð, kartöflutrefjar og kartöflusterkju sem blandast beint út í hrátt hakk og egg áður en kjötbollurnar eru búnar til og eldaðar. Þetta er í rauninni sama hugmyndafræði og við þekkjum vel með Taco spice mix sem er afar vinsæl vara á Íslandi," segir Eva.

Með notkun á blöndunni sé verið að einfalda eldamennskuna, bæta næringarinnihald og á sama tíma nýta hliðarafurðir sem annars færu til spillis. Vöruþróunin sé ekki séríslensk uppfinning, slíkar vörur séu til hér í verslunum en hafi ekki verið mjög áberandi á Íslandi og ekki sé vitað um innlenda framleiðslu á slíkum vörum.

### *Mörg tækifæri til frekari vinnslu*

Eva segir að það sem standi upp úr eftir þessa vinnu – og vakið helst áhuga hennar – er hversu mörg tækifæri séu til frekari vinnslu á þessu hráefni. „Við höfum verið að sjá töluvert mikla andoxunarvirkni í rósalaufblöðum sem gefur til kynna að afskurður úr rósarækt geti til dæmis verið spennandi hráefni til framleiðslu innihaldsefna í snyrtivörur. Blöð af blóm- og spergilkáli eru síður en svo minna næringarrík en blómið sjálft og engir annmarkar við notkun þeirra í matvæli.



Þróuð var kryddblanda sem inniheldur frostþurrkaðar hliðarafurðir úr grænmetisframleiðslu sem er hugsuð til notkunar í kjötbollugerð.



Alltaf fellur talsvert til, bæði í yl- og útirækt grænmetis, sem ekki telst til eiginlegrar uppskeru. Mynd / Bbl

Vandamálið er helst það hvað þau geymast stutt eftir uppskeru svo ekki er hægt að selja þau með á hausnum nema alveg fyrst um sinn. Þetta þyrfti að uppskera sérstaklega og annaðhvort vinna strax áfram í hráefni sem hefur lengra geymsluþol eða markaðssetja sérstaklega sem árstíðabundna vöru.

Hliðarafurðirnar eru upp til hópa næringarríkar en hættugreining er nauðsynleg til að greina á milli hvað sé æskilegt að nota í matvæli og hvað ekki. Með hættugreiningu er lagt mat á annmarka við nýtingu hliðarafurðanna með tilliti til þeirrar hættu sem neysla þeirra gæti skapað neytendum. Það gilda ákveðnar reglur um notkun plöntuvarnarefna á vaxtartíma matjurta og sömuleiðis um hvaða varnarefnaleifar mega mælast í mismunandi matvælum og í hvaða magni.

Niðurstöður rannsókna benda til þess að áframhaldandi vinnsla hliðarafurða grænmetis leiði til breytinga í styrk varnarefnaleifa í afurðinni eftir vinnslu."



Fersk blómkálsblöð, frostþurrkuð spergilkálsblöð og stilkar sem svo verða að malaðri næringarríkri afurð sem nota má í kryddblöndu. Mynd / Matís





**Meðal þeirra afurða sem urðu fyrir valinu voru gulrótagras.Til hægri er Léhna Labat að vinna úr gulrótagrösunum.**
Myndir / Matís

### *Hráefni og lokaafurð*

Eva telur þess vegna nauðsynlegt að skoða ekki eingöngu þetta hráefni sem hrávöru heldur einnig lokaafurð sem ætlunin sé að markaðssetja.

„Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á því að ganga úr skugga um hvort matvæli sem þau setja á markað teljist til nýfæðis eða ekki. Með hugtakinu nýfæði (e. novel foods) er átt við hvort hráefni eða matvæli hafi verið á markaði fyrir gildistöku Evrópusambandsreglugerðar um nýfæði í maí 1997.

Á heimasíðu Matvælastofnunar er að finna upplýsingar um hvernig hægt er að kanna hvort vara teljist nýfæði og sömuleiðis um umsóknarferlið. Til að nefna dæmi þá telst gulrótargras til nýfæðis.

Það að hráefni eða matvæli teljist til nýfæðis þýðir samt ekki að það sé leyfilegt til notkunar í matvæli heldur þýðir það að ef nota á slíkt hráefni í matvæli þarf að sækja sérstaklega um leyfi fyrir markaðssetningu á því til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Með slíkri umsókn þurfa að fylgja gögn sem sýna fram á að viðkomandi hráefni eða matvæli sé öruggt til neyslu. Evrópska matvælaöryggisstofnunin (EFSA) tekur þá umsóknina til skoðunar og gefur umsögn. Í kjölfarið veitir þá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leyfi fyrir notkuninni ef fullvíst er að matvælin hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu. Íslenskir framleiðendur geta sent fyrirspurn til Matvælastofnunar til að komast að því hvort hráefni eða matvæli teljist nýfæði,“ segir Eva.

Hún tekur sérstaklega fram að þau sem unnið hafa að verkefninu ætli ekki að framleiða eða selja þessa vöru.

„Þetta er eingöngu hugmynd að uppskrift og vinnsluferli sem við setjum fram og hver sem vill má nýta eða þróa áfram eftir sínu höfði.“

### *Von á lokaskýrslu þar sem uppskriftir verða aðgengilegar*

Ítarupplýsingar um vinnslu og uppskriftir verða aðgengilegar öllum í lokaskýrslu verkefnisins sem fljótlega er von á. Verkefnið var styrkt af Matvælasjóði.










VIÐTAL

## Gróandi:

# Vill meiri útbreiðslu félagslandbúnaðar

## – Samfélagið á Ísafirði rekur grænmetisræktun fyrir íbúana

**Guðrún Hulda Pálsdóttir**
gudrunhulda@bondi.is



**Hugtakið félagslandbúnaður skýtur upp kollinum endrum og sinnum í umræðum um sjálfbæra og umhverfisvæna matvælaræktun. Nýlega var haldið málþing um uppbyggingu á félagslandbúnaði á Íslandi.**

„Félagslandbúnaður, eða Community Supported Agriculture á ensku, þýðir samfélagsrekin starfsemi þar sem hópur einstaklinga vinnur að matarframleiðslu, í þéttri samvinnu við bónda og fær síðan aðgengi að matvælunum,“ segir Hildur Dagbjört Arnardóttir hjá Gróanda, sem ásamt matvæla- og næringarfræðideild HÍ stóð að málþinginu Af hverju er félagslandbúnaður alger snilld? þann 7. október sl. í Háskólasetri Vestfjarða á Ísafirði.

„Félagslandbúnaður tengir saman þá sem framleiða matinn og þá sem njóta hans. Stofnað er félag sem heldur utan um þátttöku og hvernig framleiddum mat er deilt. Félagið heldur uppi landbúnaðinum og sér til þess að þau fái matvörur útbúnar með þeim aðferðum sem þau styðja,“ segir Hildur Dagbjört.

### *Algengur í Japan og Bandaríkjunum*

Málþingið snerist, að sögn Hildar, um að útskýra félagslandbúnað, gefa innsýn í reynslu norskra bænda sem rekið hafa félagslandbúnaðarbú í lengri tíma til að hvetja til meiri útbreiðslu rekstrarformsins hér á landi.

„Þátttakendur málþingsins voru samhljóða um mikilvægi þess að versla beint af bónda og styrkja þannig betri framleiðsluaðferðir og sanngirni. Það er ekki sanngjarnt að bóndinn einn taki alla ábyrgðina. Til dæmis ef veðuraðstæður eru ekki hliðhollar eitt árið, ætti það ekki að koma niður á bóndanum einum, að hann lendi í langvarandi fjárhagsvandræðum eða verði að leggja niður bú. Við getum tekið þessa ábyrgð saman og enginn fundið neitt sérlega fyrir því.

Stærsti þröskuldurinn er að hvorki bændur né neytendur vita af þessum rekstrarmöguleika. Fólk þarf að heyra fleiri sögur af félagslandbúnaði, fá praktískar leiðbeiningar um hvernig hægt er að byrja, hvað þarf að vita eða undirbúa áður en farið er af stað og hvaða kostir og gallar fylgja þessu.“

Hildur segir uppgang félagslandbúnaðar víða um heim sýna að rekstrarformið gefi góða raun. „Félagslandbúnaður hefur stóraukist í öllum heiminum síðustu áratugina og þeim fjölgar mjög hratt þessa dagana. Sérstaklega þar sem félagslandbúnaður er orðinn almennur. Fólk skilur hvað felst í hugtakinu og þá er auðveldara að fá nægilega marga meðlimi og algengt er að það séu biðlistar til að komast að. Félagslandbúnaður er til dæmis mjög algengur í Japan, hægt er að finna yfir 7.000 slík verkefni í Bandaríkjunum, að minnsta kosti 150 í Kanada, um 150 í Englandi og 85 í Noregi svo eitthvað sé nefnt.“

Hún segir að algengast sé að félagslandbúnaður sé rekinn innan lögbýla, þar sem bóndi með landrými býður fólki í félag sem síðan fjármagnar starfsemina og fær aðgengi að vörunum.

„Þá er hægt að reka félagslandbúnað með alls kyns landbúnaðarvörum, ekki einungis grænmeti heldur einnig t.d. eggjum, kjöti og mjólkurafurðum. Félagslandbúnaður eykur gagnsæi og með því að fjarlægja alla millimenn ætti meira að lenda í vasa bændanna sem framleiða matinn.“

### *Yfirvöld geta lagt sitt af mörkum*

Hún segir aðkomu stjórnvalda mikilvæga til að breiða út félagslandbúnað á Íslandi.

„Það þarf að vera praktískur og fjárhagslegur stuðningur við þá sem vilja byrja með félagslandbúnað. Þar sem félagslandbúnaður styður við alla þætti sjálfbærni og loftslagsmála og dekkar fjölmargar aðgerðir í Matvælastefnu Íslands þá þyrfti að skoða af alvöru hvernig yfirvöld geta lagt sitt af mörkum til að ryðja veginn fyrir félagslandbúnað. Til dæmis með því að endurskoða reglugerðir og hafa starfsmann sem getur aðstoðað við að koma félagslandbúnaði á Íslandi á fæturna, finna leiðir og leysa úr flækjum í kerfinu.“

### *Áskoranir brautryðjandans*

Hún hefur í átta ár haldið utan um Gróanda sem er samfélagsdrifin grænmetisræktun í hlíðinni fyrir ofan Ísafjörð. Þar er nú ræktað fjölbreytt grænmeti á um 2.200 fermetra útisvæði og í myndarlegu gróðurhúsi. Einn starfsmaður sér að mestu leyti um ræktunina ásamt nokkrum lærlingum sem leggja til nokkurra klukkutíma vinnu á hverjum degi á sumrin. Þá leggja félagsmenn til vinnu hafi þeir áhuga á því.

Gróandi var stofnaður 2016 og segir Hildur að verkefnið hafi vakið mikinn áhuga hjá bæjarbúum frá byrjun. Framan af voru um 50 fjölskyldur skráðir félagar en nú hefur félagið verið opnað að því



**Þátttakendur málþingsins brugðu sér út í hléi og gæddu sér á sólberjum beint af runnum úr ræktun Gróanda.** Mynd/ Sonia Sobiech



**Hildur D. Arnardóttir rekur Gróanda sem er samfélagsdrifin grænmetisræktun sem byggir á hugmyndum félagslandbúnaðar.** Mynd / Haukur Sigurðsson



**Í hlíðinni fyrir ofan miðbæ Ísafjarðar er ræktað fjölbreytt grænmeti á um 2.200 fm útisvæði og í gróðurhúsi. Hér er loftmynd af útplöntun snemmsumars.** Mynd / Haukur Sigurðsson





**Hluti af grænmetisrækt er einnig uppskera og meðhöndlun hennar. Hluti af þátttöku í félagslandbúnaði er aðlögun að vistkerfi staðarins, byggja matargerð á þeim hrávörum sem eru aðgengilegar til uppskeru á hverjum tímapunkti.**





**Hildur Dagbjört segir það þurfi bæði þolinmæði og seiglu til að halda utan um stórt framtak en það skili sér margfalt til baka.** Mynd/ Haukur Sigurðsson

leyti að allir geta komið og fengið grænmeti gegn frjálsum framlögum. Við ræktunina er aðferðum vistræktar (e. permaculture) beitt með góðum árangri. „Vistrækt hefur eflaust haft sitt að segja varðandi hvað ræktunin hefur gengið stórvel frá fyrsta degi og við aukum við fjölbreytnina á hverju ári. Frá byrjun hefur verið ofgnótt uppskeru og vandinn meira á þá vegu að koma matnum út,“ segir Hildur.

Hún segir að það þurfi bæði þolinmæði og seiglu til að halda utan um slíkt framtak en það skili sér margfalt til baka.

„Ég hef einnig verið mjög opin fyrir að prufa mismunandi leiðir til að bjóða fólki að taka þátt og þróa rekstrarmódelið eftir því sem meiri reynsla fæst. Það er ekki auðvelt að vera brautryðjandi. Hvetja þarf félaga til að koma og uppskera matinn sem hefur verið ræktaður, ég þarf að vera virk á samfélagsmiðlum, halda viðburði, lista upp hvað er hægt að uppskera, gefa hugmyndir um hvernig hægt er að nota matinn og hvernig best er að geyma hann til skamms og lengri tíma. Þegar fólk á að uppskera sjálft þarf að kenna þeim að þekkja mismunandi grænmeti. Það þekkja til dæmis ekki margir hvernig toppurinn á rófu, næpu, nípu, gulrót, rauðrófu eða hvítlauk lítur út – þegar þú sérð ekki það sem er undir.

Svo erum við að rækta alls kyns mismunandi salat og kál sem fólk er ekki vant að sjá í búðinni.“

### *Ómetanlegt þegar matvönd börn smakka*

Hún segir þátttöku í verkefninu vera mikinn lærdóm. „Fólk öðlast skilning á þeirri vinnu sem liggur að baki matjurtaræktun og getur lært ræktunaraðferðir, komið höndunum í mold og tengst þannig náttúrunni. Hegðunarbreytingar eru einnig alltaf flóknar, ég er að reyna að fá fólk til að taka auka útúrdúr í hversdeginum, koma við í Gróanda í staðinn fyrir að skella bara grænmeti í körfuna í búðinni eins og venjulega. Í því felst einnig að læra að lifa með árstíðunum og vistkerfinu hér, byggja matargerðina á heimilinu á þeim hrávörum sem eru aðgengilegar til uppskeru á hverjum tímapunkti. Það er svo auðvelt að elda alltaf með sömu matvörunum og hafa alltaf aðgengi að þeim í gegnum búðina, sama hvort grænmetið þar komi frá Íslandi, Kína eða Mexíkó.

En það er góður hópur af fólki hér sem finnst mikilvægt að það sé ræktun í heimabyggð, að það sé ekkert skordýraeitur eða önnur efni á matnum, þau geti fengið matinn umbúðalausan, án flutnings eða annarrar mengunar og að ræktunin sé að bæta líffræðilega fjölbreytni á svæðinu og byggja upp frjósaman jarðveg. Mörgum finnst líka mikilvægt að börnin þeirra fái tengsl við náttúruna og hvaðan maturinn kemur, taki þátt og skilji hvað þarf til að rækta mat. Svo er ómetanlegt þegar matvönd börn hafa allt í einu mikinn áhuga á að smakka alls kyns grænmeti, ber og salat beint af plöntunni.“



**Ómetanlegt er að sjá börn tengjast náttúrunni og smakka á alls kyns grænmeti, berjum og salati beint af plöntunum.** Mynd / Björgvin Hilmarsson




SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
4.900.000,-

Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

MENNINGAR- OG MINNINGARSJÓÐUR KVENNA
WOMEN'S CULTURE AND COMMEMORATION FUND

MENNINGAR- OG MINNINGARSJÓÐUR KVENNA
auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutun styrkja árið 2023

Að þessu sinni mun sjóðurinn leggja megin áherslu á menningar- og menntastyrki til kvenna sem teljast tilheyra eða vinna með minnihlutahópum hérlendis.
Umsóknir geta verið bæði fyrir styrki til einstaklinga og hópa.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2023

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um verkefnið sem sótt er um styrk til, fjárhagsáætlun þess og tímalína.

Umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefsíðu sjóðsins mmk.kvenrettindafelag.is fyrir miðnætti þann 1. nóvember 2023.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Kvenréttindafélags Íslands í síma: 551-8156 eða í netfangi: mmk@krfi.is

Tilkynnt verður um styrkveitingar þann 10. desember 2023 og verður öllum umsóknum svarað.

*Menningar- og minningarsjóður kvenna var stofnaður árið 1941 í minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Hlutverk sjóðsins er að styrkja konur til náms, jafnt bóknáms sem náms til starfsréttinda, jafnt hér á landi sem erlendis. Enn fremur að veita konum styrk til ritstarfa, einkum á sviði kynjajafnréttis og kvennasögu*

Samfélagsleg ábyrgð í sjávarútvegi

SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2023
fer fram í Hörpu 2. og 3. nóvember.
Skráðu þig á sjavarutvegsradstefnan.is

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2023

Aðalstyrktaraðilar
Arion banki · BRIM · HAMPIÐJAN · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · ICELANDAIR CARGO · ISI ICELAND SEAFOOD · iTUB · marel · Pipar\TBWA · TM

UTAN ÚR HEIMI



Gervihnattarmynd frá 10. september sýnir Larissa-svæði í Þessalíu og hvernig Pinios á hefur flætt langt yfir bakka sína og valdið miklu tjóni á þessu stóra landbúnaðasvæði Grikklands. Mynd / European Union, Copernicus Sentinel-2 imagery

## Hamfarir:

# Matarkarfa Grikkja kaffærð

**Stærsta landbúnaðarsvæði Grikklands varð ofsaveðri að bráð í september og ljóst er að landsvæðið mun þurfa langan tíma til að jafna sig.**

Um fjórðungur allrar landbúnaðarframleiðslu Grikkja fer fram á frjósömum sléttum Þessalíuhéraðs á meginlandinu. Þar er meðal annars ræktað hveiti, bygg, bómull, baunir og hnetur í stórum stíl ásamt ávöxtum og tómötum að ónefndu fóðri fyrir búfé, enda má finna eitt allra stærsta graslenda landsins í héraðinu.

Fimmtán manns fórust þegar ofsaveðrið Daníel fór yfir Grikkland í september og varð fyrrnefnt hérað þar verst úti. Um fimm þúsund manns þurftu að yfirgefa heimili sín, innviðir eyðilögðust, talið er að yfir 200.000 dýr hafi drukknað og talað er um mesta uppskerubrest þar í landi í manna minnum. Talið er að um 73.000 hektara lands hafi farið þar undir vatn.

Kom stormurinn á versta tíma enda mikið af afurðum svæðisins við það að vera uppskorin.

Þrátt fyrir fyrirheit stjórnvalda um neyðarhjálp til handa bændum til að endurbyggja heimili sín og starfsemi mun taka langan tíma að koma þessari stærstu matarkistu Grikklands til fyrra horfs. Í fjölmiðlum ytra segja sérfræðingar að aur sem liggur yfir ræktarlandi hafi neikvæð áhrif á jarðvegsgæði, þau tré sem enn standi séu bakteríusmituð eftir vatnsflauminn. Þá taki tíma að fjölga hjörðum geita og kúa eftir miklar búsifjar. Yfirvofandi er hætta á matarskorti og verðhækkunum vegna uppskerubrestsins.

Ofsaveðrið kom í kjölfar eins heitasta sumars Grikklands síðan mælingar hófust sem leiddi af sér víðtækar eyðileggingar víða um land og eyjar af völdum umfangsmikilla gróðurelda og varð á þriðja tug manns að aldurtila.

*/ghp*

Bændablaðið kemur næst út
2. nóvember

www.bbl.is

## Helsinki:

# Zetor-veitingastaður

## – Finnskur sveitamatur og dráttarvélar

**Rétt við aðallestastöðina í miðborg Helsinki er veitingastaðurinn Zetor, sem býður upp á gamaldags mat í landsbyggðarumhverfi.**

Þeir sem eru á gangi um miðborg Helsinki reka sumir augun í stórt Zetor merki utan á skrifstofubyggingu. Sé þetta skoðað nánar og gengið í port þar á bak við komast vegfarendur fljótt að því að hér eru engar aðalskrifstofur Zetor dráttarvéla í Finnlandi, heldur veitingastaður. Að utan virðist þetta vera eins og hver önnur sjoppa, en skrefið inn fyrir dyrnar dregur mann hundruð kílómetra út á land.

Á móti manni tekur vægur vottur af fjósalykt, finnsk sveitatónlist og innréttingar úr þungum bjálkum sem láta staðinn líta út fyrir að vera gömul timburhlaða – ekki grátt bakhús úr steinsteypu. Það fyrsta sem blasir við er stór plastkýr og rétt aftan við hana er grænn og gulur Zetor traktor og utan um hann er búið að smíða barborð með plássi fyrir ellefu manns. Innar eru svo tvær aðrar Zetor dráttarvélar sem er búið að fella inn í innréttingarnar. Lýsingin í loftinu er ýmist frá ljósaperum í mjaltafötum eða gamlir ljóshundar hér og þar.

Borðið sem manni er vísað til gæti allt eins hafa verið dekkað af ömmu fyrir sunnudagskaffið – köflóttur dúkur og kerti í miðjunni. Hvergi sjást servíettur, heldur eru eldhúsrúllur á borðinu og þegar réttirnir eru bornir fram fylgja með þeim samanbrotnar arkir af sams konar rúllu. Þjónarnir eru vinalegir og sumir þeirra líta út fyrir að starfa þarna til að safna fyrir innborgun á jarðakaupaláni.

Matseðillinn er fjölbreyttur og er boðið upp á rétti úr hráefnum sem fágæt eru á Íslandi, eins og hreindýr og leipäjuusto ost, sem er framleiddur úr broddi. Þá er einnig mikið af réttum úr laxi og nautakjöti og örfáir réttir með svínakjöti og kjúkling. Þeir sem vilja hamborgara og franskar þurfa að leita annað. Undirritaður fékk sér grillaða lungamjúka nautalifur með kartöflumús í aðalrétt og var eftirrétturinn leipäjuusto ostur í karamellusósu borinn fram með múltuberjasultu.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu staðarins var veitingastaðurinn stofnaður í desember 1991 og er því að verða 32 ára. Starfsfólkið segir staðinn sérstaklega mikið sóttan af landsbyggðarfólki þegar það á leið í borgina, enda steinsnar frá aðalbrautastöðinni.

*/ÁL*



Zetor í John Deere-litum með sæti fyrir níu manns. Myndir / ÁL



Gamall Zetor sem hefur verið felldur inn í innréttinguna.



Lungamjúk grilluð nautalifur.






# Svínapest í Skandinavíu

**Fyrsta tilfelli afrísku svínapestarinnar greindist í Svíþjóð 6. september. Smitleið er óljós.**

Sóttin greindist í villisvínum en hefur ekki borist enn inn á bú. Þetta er alvarlegur vírussjúkdómur sem drepur svín á nokkrum dögum, en berst ekki yfir í menn. Ekki er enn ljóst hvernig pestin barst til Svíþjóðar, en hún getur meðal annars borist með sýktu kjöti, klæðnaði og öðrum búnaði. Stjórnarráð Svíþjóðar greinir frá.

Mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað undanfarin ár vegna fyrirsjáanlegrar hættu á útbreiðslu sóttarinnar til Svíþjóðar. Þar til gerð yfirvöld ásamt samtökum veiðimanna vinna að því að kortleggja útbreiðslu smitsins.

Aðgangur að sýktum svæðum verður heftur, sem þýðir að ekki má dvelja þar, tína sveppi eða ber, veiða, höggva skóg eða stunda útivist.

Í fréttatilkynningu Matvælastofnunar (MAST) um málið segir að engin lækning sé við sjúkdómnum en að hægt sé að verjast honum með bóluefnum. Veiran lifir lengi í frosnu og þurrkuðu kjöti og getur dreifst yfir í svín komist þau í sýkt matvæli. MAST vill af þessu tilefni árétta mikilvægi sóttvarna, en í leiðbeiningum um efnið er meðal annars sagt að ekki skuli gefa búfénaði matarleifar – óháð því hver uppruninn sé.

Þá skulu þeir sem hafa komist í snertingu við búfé erlendis bíða í tvo sólarhringa áður en þeir heimsæki svínabú. Helstu einkenni afrískrar svínapestar eru hár hiti, minnkuð matarlyst, litabreytingar á húð og skyndilegur dauði.

*/ÁL*



Vökvunarbúnaður á akri í Texas. Mynd / Joel Dunn - Unsplash

## Bandaríkin:

# Grunnvatn á þrotum

**Lindir og vatnsæðar sem áður hleyptu lífi í borgir og ræktarland Ameríku ganga óðar til þurrðar. Óhóflegri vatnsnotkun er um að kenna og gera loftslagsbreytingar vandann enn verri.**

Í Kansas, sem oft er nefnt brauðkarfa Bandaríkjanna, geta vatnsæðar sem áður færðu líf í milljón hektara ekki staðið undir þeirri miklu kornrækt sem þar er stunduð og hafa uppskerutölur snarlækkað. Óttast er að ef vatnsæðar hnigna víðar muni Bandaríkin ekki lengur geta staðið undir því að vera stórveldi í matvælaframleiðslu. The New York Times greinir frá.

Vatnslindir í New York-ríki geta ekki lengur gefið af sér nægt drykkjarvatn fyrir byggðina í Long Island. Í Phoenix í Arizona hafa yfirvöld gefið út að grunnvatn sé það lítið að takmarka þurfi uppbyggingu nýrra úthverfa umhverfis borgina. Sérfræðingar spá því að skortur verði á neysluvatni víða um Bandaríkin. Í öðrum hlutum landsins, eins og Utah, Kaliforníu og Texas, er vatni dælt upp í svo miklu magni að landsig hefur skemmt vegi, grunnar húsa hafa skekkst og sprungur hafa myndast í landslaginu. Þá hafa lindár ýmist þurrkast upp eða breyst í litla læki. Vegna hnattrænnar hlýnunar hefur hægst á endurnýjun vatns í vatnsæðum, þar sem yfirborðsvatn gufar upp í staðinn fyrir að seytla niður í jarðveginn. Þá hafa þurrkar aukið þörfina á að dæla upp grunnvatni til neyslu og ræktunar sem hefur myndað vítahring.

Ástandið hefur skapast að hluta til vegna ræktunar á vatnsfrekum nytjaplöntum á þurrum svæðum, svo sem refsmára og bómull. Þá er einnig of mikið traust sett á notkun grunnvatns til að veita neysluvatni í uppbyggingu nýs þéttbýlis. Lagaumhverfi nokkurra ríkja, eins og Texas, Oklahoma og Colorado, heimilar uppdælingu grunnvatns þangað til það gengur til þurrðar.

Fram á miðja síðustu öld reiddu bandarískir bændur sig nær alfarið á regnvatn við akuryrkju.

Eftir seinni heimsstyrjöld urðu miklar framfarir í vökvunarbúnaði sem gat tvöfaldað uppskeruna. Þessi kerfi nota gífurlegt magn af vatni og eftir að hafa náð toppi um síðustu aldamót hafa uppskerutölur fallið í samræmi við minnkandi aðgang að vatni. Talið er að skaðinn sé víða varanlegur þar sem vatnsæðar geta fallið saman þegar öllu vatni er dælt upp. /ÁL








Djásnahópurinn á ferð í Skagafirði til að meðal annars líta á Hraunar sem var í þjálfun hjá Líneyju Maríu Hjálmarsdóttur á Tunguhálsi II. Myndir / Djásnin

## Hrossarækt:

# Ræktunar- og gleðifélag hestakvenna

Þórdís Anna Gylfadóttir
thordisannag@gmail.com



**Hugmynd kviknaði í samkvæmi nokkurra kvenna innan Brokkkórsins í desember árið 2016 að stofna félagsskap kvenna sem ætti stóðhestsefni. Úr varð hestakvennafélagið Djásnin sem telur í dag hátt í 80 aðildarfélaga.**

Tildrögin voru þau að tarot-spil voru lögð til að ráða í hvaða stóðhestur væri álitlegur til ræktunar sumarið 2017. Spádómurinn fól í sér áskorun að hugsa út fyrir rammann því framtíðin bæri í skauti sér skemmtilegar stundir í góðum félagsskap, ferðalög, hindranir til að sigrast á og álitlegan veraldlegan feng. Skemmtilegar umræður urðu í kjölfarið og var bent á að tími væri til kominn að konur létu meira að sér kveða í heimi ræktunar á íslenska hestinum og almenna eflingu kvenna á því sviði. Þær tólf konur sem staddar voru á þeirri stundu í samkvæminu ákváðu þar með að taka málin í sínar hendur og stofna hestakvennafélag um eign á stóðhestum og hefja leit að stóðhestsefni sem bæði í gamni og alvöru gæti uppfyllt þá framtíðarsýn sem tarot-lögnin gaf fyrirheit um.

### *Sterkar ættir skilyrði*

Lagt var upp með að velja hest með sterkar ættir, faðirinn skyldi vera nokkuð hátt í umræðu þess tíma og móðirin með góðan hæfileikadóm, fyrstu verðlauna foreldrar skilyrði. Vel gekk í kjölfarið að lesa Worldfeng sundur og saman, finna þrjá álitlega fola á fyrsta vetri, rjúka norður í land að skoða þá, velja þann besta og kanna svo áhuga hjá vinkonum að kaupa hlut í viðkomandi hesti. Úr varð að ræktunar- og gleðifélagið Djásnin var formlega stofnað 2. desember 2016, eingöngu ætlað konum, og er fjöldi félaga í dag um 70–80 konur.

Gleðin er í fyrirrúmi hjá félagskonum en ákveðnum reglum þarf þó að lúta er viðkemur stofnun félaga hjá yfirvöldum. Lög og reglur félagsins gerðu í upphafi ráð fyrir að ef upp kæmi ágreiningur yrðu lögð tarotspil til að leysa hann. Fyrirtækjaskrá gat ekki samþykkt slík lög og urðu því til að auki reglur félagsins og lögin sniðin með hefðbundnum hætti.

### *Eingöngu ætlað konum*

Til að hljóta inngöngu í félagið þarf viðkomandi að uppfylla tvö skilyrði; að vera kvenkyns og eiga hlut í stóðhesti í eigu félagsins. Margrét Dögg Halldórsdóttir er ein þeirra sem kom að stofnun félagsins og segir að aðalmarkmið félagsskaparins sé að hafa gaman og efla þátttöku kvenna í hestamennskunni.

„Markmiðið er að vera í góðum félagsskap kvenna og efla konur í alls konar hestamennsku. Við gerum ýmislegt saman, við förum t.d. í árlegar heimsóknir á hrossaræktarbú, fjölmennum að skoða folana okkar sem við köllum „Djásnin okkar“, þar sem þeir eru í þjálfun eða uppeldi hverju sinni, og höfum staðið fyrir sýnikennslu og fyrirlestrum, bæði fyrir okkur og aðra.

Við búum okkur til merktan fatnað og meira að segja fengum við gerðar grímur með lógóinu okkar þegar Covid-faraldurinn geisaði, skemmtilegt verkefni unnið með nemendum í Tækniskólanum.

Svo erum við flestar nokkuð söng-elskar og sumar jafnvel hagyrtar,“ segir Margrét og bætir hlæjandi við; „Það fer býsna vel saman og er aldrei leiðinlegt.“

### *Upplitsdjarfur og litfagur*

Fyrsti hesturinn sem félagið keypti var Hraunar frá Sauðárkróki, undan Skýr frá Skálakoti og Urði frá Sauðárkróki, úr ræktun Guðmundar Sveinssonar og Auðar Steingrímsdóttur á Sauðárkróki. Upplitsdjarfur og litfagur foli sem heillaði nýju eigendur sína með einstakri geðprýði. Hraunar er fæddur 2016 og var keyptur á vordögum 2017. Það standa sterkar ættir á bak við Hraunar frá Sauðárkróki og mörg nafntoguð hross koma þar fyrir. Urður, móðir hans, er undan Óði frá Brún og Orradótturinni Lyftingu frá Skefilsstöðum.

Undan Hraunari eru fædd 22 afkvæmi og og er farið að temja 2019 árganginn og strax ljóst að margir kostir eru að erfast frá Hraunari, ekki hvað síst einstök geðprýði.

### *Nýr og spennandi hestur*

Ljóst var að tilgangur félagsins væri ekki að eiga sína hesta til lengri tíma svo fljótlega var farið að leita að næsta hesti, láta dæmið rúlla þannig að þegar einn yrði fulltaminn og sýndur væri annar að byrja sín fystu skref í tamningu. Því var enn farið að skoða gagnagrunninn og skanna kynbótasýningar.

Fest voru kaup á öðrum hesti og kemur sá úr ræktun þeirra Árna Björns Pálssonar og Sylvíu Sigurbjörnsdóttur sem þau kenna við Hrafnshól. Hrafnar frá Hrafnshóli er fæddur 2019 og faðir hans er Fenrir frá Feti sem er undan Loka frá Selfossi og Fljóð frá Feti. Móðir Hrafnars er Vissa frá Valstrýtu sem er undan Grun frá Oddhóli og Heklu frá Kálfholti. Báðir foreldrar eru því undan landsmótssigurvegurum, Grunur vann tölt á landsmóti 2006 og Loki vann B-flokk á landsmóti 2014.

Á bak við Hrafnar eru sterk töltgen, báðir foreldrar eru með 9,0 fyrir tölt, í beinan karllegg eru fimm ættliðir af hestum með 9 eða 9,5 fyrir tölt og í öllum ættlínum eru háar tölteinkunnir í röðum.






Hraunar frá Sauðárkróki, knapi Líney María Hjálmarsdóttir.



Hrafnar frá Hrafnshóli, knapi Birta Ingadóttir.

## HRAUNAR

Fyrir norðan í sumar með hryssur í hólfi
Hraunar sælunnar naut, frelsinu feginn.
Nú stikar hann stórum á vatnsbretti og víbragólfi
í vor mun hann sýna mátt sinn og megin.

## HRAFNAR

Í Rangárþings ranni vex allt og dafnar,
reistur er Oddhóll og grasið allt fanngrænt.
Fyrir Djásnirnar Diddi, fóstrar nú Hrafnar,
dálítið efins um að tarot sé hestvænt.

*Höf. Áslaug Sólbráð*

***Fyrsta djásnið selt***

Nýlega dró svo til tíðinda í sögu félagsins þar sem Hraunar frá Sauðárkróki, fyrsta djásnið, var seldur. Blendnar tilfinningar gerðu vart við sig hjá Djásnakonum, gleði en líka ákveðinn tregi að sjá á bak hestinum, en Hraunar er í góðum höndum og framtíðin spennandi.

„Það kom á daginn að tarotlögn Hraunars er að rætast, allt hefur sinn tíma,“ segir Margrét.

Valnefnd Djásnanna hefur þegar hafið leit að nýjum hesti, þeim þriðja sem verður í eigu félagskvenna, og verið er að skoða Worldfeng enn og aftur og rifja upp kynbótasýningar sumarsins. Margrét segir að það séu margir spennandi folar sem koma til greina, svo er spurning hvort þeir eru til sölu.

Hestarnir eru valdir gaumgæfilega og hefur félagið eins og áður segir sett sér nokkur viðmið þegar kemur að vali á stóðhestum. „Við leitum að stóðhestsefni sem við sjálfar myndum vilja nýta í okkar ræktun, að hann gæti verið faðir reiðhesta okkar í framtíðinni. Þó nokkrar innan okkar raða hafa einmitt notað Hraunar til ræktunar og afkvæmi undan honum virðast lofa mjög góðu,“ segir Margrét.

***Ásókn í félagið***

Ákveðið var að bjóða til sölu 60 hluti í fyrsta stóðhestinum sem keyptur var. „Það var auðvitað svolítið bratt að fara af stað með þetta og selja alla 60 hlutina en núna er ásókn í að komast í félagið. Þær sem þegar eiga hest hafa forgang með að kaupa hlut í næsta hesti, svo hópurinn er ekkert endilega að þenjast mikið út.

En stundum vilja einhverjar selja hlut og þá er einhver hreyfing á félagatalinu en hún er ekki mikil,“ segir Margrét. Hlutirnir í Hrafnari eru einnig 60 og það virðist vera tala sem gengur vel upp að halda utan um og selja. Þó það sé ekki ófrávíkjanleg regla að konur komi að öllu sem varðar hesta Djásnanna þá hefur það æxlast svo að konur hafa hingað til verið í aðalhlutverki í tamningu og þjálfun bæði Hraunars og Hrafnars hvernig sem framhaldið verður.

***Vonin kemur manni langt***

Margrét segir að þó gleðin sé í fyrirrúmi þá sé þetta ekkert bara grín. „Við ætlum okkur að gera sem mest úr þeim hestum sem við eigum. Við vöndum valið og fylgjum þeim vel eftir, en eins og aðrir sem standa í hrossarækt þá rekumst við á alls konar óvæntar hindranir, það gengur ekkert endilega allt upp eins og maður ætlar. Skemmtilegast er að stúdera og spá í framtíðinni áður en farið er að temja hrossin, vonin kemur manni svo langt og veitir hugmyndafluginu vængi. Svo bara fer sem fer,“ segir Margrét.

Að lokum segir Margrét að það að skoða ættir hrossa í WorldFeng sé góð afþreying. „Það er afskaplega gaman að skoða ættir hrossa og velta fyrir sér eiginleikum sem erfast. Mikilvægt er að þakka þeim sem hafa haft elju til að rækta hross á Íslandi í gegnum tíðina og ná fram kynbótum af hugsjón. Við Djásnakonur erum afar þakklát og erum spenntar að halda áfram að rækta hross og eiga frambærilega stóðhesta. Fjörið er rétt að byrja. Það virðist fara vel saman að nýta veraldlegar leiðir og andlegar til að leggja línur í ræktunarstarfi, það er allavega mjög skemmtilegt.“












Verðlaunahrútarnir, þrír efstu. Efstur stóð svartbotnóttur lambhrútur frá Austvaðsholti, þá svartgolsóttur frá Árbæ og loks kolsvartur frá Köldukinn. Þau sem halda í eru: Viktor í Selási, Ólafur í Árbæ og Valería á Hellu.



Litfegurstu lömbin samkvæmt kjöri sýningargesta, þrjú efstu. Efst stóð grá feldfjárgimbur frá Köldukinn, þá gráflekkótt baugótt gimbur frá Selási og loks grábotnótt gimbur frá Skarði. Þau sem halda í eru: Hákon í Selási, Lýsa í Köldukinn og Sumarliði í Skarði.



Ær með afkvæmum frá Húsagarði og gamalreynt fólk við sýningar, Markús, Sveinn Bjarki og Dýrfinna í Húsagarði.
Myndir / Páll Imsland

## Fjárræktarfélagið Litur:

# Sauðalitasýning

**Sunnudaginn fyrsta þessa mánaðar fór fram árleg sauðalitasýning Fjárræktarfélagsins Litar í Holta- og Landsveit, sem nú er hluti af Rangárþingi ytra. Sýningin var haldin í Árbæjarhjáleigu og var fjölsótt að vanda.**

Hún tókst hið besta undir stjórn formanns félagsins, Guðlaugs Kristmundssonar á Lækjarbotnum, og var rekin áfram af dugnaði kynnisins, Kristins Guðnasonar í Árbæjarhjáleigu.

Félag þetta eiga bændur og annað sauðalitaáhugafólk í uppsveitum Rangárþings með sér og hafa átt í meira en 20 ár. Félagið var stofnað 12.12.2002 að undirlagi Guðlaugs í Lækjabotnum og taldi í upphafi um 25 félaga. Félagið hefur haldið sýningar síðan árið 2005, en þá var fyrsta sýningin haldin í Flagbjarnarholti og dómari var Jón Sigurðsson frá Úthlíð. Markmið félagsins var að



Páll Imsland.

bæta og efla ræktun á mislitu fé og skemmta sér yfir umræðu um fé og fjárliti. Þetta hefur fyrir löngu tekist svo vel að mislitt fé á þessum slóðum er nú enginn eftirbátur þegar kemur að samanburði við annað fé og litaauðgin er ótrúleg. Þarna má finna alla liti og litaafbrigði og alls kyns litmynstur sem þekkjast í íslenska sauðfjárstofninum, nema hinn nýtilkomna úlfgráa lit sem var að uppgötvast austur á Hlíð í Lóni.

Á sýningunni er féð dæmt fyrir bæði hefðbundin fjárgæði, eins og á hinum vinsælu og frægu hrútasýningum, og eins fyrir feldinn og litinn.

Dómar fara fram í þrem flokkum. Fyrst eru dæmdar lambgimbrar, því næst lambhrútar og loks ær með afkvæmum. Þrjátíu og níu gimbrar mættu til dóms, átján hrútar og eitthvað innan við 10 ær með afkvæmum. Vart þarf að taka fram að eðli málsins samkvæmt gætti þarna allra lita nema hvíts.

Dómarar voru Lárus Birgisson, ráðunautur í Borgarnesi, og Vignir Siggeirsson í Hemlu og ritari þeirra var Lovísa Herborg Ragnarsdóttir í Hemlu og fórust þeim störfin fagmannlega. Í mati á lambhrútum og gimbrum vegur litur 50% á móti skrokkgerð en í tilviki áa með afkvæmum vegur liturinn aðeins meira, eða 60%.

Auk hinnar almennu sýningar og dóma voru sett sér í dilk allmörg lömb í skemmtilegum eða athyglisverðum litum og litmynstrum og áhorfendum gefinn kostur á að velja litfegursta lambið. Auk þess voru sýnd nokkur feldlömb. Feldfé kallast fé með



Verðlaunagimbrarnar, fjórar efstu. Efst stóð morgrá golsubotnótt gimbur frá Skarði, þá svört gimbur frá Skarði og í þriðja sæti var grá gimbur frá Árbæ og loks grábaugótt gimbur frá Austvaðsholti. Þau sem halda í eru talið frá vinstri: Jens í Stóra-Klofa, Anna Sigríður og Berglind í Skarði, Guðmundur í Árbæ og Viktor í Selási.

ullarafbrigði sem er sérlega mjúkt og hrokkið og er ræktað á allmörgum bæjum sérstaklega vegna þessara eiginleika. Af feldfé er bæði notuð ull og gærur.

Félag þetta er ekki fjárglæfrafélag þó það snúist um fé og félagsgjöld eru engin. Árlegri fjárþörf félagsins er haldið uppi með því fé sem fæst fyrir efnilega og fallega lífgimbur sem einhver félagsmanna leggur til og er boðin upp í lok samkomunnar.

***Páll Imsland**, jarðfræðingur & áhugamaður um íslenska húsdýrastofna.*


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is




Kristinn í Árbæjarhjáleigu, kynnir, og Lárus Birgisson og Vignir Siggeirsson, dómarar sýningarinnar að störfum.



Hér sést Mormaga með báðar morgráu golsóttu dætur sínar haustið 2018.



Ærin sem hlaut fyrstu verðlaun í flokki áa með afkvæmum var Morgundís frá Skarði. Lömbin hennar eru ljós grábotnóttur hrútur, grágolsótt gimbur og dökkgrá botnótt gimbur, sem einnig varð í þriðja sæti fyrir litfegurð. Lömbin eru undan hrútnum Seranó frá Skarði sem er grábotnóttur. Morgundís gekk í heimahögum í sumar með öll lömbin sín og skilaði þeim bráðfallegum og sælum. Þau sem halda í eru öll frá Skarði, Erlendur bóndi og börn hans þrjú, Helga Fjóla, Anna Sigríður og Sumarliði.



Móðir Morgundísar, Mormaga frá Skarði, með Morgundís og systur hennar tvær undan Litningi var í verðlaunasæti á sýningu félagsins árið 2018. Mormaga lengst til vinstri, þá Sumarliða, Morgundís og loks Gráfíkja. Þeir sem halda í eru: Jens í Stóra-Klofa, Sumarliði í Skarði, Einar Grétar á Hvolsvelli og Eiður í Hrólfsstaðahelli.



Morgundís frá Skarði er hér nýfædd með móður sinni, Mormögu, og systrum sínum tveim, Sumarliðu og Gráfíkju. Mormaga gekk í heimahögum um sumarið með báðar morgoslsóttu dætur sínar en morgráa systirin, Gráfíkja, var vanin undir aðra á og fór á fjall. Faðir þessara þrílembinga var Litningur frá Hellu.












Mynd Ellerts Más hefur vakið verðskuldaða athygli á ljósmyndasíðum.

# Hrútur á Þverhamri

**Ellert Már Randversson tók þessa skemmtilegu mynd 28. september á Þverhamri í Breiðdal innarlega í Stöðvardalnum, undir svokölluðum Þúfutindsdal. Hrúturinn vildi ekki sameinast hópi, sem var verið að smala og fór því að verja sig fyrir ofan fossinn.**

Skilja þurfti hrútinn eftir en hann náðist í næstu smölun, sem var viku síðar. „Ég er bóndi á Gilsárstekk í Breiðdal en vinn með, sem verktaki í 100% starfi, enda ekki hægt að lifa af því að vera eingöngu bóndi. Ég og konan mín tökum þátt í að smala í Stöðvarfirðinum vegna þess að okkar fé fer úr Gilsárdal yfir Reindalsheiði og yfir í Stöðvardal, þess vegna var ég þarna og náði myndinni af hrútinum og fossinum,“ segir Ellert Már. */MHH*



Anne Beathe var leyst út með bókinni *Frændur fagna skógi* eftir Óskar Guðmundsson, sem rekur sögu samskipta Noregs og Íslands.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson gróðursetti rauðblaða íslenskt birkitré, Heklu, sem er afurð plöntuerfðafræðingsins Þorsteins Tómassonar sem hjá honum stendur ásamt Anne Beathe Tvinnereim, ráðherra alþjóðaþróunarmála og norrænnar samvinnu í ríkisstjórn Noregs. Myndir / Hjördís Jónsdóttir

## Skógrækt:

# Samstarfi fagnað

**Skógræktarfólk og áhugafólk um skógarmenningu frá Íslandi og Noregi kom saman í Heiðmörk á dögunum til að fagna áratuga samstarfi þjóðanna í skógræktarmálum.**

Skógræktarfélag Reykjavíkur bauð þar ráðherrum landanna tveggja að leggja skógrækt lið með gróðursetningu.

Stuðningur Norðmanna við skógrækt á Íslandi á sér langa sögu. Forfeður margra þeirra trjáa sem best þrífast á Íslandi koma frá Noregi og hafa Norðmenn lagt mikið af mörkum til skógarmenningar á Íslandi, m.a. hafa þeir gróðursett um milljón trjáplöntur hér á landi.

Anne Beathe Tvinnereim, ráðherra alþjóðaþróunarmála og norrænnar samvinnu í ríkisstjórn Noregs, kom til landsins af þessu tilefni og gróðursetti í Heimaási í Heiðmörk fjallaþin, sem kannski mun þjóna sem Oslóartré Reykvíkinga í framtíðinni. Guðmundur Ingi Guðbrandsson félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra gróðursetti íslenskt birki, Heklu.



Forfeður margra þeirra trjáa sem best þrífast á Íslandi koma frá Noregi. Anne Beathe gróðursetti fjallaþin sem kannski mun þjóna sem Oslóartré Reykvíkinga í framtíðinni.

Að gróðursetningu lokinni fór fram móttaka í Zimsen-húsinu í Heiðmörk þar sem ráðherrarnir fengu gjöf frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, bókina *Frændur fagna skógi* eftir Óskar Guðmundsson. Bókin rekur sögu samskipta Norðmanna og Íslendinga með áherslu á skiptiferðir skógræktarfólks frá 1949 til 2000. */ghp*




# Tveggja daga Slow Food-hátíð

## Dagskrá

### Föstudagur 20. október

**11:30** Slow Food á fleygiferð og aldrei mikilvægari, Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food.
**12:00** Philosophy of food, Ole Martin Sandberg.
**12:30** Skyr, Þóra Valsdóttir
**13:00** Íslenska geitin, Birna Baldursdóttir
**13:30** Mikilvægi skordýra, Gísli Már Gíslason
**14:00** Skógarmatur, Elisabeth Bernard
**14:30** Kartöflur frá fræi til fæðu, Dagný Hermannsdóttir
**15:00** Af hverju lífrænt? VOR verndum og ræktum
**15:30** Slow Food travel.
**16:00** Smáframleiðendur, tækifæri og möguleikar, Oddný Anna Björnsdóttir og Handverksbjór, smakk og umræður, Hinrik Carl Ellertsson
**16:30** Hæglætis Mathús, hvað er nú það? Gunnar Garðarsson

### Laugardagur 21. október

**12:00** Hvernig á að lyktgreina vín, Gunnþórunn Einarsdóttir
**13:00** Þari úr hlaðborði fjörunnar, Eydís Mary Jónsdóttir
**14:00** Íslenskt ostasmakk. Eirný Sigurðardóttir

Slow Food® Reykjavík

**Slow Food Reykjavík stendur fyrir tveggja daga hátíðahöldum undir yfirskriftinni BragðaGarður.**

Hátíðin fer fram dagana 20. og 21. október næstkomandi, með fræðsluerindum, vinnustofum og matarmarkaði Samtaka smáframleiðenda matvæla.

Hátíðin verður haldin í Garðskála Grasagarðs Reykjavíkur og verður Kaffi Flóra með veitingar í boði í anda Slow Food.

Fimmtudaginn 20. október, á degi kartöflunnar, verður sérstök sýning á frækartöflum. Í grennd við Garðskála Grasagarðsins verður sýning á villtum erfðalindum ræktaðra nytjaplantna.

Ókeypis er inn og á alla fyrirlestra og vinnustofur.

BragðaGarður er samstarfsverkefni Slow Food Reykjavík, Grasagarðs Reykjavíkur, Samtaka smáframleiðenda matvæla, Beint frá býli, Biodice um Líffræðilega fjölbreytni 2023 og Kaffi Flóru. */smh*

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP

# „Yndislegust ert þú enn Búkolla ...“

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Vilborgu Dagbjartsdóttur.**



Vilborg Dagbjartsdóttir.




Vilborg fæddist á Vestdalseyri við Seyðisfjörð árið 1930 og lést haustið 2021 í Reykjavík þar sem hún bjó lengstum. Hún var kennaramenntuð og nam einnig bókasafnsfræði. Hún starfaði sem kennari og rithöfundur og skrifaði mjög mikið og þýddi fyrir börn. Hún orti einnig fjölda ljóða sem hafa birst á bókum og í blöðum og tímaritum hérlendis og erlendis og var með fyrstu íslensku konum til að skrifa módernísk ljóð. Sögur og ljóð Vilborgar hafa lengi notið mikillar og almennrar hylli og lifa góðu lífi meðal ungra og eldri lesenda.

Ljóðasafn frá 2015 hefur að geyma allar ljóðabækur Vilborgar, frumsamin ljóð og þýdd og nokkur áður óbirt ljóð. Á baksíðu safnsins segir að hún „yrki á frjálsu, nútímalegu ljóðmáli og kjör og reynsla kvenna og barna verði henni oft að yrkisefni“. Stríð, friður, trú og náttúra eru henni jafnframt hugleikin.

Vilborg var ein frumkvöðla Rauðsokkahreyfingarinnar, var lengi í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna og sat m.a. í stjórn Stéttarfélags íslenskra barnakennara, Rithöfundafélags Íslands og Rithöfundasambands Íslands. Hún var sæmd hinum ýmsu verðlaunum fyrir ritstörf sín, sem og fálkaorðunni og heiðursverðlaunum IBBY fyrir störf í þágu barna. Vilborg var gift Þorgeiri Þorgeirsyni rithöfundi.

/sá

*Yndislegust ert þú enn*
*Búkolla mín kær*

***Birtan í kirkjunni***

*Í litlu sveitakirkjunni*
*er ekkert skraut*
*engar myndir*
*ekki einu sinni altaristafla*
*heldur ferkantaður gluggi*
*með einni rúðu*
*yfir altarinu*

*Á sumrin innrammar*
*hann fífilbrekku*
*um vetur þyrlar skafrenningurinn*
*kófinu upp á rúðuna*

*Birtan í kirkjunni*
*er köld og hrein*
*eins og guð*

*Úr Ljóðasafni*
*Vilborgar Dagbjartsdóttur,*
*JPV útgáfa, 2015.*

***Nafngift***

*Hún kom á vordegi*

*Í glaða sólskini*
*leiddi pabbi hana*
*heim túnið*

*Við fögnuðum henni öll*
*þar sem hún stóð*
*í grænkandi hlaðvarpanum*

*Svo ung*
*svo falleg*
*og rauð*

*Kolla – Rauðkolla*
*Kusa-kusa-kus!*

*Hrópuðum við*
*hvert í kapp við annað*
*Vildum gefa henni nafn*

*Þá gekk mamma til hennar*
*og strauk henni yfir malirnar*
*lengi og blíðlega*

*Þögnin varð djúp*

*Mamma horfði yfir hópinn*
*geislandi augum*
*og mælti:*

*Ekki rauð*
*heldur gullin*
*logagyllt*
*eins og sóley í túni*

*Sóley skal hún heita*

***Ástarjátning***

*Landbúnaðarráð-*
*herrann laut niður, kyssti*
*votar granirnar*

*og hvíslaði blítt:*










LÍFRÆNT ÍSLAND


Kerfisbundin notkun eiturefna í landbúnaði kemur niður á heilsu neytenda og gæðum jarðvegs. Vottuð lífræn framleiðsla sannar gildi sitt þar sem sjálfbærni er markmið í sjálfu sér.

# Er lífrænt dýrara?

**Oft kemur verð á matvælum fram í almennri umræðu hér á landi, ekki síst á verðbólgutímum sem nú. Sú skoðun er ríkjandi að lífrænt vottuð matvæli séu dýrari, og að sumra mati of dýr til að geta orðið almennur valkostur.**


Eygló Björk Ólafsdóttir.

En í hverju felst sá mögulegi verðmunur og fyrir hvað er verið að greiða? Á þessum skrýtnu tímum þar sem sjálfbærni er lykilhugtak er mikilvægt að hugleiða aðra mælikvarða á verðmæti matvæla en verð pr. kg, og framtíðin getur oltið á því.

Á þessu hvílir sú skoðun að merkja matvæli með kolefnisspori sem dæmi. Lífrænir bændur nota ræktunaraðferðir sem eru mildari fyrir umhverfið. Lífræn ræktun er hringrásarkerfi í framkvæmd, sem m.a. felst í að nýta lífrænt efni úr nærumhverfi og vinna úr því áburð í stað þess að notaður sé sá tilbúni áburður sem framleiddur er með miklum umhverfiskostnaði í öðrum löndum og fluttur um langa leið. Lífrænn jarðvegur sem fóðraður er á lífrænum áburði og án eiturefna er ríkari af líffræðilegri fjölbreytni, og á því hangir allt annað líf til framtíðar. Þetta eru mikil verðmæti sem eðlilegt er að sé greitt fyrir. Þeir sem þarna koma til greina til að borga brúsann eru lífrænir framleiðendur sjálfir sem taka þá af sinni framlegð eða eignum, neytendur í gegnum hærra verð og yfirvöld í gegnum landbúnaðarstefnu og styrkjakerfi.

Í búfjárrækt hafa dýrin meira rými til hreyfingar þegar þau eru á húsi, og hafa aðgang að útisvæði allt árið. Þessi augljósi munur á aðstöðu og rými dýranna kemur fram í hærri kostnaði á kíló af kjöti eða lítra af mjólk, og þ.a.l. hærra verði til neytenda, nema að þeim kostnaðarauka sé mætt með öðrum hætti. Rannsóknir hafa sýnt að lífrænt vottað nautakjöt inniheldur meiri næringu, t.a.m. um 50% meira magn af Omega-3 fitusýrum er að finna í lífrænt vottuðu kjöti og mjólk. Frá þessu sjónarhorni mætti draga úr kjötneyslu um 30% en þó innbyrða sama magn af Omega-3 fitusýrum. Framlag lífræns landbúnaðar til dýravelferðar og minnkunar á kjötmagni í neyslu getur því verið umtalsvert.

Í lífrænni grænmetisræktun er ekki úðað tilbúnum eiturefnum gegn skordýrum, illgresi eða til að fella grös áður en stórvirkar vélar keyra yfir akra. Oft þarf meira vinnuafl við slík verk s.s. til að halda illgresi í skefjum, og oft er uppskorið í smáum stíl, s.s hér á landi. Neytendur finna meira bragð af lífrænt ræktuðu grænmeti og nýta hráefnið betur þar sem ekki þarf að skafa eitrið utan af áður en þess er neytt. Eiturefnaleifar er einn af megin áhættuþáttum í myndun krabbameina og því skiptir þetta neytendur miklu máli. Í lífrænni grænmetisræktun erlendis hafa framleiðendur náð að auka framleiðslumagn með miklum stuðningi frá stjórnvöldum, s.s. álagi á stuðningsgreiðslur, tækjastuðningi og leiðbeiningaþjónustu. Árangur Dana er eftirtektarverður þar sem nýjustu tækni og sjálfvirkni er beitt til að framleiða lífrænt grænmeti í stórum stíl utandyra til útflutnings.

Erfðabreyttar lífverur eru óheimilar í lífrænni ræktun sem er mikið grundvallaratriði í lífrænni kornrækt og lýðheilsumál. Nýverið var sýnd heimildarmynd á RÚV um glúten sem fjallaði um hvernig stórræktendur á korni úða akrana kerfisbundið með glýfosati í því skyni að flýta þurrkun og ná niður kostnaði. Gildi lífrænnar vottunar á korni er því ótvírætt til að verja neytendur fyrir slíkum eituráhrifum í matvælum og á lífríkið. Á Lífrænt Ísland hefur auk þess verið fjallað um fjölþjóðlegar rannsóknir sem draga skýrt í ljós aukið næringargildi í lífrænt ræktuðu korni í samanburði við ræktun með tilbúnum áburði.

Ísland er nú eina landið í Evrópu sem ekki hefur mótað sér aðgerðaráætlun um lífræna framleiðslu og styður ekki kerfisbundið við sína framleiðendur til lengri tíma til að vega upp þann „kostnaðarauka“ sem felst í lífrænum framleiðsluháttum. Ríkið tekur m.ö.o. ekki þátt í að greiða fyrir þau almannagæði sem lífræn framleiðsla veitir, sem þó mun skipta komandi kynslóðir öllu máli. Hér á landi er framleiðendum gert að bera kostnaðinn eða velta út í verðlagið að fullu. Eftir því sem innflutningur eykst á lífrænt vottuðum afurðum sem njóta slíks stuðnings í sínu heimalandi sést glöggt hvað samkeppnisstaðan getur orðið skökk og hamlandi fyrir nýliðun þar sem framleiðendur hér á landi treysta sér ekki inn á leikvanginn við slíkan aðstöðumun.

Tillögu matvælaráðuneytisins um aðgerðaráætlun fyrir lífræna framleiðslu er nú beðið með eftirvæntingu sem vonandi mun endurspegla breytta afstöðu til greinarinnar hér á landi.

***Eygló Björk Ólafsdóttir,** lífrænn kornræktandi og formaður VOR (Verndun og ræktun), félags um lífræna ræktun og framleiðslu.*

Á FAGLEGUM NÓTUM


Mynd 1: Grænmeti er geymt í stórum viðarkössum.

Vettvangsferð í Sviss:

# Minni notkun á $CO_2$ í lífrænni grænmetisframleiðslu

**Vorið 2023 sótti höfundur lífræna ráðstefnu í Sviss. Þar var m.a. farið í vettvangsferð til Rathgeb BioLog Ag í Unterstammheim.**


Christina Stadler.

Fyrirtæki Rathgeb hefur vaxið stöðugt og er stærsti lífræni grænmetisframleiðandi í Austur-Sviss. Auk grænmetis sem þau eru að rækta sjálf, eru þau að fá grænmeti frá mörgum lífrænum garðyrkjustöðvum. Samtals er grænmeti ræktað á 400 ha í útirækt og 15 ha í gróðurhúsum. Ræktaðar eru um 70 mismunandi grænmetis- og berjategundir yfir sumarið og um 30 mismunandi grænmetistegundir yfir veturinn. Mest ræktaða grænmetið varðandi flatarmál og magn eru gulrætur og kartöflur. Einnig er ræktað í miklu magni blómkál, spergilkál, kínakál, fennika, kúrbítur, salat og vorsalat og í gróðurhúsum mikið af vorsalati, blaðsalati, klettasalati, hnúðkáli, tómötum, papriku, eggaldin og agúrkum. Fyrirtækið er einnig með eigin geymslu-, pökkunar- og flutningastarfsemi (mynd 1). Um 300 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu, á ökrum, í gróðurhúsum, á lager, við pökkun, flutninga, sölu og umsýslu. Um 2/3 hluti af vörum eru afhentar til matvöruverslana Coop og Migros, en afgangurinn fer til söluaðila.

Farið var í pökkunaraðstöðu, þar sem sýnt var hvernig grænmetið er unnið þegar það kemur af ökrunum eða af lagernum (mynd 2 og 3). Kartöflur, gulrætur og svo framvegis verður þvegið, flokkað og pakkað og svo fært yfir í dreifingaraðstöðu þar sem markaðssetning fer fram (mynd 4).

Fyrirtækið er einnig með sína eigin skólphreinsistöð: Vatnið sem notað var fyrir þvott á grænmeti (150-200 $m^3$ vatn/dag) er hreinsað með settanki og reykhreinsitanki til að hægt sé að veita því í þorpslækinn. Um 900.000 kWh sólarorka er framleidd af 5.700 m2 ljósvakakerfi. Þetta samsvarar um það bil árlegri neyslu 225 heimila í Zürich. Gróðurhúsin eru hituð með viðarhitun. Þar með er hægt að spara árlega um 2800 t $CO_2$.

Eftir þessi heimsókn var haldið áfram til AgroCO2ncept í Flaach. Samtökin AgroCO2ncept eru upprunnin að frumkvæði bænda frá vínhéraðinu Zürich. Þar hafa 23 bændur sett sér það markmið að innleiða loftslagsvænan og auðlindahagkvæman landbúnað. Bændurnir vilja draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á bæjum sínum og nýta reynslu sína til að


Mynd 2: Vinnslusvæði fyrir flokkun á kartöflum.


Mynd 3: Vinnslusvæði fyrir flokkun á gulrótum.



Mynd 4: Grænmetið tilbúið fyrir sölu.


Mynd 5: Þurrkun á viðarflögum.



Mynd 6: Hitasundrun á viðarflögum



Mynd 7: Lífkol tilbúin fyrir notkun.

leggja sitt af mörkum til svissneskrar loftslagsverndar.

Nánar tiltekið ætti að draga úr losun $CO_2$ um 20% með því að spara auðlindir, geyma kolefni og framleiða endurnýjanlega orku.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður minnki um 20% vegna samlegðaráhrifa, meiri hagkvæmni og lægri kostnaðar. Stefnt er á 20% meiri verðmætasköpun á bæ, t.d. með því að markaðssetja sjálfbærni við sölu á vörum og öðlast viðurkenningu meðal íbúa. Til að ná þessum markmiðum var búin til skrá yfir ráðstafanir fyrir hagnýta loftslagsvernd á þessum AgroCO2ncept bæjum. Í skránni eru samtals 39 aðgerðir og eru þær á eftirtöldum sviðum: jarðrækt, búfjárrækt, orku- og auðlindanýtingu, auk aðgerða um rekstur. Meðal annars er fjallað um lífkol (biochar).

Í framhaldi var okkur kynnt framleiðsla á lífkolum.

Viðarflögurnar verðar þurrkaðar með afgangshita (mynd 5). Fullsjálfvirkt kerfi frá Biomacon Rehburg DE framleiðir með hitasundrun (hitastigið á milli 400-700°C og án súrefnis) eitt tonn af lífkoli úr viðarflögum (mynd 6). Kerfið er rekið með sólarorku frá þaki. Lífkol er selt í stórum pokum og er notað í landbúnaði og í garðyrkju (mynd 7). Lífkol getur bætt vatns- og næringarefnageymslugetu jarðvegsins og bindur á hvert tonn 2,7 t af $CO_2$. Það dregur einnig úr losun nituroxíðs og metans. Lífkol er líka áhugavert fyrir búfjárhald því það getur bundið eiturefni og bætt meltinguna.

*Christina Stadler,*
*lektor hjá LbhÍ.*










SKÓGRÆKT



Fjölbreytileiki sitkabastarðs sést vel á þessari mynd af trjábelti sem gróðursett var 1963. Myndir / Pétur Halldórsson.

# Sitkabastarður

## *(Picea x lutzii)*

**Heitið sitkabastarður þykir ekki öllum hljóma vel enda hefur orðið bastarður fengið heldur neikvæða merkingu í málinu.**

Stundum hefur þessi blendingur sitkagrenis og hvítgrenis verið kallaður hvítsitkagreni en það hefur ekki fest í máli fólks. Við tökum því jákvæða pólinn í hæðina og einblínum á merkinguna blendingur eða kynblendingur sem er auðvitað sú upphaflega.

Granitegundir blandast gjarnan á mörkum útbreiðslusvæða sinna. Á norðanverðri vesturströnd Norður-Ameríku liggja saman útbreiðslusvæði sitkagrenis og hvítgrenis og skarast raunar líka við heimkynni blágrenis. Þetta eru svæði við strendur Bresku-Kólumbíu og Alaska. Þarna er uppruni sitkabastarðsins sem komið hefur í ljós að hefur ákveðna kosti umfram hreint sitkagreni á frostlendum svæðum hérlendis og sýnir jafnframt betri vöxt en hreint hvítgreni. Sitkagreni er aðlagað hafrænu loftslagi en hvítgreni er innlandstegund í heimkynnum sínum vestra.

Munurinn á þessum tveimur tegundum er í stórum dráttum sá að sitkagreni er stórvaxnari tegund, almennt grænleitari og með lengri og grófari nálar en hvítgreni. Sitkagreni getur hæst orðið yfir hundrað metra hátt. Hvítgreni verður yfirleitt ekki hærra en um 40 metrar og hefur mjóslegnari krónu, styttri nálar og ljósara eða bláleitara yfirbragð. Blendingurinn getur verið mjög mismunandi að útliti. Skógur með sitkabastarði er því nokkuð óreglulegri yfir að líta en sitkagreniskógur eða hvítgreniskógur, bæði vegna vaxtarlagsins og fjölbreytni einstaklinganna. Blendingarnir geta verið allt frá því að vera nánast hreint hvítgreni yfir í nánast hreint sitkagreni. Sitkabastarður er á milli tegundanna í vaxtarhraða og endanlegri stærð og sýnir ekki blendingsþrótt.

Fyrir utan örfá kvæmi sem bárust snemma til landsins er nánast allt það sem kallað er sitkagreni og hér hefur verið ræktað í raun meira eða minna blandað hvítgreni, m.ö.o. sitkabastarður. Að því leyti líkist sitkabastarður birkinu, sem er allt meira eða minna blandað fjalldrapa.

Sitkabastarður er stórt tré og hefur náð 30 metra hæð hérlendis. Engin ástæða er til að ætla að hann nái ekki 50 m hæð eða meira í fyllingu tímans. Eins og grenitrjáa er háttur vill hann vera einstofna og beinvaxinn. Eins og sitkagreni vex sitkabastarður hægt til að byrja með en það fer áreiðanlega mikið eftir aðstæðum og næringarástandi jarðvegs, áburðargjöf og því hversu snemma svepprótarsmit berst ungviðinu.

Með tímanum herðir á vextinum og trén fara að vaxa hratt og halda því áfram lengi.



Ungsprotar á sitkabastarði á vori. Brumhlífarnar hanga enn á hliðarbrumunum.

Tegundin hentar vel til ræktunar um allt land en velja verður henni rétt svæði og skilyrði. Sitkabastarður hefur meira frostþol að hausti en sitkagreni og er því betra val þar sem hætta er á frostum áður en trén hafa búið sig undir veturinn. Því ætti að forðast að gróðursetja sitkagreni í frostpolla.

Sömuleiðis eru rýrir lyngmóar óheppilegir tegundinni. Hins vegar hefur sitkabastarður gott vind- og saltþol. Á sæmilega frjósömum svæðum í öllum landshlutum kemur hann því til greina í skógrækt, ekki síst neðarlega í hlíðum þar sem er góður jarðvegsraki.

Til skamms tíma var gengið út frá því að á Norðurlandi skyldi einkum ræktaður sitkabastarður en hreint sitkagreni á Suðurlandi. Komið hefur í ljós að slík þumalputtaregla á ekki endilega vel við. Mikil hætta getur verið á frostum síðsumars eða snemma hausts á Suðurlandi þegar vindur stendur af norðri, himinn verður heiður og útgeislun mikil á nóttunni. Á slíkum svæðum væri sitkabastarður vænlegri til árangurs en sitkagreni. Eins getur verið skynsamlegra að velja hreint sitkagreni á bestu stöðunum norðanlands þar sem vænta má mikils vaxtar og góðrar timburuppskeru. Valið ætti því að fara meira eftir aðstæðum á hverjum stað í öllum landshlutum.

Sitkabastarður gefur hágæðatimbur ekki síður en hreint sitkagreni, léttan og góðan smíðavið sem jafnframt hefur mikinn styrk. Helsti skaðvaldurinn sem á hann herjar hérlendis er sitkalús en svo virðist sem minna beri á faraldrum þeirrar tegundar síðustu árin, ef til vill vegna þess að óvinum lúsarinnar hefur fjölgað, til dæmis með útbreiðslu glókolls á landinu, minnsta fugls Evrópu.

Alllengi hafa Íslendingar verið sjálfum sér nógir um grenifræ til plöntuframleiðslu. Lengi vel kom mest af fræinu af nokkuð hreinum sitkagrenitrjám á Tumastöðum.

Árið 2022 var mjög gott fræár og þá var áherslan lögð á að ná miklu fræi af sitkabastarði af ýmsum kvæmum. Það tókst vel og nú eru umtalsverðar frærbirgðir til af vel spírandi fræi. Framtíð sitkabastarðs er því björt.

***Pétur Halldórsson.***

Á FAGLEGUM NÓTUM



Ungnautin liggja gjarnan þétt frekar en að þurfa að liggja á steinsteypu. Mynd / Erik Raddum.

# Nautgripir þurfa gott legusvæði

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



**Nautgripir hafa náttúrulega þörf til að liggja og þumalfingursreglan er að nautgripir eigi að liggja að minnsta kosti hálfan daginn.**

Með lengri legutíma fylgja meðal annars betri möguleikar á því að nautgripirnir jórtri í ró og næði, séu með hreinni klaufir og betra heilbrigði á klaufum. Kýr með eigið legusvæði eru einnig með meira blóðflæði í júgri og því með aukna mjólkurframleiðslu.

Eftirfarandi grein er þýdd og endursögð eftir norska dýralækninn Åse Margrethe Sogstad, en greinin birtist fyrst í Buskap 5/2022.

### *Geta allir gripir legið þægilega samtímis?*

Í Noregi er sérstakt kerfi sem kallast DVP (DyreVelferdsProgram) en það er eins konar dýravelferðaráætlun sem nautgripabú gangast undir. Þá kemur dýralæknir í heimsókn á viðkomandi bú og fer yfir ýmiss konar þætti er lúta að velferð dýranna og gefur búinu einkunn. Matið fer fram sem blanda af viðtali við bónda og athugun á gripum og aðstöðu. Ein af spurningunum sem farið er yfir er hvort gripirnir geti legið þægilega og allir á sama tíma. Þá er jafnframt litið til hreinleika gripa, hvort þeir eru með einhver lítil sár, hárlausa bletti o.s.frv.

Við þetta mat er m.a. litið til aðgengilegs legusvæðis gripanna og þar fá hefðbundin básafjós jákvæða einkunn, þar sem kýrnar hafa í rauninni sinn eigin aðgengilega hvíldarstað, svo framarlega sem básaskiljur séu til staðar. Á móti kemur skortur á hreyfingu svo dæmi sé tekið. Í lausagöngu er þessu aftur á móti öðruvísi háttað. Þar geta komið upp tilfelli þar sem legusvæðið er mögulega ekki alltaf ákjósanlegt.

Á móti kemur að gripir í legubásafjósum geta þá valið sér svæði og mögulega komið sér fyrir á haganlegum stað, sé tækifærið til staðar. Básar geta þó verið afar misgóðir og oft sjást gripir sem standa í básum lengur en góðu hófi gegnir og er það vísbending um að legusvæðið sé ekki nógu gott enda eru nautgripir í raun latir að eðlisfari og kjósa gjarnan að leggjast sé þess nokkur kostur.

Gripir sem standa hálfir upp í básana gefa einnig til kynna að legusvæðið sé með einhverjum hætti óheppilegt. Að jafnaði ættu að vera fáir gripir sem eru ekki að „gera neitt“ þ.e. hvorki að éta, drekka né liggja, nú eða í mjöltum. Frávik frá þessu geta verið merki um of knappt aðgengi að góðum svæðum s.s. skert aðgengi að fóðurgangi, of lítið fóður, skortur á aðgengi að vatni, of þétt á gripunum eða óheppileg legusvæði.

### *Kýr eiga að hafa aðgengi að mjúku legusvæði*

Í norskri reglugerð um aðbúnað nautgripa segir, svipað og í þeirri íslensku, að kýr skuli að lágmarki hafa aðgengi að þægilegu, þurru, hreinu og trekklausu legusvæði. Þetta á einnig við um fengnar kvígur sem eiga minna en tvo mánuði eftir af meðgöngutímanum. Legurýmið þarf að hanna þannig að gripurinn geti staðið, legið og lagst niður og staðið upp á eðlilegan hátt. Þá þarf legusvæðið að vera nægilega langt og breitt þannig að gripirnir geti legið þar eðlilega.

### *Hnjáprófið*

Það er mikilvægt að allir gripir geti legið samtímis og á legusvæði sem uppfyllir reglugerðir. Mjúkt undirlag getur verið mottur, dýnur eða að lágmarki 5–6 cm þykkt lag af undirburði segir í norskum leiðbeiningum. Steinsteypa er ekki þægileg til að liggja eða ganga á og því er mælt með því að eitthvað mýkra sé til að hvíla sig á, jafnvel þótt reglugerð kunni mögulega ekki að krefjast þess. Til þess að meta hvíldarsvæðið er mælt með því að falla niður á hnén á legusvæðinu, þetta kallast hnjáprófið. Ef það er óþægilegt, fyrir þann sem prófar hnjáprófið, er það vísbending um það að yfirborðið sé óþægilegt að liggja á. Einnig er mikilvægt að vera meðvitaður um að ef göngusvæðið virðist meira aðlaðandi fyrir gripina að liggja á en þar til gert legusvæði þá er klárlega eitthvað að. Það ætti því alltaf fyrst að tryggja mýkt legusvæðis áður en eitthvað er gert til þess að gera gangsvæðin mýkri.

### *Lengri legutími – meiri mjólk*

Legutíminn í mismunandi fjósum getur verið breytilegur og oftast frá 9 til 14 klukkustunda, allt eftir þægindum legusvæðisins. Í norskum fjósum getur þetta haft áhrif á mjólkurframleiðslu hverrar kýr sem nemur +/- 5 lítrum mjólkur á dag. Almennt séð gildir það að því mýkra sem legusvæðið er, því betra. Í Noregi er reynslan sú að minnstu þægindin felast í því að liggja á steypu, þar á eftir koma gamlar, þunnar og samanþjappaðar gúmmímottur, þá kurlmottur, svo marglaga mottur, dýnur, vatnsdýnur og að síðustu ýmsar útgáfur af þykkum undirburði s.s. hálmdýnu svo dæmi sé tekið. Hálmdýna er klárlega mjúk að liggja á en eigi hún að vera góð sem legusvæði þarf að viðhalda henni reglulega. Ríkulegt magn af undirburði á hverjum degi er alltaf gagnlegt, óháð þeirri gerð sem legusvæði er. Skemmt undirlag, blautt eða óhreint gerir legusvæðið óaðlaðandi og getur meðal annars aukið hættu á særindum gripanna, júgurbólgu, lakari mjólkurgæðum og óhreinindum gripa.

### *Lágmarkskröfur um rými í stíum*

Allir gripir eiga að geta legið samtímis í hópstíum og segir nánar um lágmarksstærð á stíum í reglugerð. Athygli skal vakin á því að í reglugerðum er kveðið á um lágmarksmál en ekki nauðsynlega ráðlögð mál og því er mælt með því að ganga lengra, þegar rýmisþörf er reiknuð, en reglugerð kveður á um. Þá er mælt með því í dag að skilja að legusvæði annars vegar og annað svæði innan stíu og gildir þetta einnig um geldneytastíur. Þannig ætti að vera með gúmmí eða þar til gert plast ofan á steyptum rimlum þar sem ætlast er til að gripirnir hvílist.

### *Hitaeinangrandi gólf fyrir kálfa*

Samkvæmt hinni norsku reglugerð eiga smákálfar að fá aðgengi að aðstöðu sem gefur þeim tækifæri til að leggjast niður, liggja, standa upp og sinna náttúrulegri þörf sinni fyrir umhirðu. Legusvæðið á að vera þurrt og laust við dragsúg, mjúkt en þétt og með gólfi sem einangrar mögulegan kulda neðan frá. Þá er óheimilt að hafa kálfa á rimlum. Þarlendir bændur, sem eru með rimla eða ristar í eldri stíum smákálfa, mega leysa málið með því að setja gegndræpar mottur í stíurnar eða þekja með þykkum undirburði.

Þá ráðleggja Norðmenn, sé þess nokkur kostur, að hýsa saman smákálfa frá eins til tveggja vikna aldri og gjarnan strax frá fyrsta degi, nema sjúkdómaástand valdi því að


Kálfar eru saman a.m.k. tveir og tveir, sem er mjög gott fyrir atferli þeirra. Mikilvægt er að hafa mikið af undirburði hjá þeim. Myndir / Åse M. Sogstad.


Burður í hreinni stíu með nægum undirburði gefur kálfinum gott upphaf og er mjög gott fyrir kýr á þessum viðkvæma tíma.


Kálfar saman í stíu. Nóg pláss og mikið af undirburði.

smithætta sé til staðar. Þá má ekki hafa kálfa eina og sér frá átta vikna aldri. Í öllu falli ættu kálfarnir að fá að sjá og geta haft samband við aðra kálfa. Bændum er ráðlagt að gera hnjáprófið í stíum kálfanna einnig og taka sérstaklega eftir því hvort hnén verða blaut eða óhrein við prófunina. Ef það gerist þarf að huga að undirlaginu og bæta úr ástandinu. Ef smákálfar ganga undir kúm á að vera til staðar kálfaskjól, svo þeir geti komist í var þegar þeim hentar.

Útigangur á að hafa aðgengi að sömu þægindum s.s. að geta legið samtímis og að undirlagið uppfylli sömu kröfur og hér að framan greinir.

*Geta gripirnir hreyft sig eðlilega?*

Önnur spurning í DVP heimsókninni, sem hér að framan var getið um, er hvort svokallaður hreyfiferill gripa sé eðlilegur. Þetta er sérstaklega skoðað hjá stærstu gripunum og þá sérstaklega hjá gripum í lausagöngu. Sé legusvæðið óþægilegt, s.s. vegna harðs undirlags, rangra stillinga á innréttingum eða þrenginga, sést það oftast vel á hreyfiferli gripanna. Þannig ætti ekki að taka kú lengri tíma en 6 sekúndur að standa á fætur, ef það tekur lengri tíma bendir það til þess að eitthvað sé að svo sem hált undirlag svo dæmi sé tekið.

Fullorðin norsk kýr, sem er vel að merkja nokkuð stærri en fullorðin íslensk kýr, þarf hálfan metra af rými framan við legusvæðið þegar hún stendur á fætur. Ætla má að þetta sé heldur minna fyrir íslenskar kýr. Þegar kýr stendur á fætur rykkir hún höfðinu fram á við og skýrir það þessa plássþörf. Þegar fjós eru hönnuð í dag þarf að horfa sérstaklega til þessa þáttar og þá taka mið af 20% stærstu kúnna og miða plássþörfina við þær.

Í eldri fjósum er annað atriði sem gott er að fylgjast með en það er ef það sjást mjög glansandi fletir á innréttingum í fjósinu þar sem kýrnar eru. Það bendir til þess að kýrnar rekist oft þar utan í. Þá þarf alltaf að horfa til hárlausra svæða eða lítilla sára á gripunum sem benda til hins sama.

Nautgripir kjósa helst sjálfir að liggja á svæðum sem eru opin og hafa útsýni. Þessari þörf gripanna getur verið erfitt að mæta í sumum fjósum en gott að hafa í huga við hönnun eða breytingar.

*Áhrif á hreyfingu*

Algengir gallar, sem leiða til truflunar á hreyfiferli grips, eru of stuttir básar, of lág herðakambsslá eða hún staðsett of aftarlega eða lélegt undirlag í bás gripsins. Í sumum tilfellum er nokkuð einfalt að laga herðakambsslána og staðsetja rétt en það er þó ekki alltaf. Þetta ætti þó að skoða alvarlega, ef talið er að hreyfing gripanna sé ekki rétt. Í sumum tilvikum er jafnvel hægt að skipta herðakambsslánni út með strekkiborða, sem þá getur gefið eftir ef viðkomandi gripur snertir hann.

*Forgangsröðun*

Fjárfesting í góðri dýravelferð getur verið kostnaðarsöm, þótt margir sjái að það geti borgað sig til lengri tíma litið. Þegar efnahagsástandið er þungt getur þó verið erfitt að forgangsraða hvaða aðgerðir skipti mestu máli fyrir velferð dýra og afkomu búsins. Í Noregi er litið svo á að áðurnefnd DVP úttekt sé einmitt góður upphafspunktur við slíka forgangsröðun. E.t.v. mætti koma upp svipuðu kerfi á Íslandi, til hagsbóta fyrir nautgripi landsins og afkomu hérlendra nautgripabúa.


Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

MASSEY FERGUSON

BÚVÉLAR
Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is


Magnaðir ferðafélagar
Hjá Olís finnurðu úrval traustra og áreiðanlegra rafgeyma fyrir allar tegundir bíla og landbúnaðartækja, frá Exide og öðrum framleiðendum. Einnig rafgeyma sem henta vel fyrir fellihýsi og hjólhýsi og tryggja stuð í útilegunni.
Pantaðu á olis.is eða hafðu samband í síma 515 1100
olis


Lífræni geirinn vill fá alhliða, opinbera viðurkenningu á kolefnisbindingu lífrænnar ræktunar. Mynd / Markus Winkler


Hér á landi er mest treyst á hvítsmára og rauðsmára, sem hér sést, í sáðskiptum. Mynd / Jack Blueberry

# Evrópuhópur IFOAM – Íslandsdeild

**Skýrsla Ólafs R. Dýrmundssonar vegna starfa í Evrópuhópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM Organics Europe) fyrir árið 2022.**

### *1) Skrifstofan í Brussel, 20 ára afmæli Evrópuhópsins*


**Ólafur R. Dýrmundsson**

Sem fyrr hefur starfsemi skrifstofunnar í Brussel verið margþætt á árinu en hún byggist mjög á yfirgripsmikilli sérfræðiþekkingu á hinu mikla regluverki sem ESB er búið að koma upp í þágu lífræns landbúnaðar. Auk allra aðildarríkja ESB eru í Evrópuhópnum fulltrúar frá Bretlandi, Íslandi, Noregi og Sviss vegna sértækra samninga við sambandið. Við eigum öll greiðan aðgang að upplýsingum, og byggjum samskiptin mest á tölvupósti og fjarfundum, undanfarið ár mikið í tengslum við innleiðingu reglugerðar ESB um lífræna framleiðslu nr. 848/2018 sem tók gildi 1. janúar 2022. Þótt reglugerðinni hafi verið ætlað að einfalda framkvæmd við vottun og draga úr undanþágum sýnir reynslan fyrsta árið að all mörg álitamálum hafa verið að koma upp og nokkuð ber á mismunandi túlkunum. Sum þessi mál fara til EGTOP-sérfræðinganefndarinnar hjá ESB (Expert Group for Technical Advice on Organic Production).

Þann 11. maí 2022 hélt Evrópuhópurinn upp á 20 ára afmælið í höfuðstöðvunum á Brussel undir stjórn framkvæmdastjórans Eduardo Cuoco og stjórnarformannsins Jan Plagge. Guðfinnur Jakobsson í Skaftholti sat stofnfundinn sem haldinn var í Sviss 2002. Ég tók sæti í hópnum í lok mars 2003 en 2. ársfundur hans var haldinn þá í Yiannitsá fyrir norðan Þessaloníku í Grikklandi. Á árinu 2023 hef ég því verið í hópnum í 20 ár. Annar merkisatburður hjá hópnum var á liðnu ári, *Lífræni dagurinn* 23. september í Brussel, þá haldinn í annað skiptið.

### *2) Skilgreining á verksmiðjubúskap*

Eins og ég hef getið um í nokkrum fyrri ársskýrslum hefur ekki verið til nein opinber og viðurkennd skilgreining á hugtakinu **verksmiðjubúskapur** (e. intensive factory farming), hvorki hjá IFOAM né ESB. Miðað hefur verið við leiðbeinandi reglur frá 1995 og skilgreiningar í hinum ýmsu löndum og vottunarstofum.

Þar sem vísað er í þessa þéttbæru búskaparhætti, t.d. í sambandi við notkun á búfjáráburði af hefðbundnum búum við vottaða lífræna ræktun, er mismunandi túlkun óviðunandi og skekkir samkeppnisstöðuna. EGTOP-sérfræðinganefndin hefur unnið mikið um árabil við þessa skilgreiningu en í ársbyrjun 2022 tók nýskipuð nefndin efnið fyrir til frekari vinnslu. Nú eru í nefndinni 13 sérfræðingar, þar með tveir frá Norðurlöndunum.

Skemmst er frá að segja að verið er að greina hinu fjölmörgu þætti sem taka þarf tillit til við þessa skilgreiningu. Á meðal þeirra eru rými og þéttleiki, gólfgerðir, birta, loftræsting, bústærð og notkun sýklalyfja og erfðabreytts efnis í fóðri. Öðru hvoru eru að koma þarna upp álitamál sem sýna hve brýnt er að fá samræmda skilgreiningu, t.d. nýlega í Frakklandi, bæði með tilvísun í ESB reglugerð nr. 848/2018 og ESB reglugerð nr. 1165/2021. Svo langt er málið gengið hjá Frökkum, samkvæmt upplýsingum frá ECOCERT-vottunarstofunni, að ágreiningi á milli samtaka framleiðenda lífræns áburðar og opinberrar eftirlitsstofnunar í Frakklandi, hefur dómstóll þar vísað til Evrópudómstólsins.

## Hvað er lífræn ræktun?
### Grunngildi, skilgreining og löggjöf

**Grunngildi lífræns landbúnaðar (IFOAM Organics International) :**
Heilsa, Vistfræði, Sanngirni, Umhyggja

**Skilgreining lífræns landbúnaðar (IFOAM Organics International) :**
Lífrænn landbúnaður er framleiðslukerfi sem viðheldur heilbrigðum jarðvegi, vistkerfum og fólki. Hann byggist á vistfræðilegum aðferðum, líffræðilegri fjölbreytni og staðbundnum framleiðsluferlum, fremur en notkun aðfanga sem geta haft neikvæð áhrif. Lífrænn landbúnaður sameinar hefðir, nýsköpun og vísindi sem eru til hagsbóta fyrir sameiginlegt umhverfi, sanngjörn viðskipti og mikil lífsgæði fyrir alla sem hlut eiga að máli.

**Löggjöf fyrir lífræna ræktun og búskaparhætti:**
Allt frá fyrri hluta 20. aldar fór að þróast sjálfbær, lífræn ræktun, byggð á lifandi og frjósömum jarðvegi, í samræmi við kenningar frumkvöðla á borð við Sir Albert Howard frá Bretlandi og Rudolf Steiner frá Austurríki. Farið var að móta framleiðslu- og vottunarreglur fyrir bæði bændur og neytendur, einkum eftir 1972 þegar alþjóðasamtökin IFOAM voru stofnuð. Þau mótuðu staðla og á þeim grundvelli þróaðist lagasetning, í Evrópu fyrst 1991 og hér á landi 1994, fylgt eftir með reglugerð um lífræna landbúnaðarframleiðslu 1995. Innlenda löggjöfin vék 2017 þegar umfangsmikið regluverk ESB fyrir lífrænan landbúnað var innleitt hér á landi, nú reglugerð sambandsins nr. 848/2018 með gildistöku 1. janúar 2022. Undir hatti Evrópulöggjafarinnar starfa nú allar vottunarstofur í álfunni, hvort sem þær eru sjálfstætt starfandi, t.d. Vottunarstofan Tún ehf., eða sem ríkisstofnanir, t.d. í Danmörku. Auk eigin vottunarmerkja mega stofurnar nota merki ESB á vörurnar. Sem fyrr er vottuð lífræn ræktun byggð á notkun búfjáráburðar og annarra lífrænna áburðarefna, sáðskiptum og belgjurtarækt en notkun tilbúins áburðar, eiturefna og erfðabreyttrar sáðvöru (GMOs, NGTs), einkennandi fyrir ósjálfbæran landbúnað, er bönnuð. Fyllstu kröfur eru gerðar til velferðar búfjár og sýklalyfjanotkun er útilokuð að mestu.

### *3) Eiturefnanotkun og umhverfismengun*

Mikil eiturefnanotkun í evrópskum landbúnaði veldur gífurlegri umhverfismengun. Þar við bætist mengun frá tilbúnum áburði, lyfjum og plasti sem ESB vill vinna gegn með markvissari aðgerðum. EGTOP-sérfræðinganefndin hefur verið að benda á hve umfangsmikil mengun er frá eiturefnum (plöntuvarnarefnum) og mælir með því að hringrásarhagkerfið verði eflt, þar með lífrænn landbúnaður, sem ekki leyfir notkun slíkra efna. Sum þessi eiturefni geta borist yfir á lífrænt ræktað akurlendi og innihald slíkra efna í grænmeti og ávöxtum á Evrópumarkaði hefur aukist verulega á seinni árum gagnstætt því sem stundum er haldið fram. Þetta sýnir m.a. skýrsla frá PAN Europa frá 2022.

Illu heilli var notkun á Roundup (glyphosat) framlengd frá 2017-2022. Lífræni geirinn er einnig stöðugt að vekja athygli stjórnvalda og neytenda á þessari miklu mengun sem vitað er að skaðar lýðheilsu. Evrópuhópurinn er að fjalla mikið um efnamengun í landbúnaði, og er m.a að reyna að hafa áhrif á endurskoðun ESB-reglugerða þar að lútandi. Er sú viðleitni í góðu samræmi við það markmið ESB að draga úr eiturefnanotkun í landbúnaði um 50% fyrir 2030. Þá hafa rannsóknir sýnt að líffræðileg fjölbreytni er 30% meiri á lífrænt vottuðum býlum en á jörðum þar sem eiturefni eru notuð. Þetta kemur sérstaklega fram í skordýrafánunni. Einnig er Evrópuhópurinn að dreifa margvíslegu fræðsluefni til þess að fræða bændur og neytendur um skaðsemi eiturefna í landbúnaði, t.d. með stuttum myndböndum,

### *4) Kolefnisbinding í lífrænum jarðvegi*

Í ljósi þeirrar miklu umræðu sem nú er í gangi um þátt landbúnaðar í kolefnisbindingu er Evrópuhópurinn að leggja vaxandi áherslu á framlag lífrænnar ræktunar til kolefnisbúskapar (e. carbon farming). Lífræni geirinn vill fá alhliða, opinbera viðurkenningu á kolefnisbindingu lífrænnar ræktunar í jarðvegi og jákvæðum áhrifum hennar á líffræðilega fjölbreytni (sjá 3. lið ). Þar að auki dregur lífræni landbúnaðurinn stórlega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, m.a. vegna þess að þar er ekki notaður tilbúinn áburður. Efasemdir eru uppi um markaðsvæðingu losunarheimilda (carbon markets) og varað við grænþvotti.

### *5) Belgjurtarækt í sáðskiptum (skiptiræktun)*

Með nýju reglugerðinni eru gerðar auknar kröfur til ræktunar belgjurta í akuryrkju sem veigamiklum lið í sáðskiptaáætlunum (Plant production rules, Part I, 1.9.1).

Þetta á við akra sem einærum nytjajurtum er sáð í ár hvert en ekki tún, engjar og beitilönd þar sem fjölærar plöntur eru ríkjandi. Alkunna er að ræktun belgjurta á borð við smára (*Leguminosae*) er mun erfiðari á norðurslóðum en í suðrænni löndum þar sem hitastig er hærra. Sérstaklega á þetta við um norræn lönd svo sem Ísland og norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Skilyrðin eru mun betri á Bretlandseyjum og í Danmörku og batna enn meira eftir því sem sunnar dregur. Ekki er tekið tillit til þessa aðstöðumunar í ESB-reglum um lífræna ræktun. Því ákvað ég að hafa samband við félaga í Evrópuhópnum til þess að fá að vita hvernig krafan

Ræktun gegn riðu - fyrstu skrefin
Fræðslufundir með Dr. Vincent Béringue og sérfræðingum frá RML, BÍ, MAST, LBHÍ og Keldum.

**Mánudaginn 30. okt**
Kl. 20.00 Þingborg í Flóanum

Þriðjudaginn 31. okt
Kl. 20.00 Hvanneyri, LBHÍ (Ársalur)

Miðvikudaginn 1. nóv
Kl. 11.30 Félagheimilið Hvammstanga
Kl. 20.00 Breiðamýri í Reykjadal

Fimmtudaginn 2.nóv
Kl. 11.30 Svalbarð í Þistilfirði
Kl. 20.00 Hótel Hérað á Egilsstöðum

Nánari upplýsingar á bondi.is




Mjólkurkýr frá lífrænu búi á beit í Kjós. Mynd / Kristján Oddsson

um belgjurtaræktun í sáðskiptum er túlkuð og hvernig henni er ramfylgt, sérstaklega í norðanverðum Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þeir gáfu skýr og samhljóma svör. Líkt og hér á landi er mest treyst á hvítsmára (*Trifolium repens*) og rauðsmára (*Trifolium pratense*) en eins og hér er uppskeran mjög breytileg og ótrygg, að jafnaði mun minni en sunnar í Evrópu.

Þar sem engar kröfur eru gerðar til **uppskeru á flatareiningu** (tonn/ha), nær belgjurtakrafan eingöngu til **sáningar belgjurtafræs** sem liðar í sáðskiptaáætlunum í akuryrkju. Þar með er með óbeinum hætti tekið tillit til mismunandi ræktunarskilyrða í Evrópu, reiknað með að nægilega mikið spretti af þeim belgjurtum sem þrífast í svölu/köldu loftslagi til þess að þær verði til jarðvegsbóta. Engar reglur eru um fræmagn/ha, treyst er á þekkingu og reynslu bænda með lífræna akuryrkju á norðurslóðum sem og annars staðar í álfunni.

### *6) Hópvottun (Group Certification)*

Á liðnu ári tók til starfa vinnuhópur að frumkvæði IFOAM, bæði IFOAM Organics International og IFOAM Organics Europe, ásamt rannsóknastofnuninni FiBL í Sviss og Þýskalandi og EOCC, samtökum vottunarstofa í Evrópu (The European Organic Certifiers Council). Frumskýrslur komu út í júlí 2022 og miðast hópvottunin við heimildarákvæði í nýju reglugerðinni. Svona vottunarkerfi hefur verið að mótast í ýmsum þróunarlöndum um árabil og miðast það við hópa smáframleiðenda með 5 ha eða minna af ræktunarlandi á hvern, að hópurinn sé á tilteknu svæði eða í tilteknu héraði og afurðirnar séu svipaðar. Megin tilgangurinn er að draga úr vottunarkostnað hvers framleiðanda og auðvelda aðgengi að mörkuðum. Vinna við mótun reglna um hópvottun heldur áfram því að bæði ræktendur lífrænna afurða og vottunarstofur þarfnast þeirra.

### *7) Ýmis önnur málefni*

Hér hefur aðeins verið fjallað um nokkur veigamikil mál sem hafa verið til meðferðar í Evrópuhópnum á liðnu ári. Ýmsir félagar, þar á meðal ég, eru öðru hvoru að senda fyrirspurnir til skrifstofunnar í Brussel. Einnig eru að koma frá þeim ábendingar og upplýsingar. Dæmi um slíkt er sveppaframleiðsla í Póllandi, skortur á lífrænu próteinfóðri í sumum Evrópulöndum svo sem Póllandi og Svíþjóð, og umfjöllun frá Sviss um framlag lífræns landbúnaðar til fæðuöryggis, líffræðilegs fjölbreytileika og umhverfisverndar. Þá er stöðugt verið að leggja áherslu á eftirlit með seinni tíma tækni til erfðabreytinga á nytjajurtum og neytendamerkingar á vörum. Virða beri niðurstöður Evrópudómstólsins frá 2018 í þeim efnum.

Sem fyrr höfum við tekið þátt í nokkrum atkvæðagreiðslum um texta stöðuskýrslna (position papers) frá skrifstofunni í Brussel um tiltekin mál sem eru í meðferð hjá ESB, t.d. um mengun frá utanaðkomandi eiturefnum sem geta borist við úðun í hefðbundinni ræktun yfir á lífrænt vottaða akra og afurðir.

### *8) Ritstörf o.fl. í þágu lífræns landbúnaðar*

Samskipti mín við VOR og Tún hafa verið með ágætum sem fyrr og einnig hafa verið gagnleg samskipti við MAST o.fl. stofnanir. Þá hef ég öðru hvoru veitt áhugasömum einstaklingum upplýsingar um lífrænan landbúnað, m.a. nokkrum háskólanemum, flutti stutt erindi um Evrópuhópinn á aðalfundi VORs og heimsóknin á bás félagsins, Túns o.fl. á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöllinni í október 2022 var minnisstæð. Skömmu síðar gaf ég Stefáni Gíslasyni, Environice, ýmsar upplýsingar og ábendingar þegar hann var að semja *Aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu á Íslandi* en að mínum dómi er hún tímamótaskýrsla sem stjórnvöld vinna vonandi eftir við stefnumótun. Öðru hvoru hef ég lesið yfir texta um lífrænan búskap eftir aðra sem birst hafa í fjölmiðlum en eigin ritstörf voru með minna móti á árinu. Bendi helst á þetta þrennt:

*a) Bændur í lífrænum búskap ekki háðir tilbúnum áburði. Bændablaðið, fimmtudagur 10. febrúar 2022, blað nr. 604, 28. árg., 3.tbl., bls. 32-33.*

*b) Markmið ESB að fyrir 2030 verði 25% landbúnaðarlands lífrænt vottað – Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuhóps IFOAM. Bændablaðið, fimmtudagur 7. apríl 2022, blað nr. 608, 28. árg., 7. tbl., bls. 42.*

*c) Lífrænn búskapur stuðlar að bæði fæðu- og matvælaöryggi með sjálfbærum hætti. Birt á vefsíðunni www.lifraentisland.is*

***Ólafur R. Dýrmundsson,***
*fulltrúi Íslandsdeildar IFOAM*
*oldyrm@gmail.com*












LESENDARÝNI

# Nýtt hlutverk Félags sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu

**Eftir að Búnaðarþing samþykkti í mars 2021 tillögu um nýtt félagskerfi bænda og þar með sameiningu Bændasamtakanna og búgreinafélaganna var óljóst hvaða og hvort hin gömlu búgreinafélög ættu nokkurt hlutverk lengur eða tilverurétt yfir höfuð.**


Aðalsteinn J. Halldórsson.

Þessi félög höfðu verið til lengi með eigin kennitölu, félagatal og rekstur. Eina hlutverk þeirra eftir breytingu félagskerfisins var að vera notuð sem eins konar kjördæmi fyrir kjör inn á búgreinaþing, án þess þó að félögin sjálf hafi nokkuð með þá kosningu að gera. Það var því augljóst að taka þurfti þá umræðu hvort reka ætti félögin áfram og þá með hvaða tilgangi. Sömuleiðis ef niðurstaðan yrði að leggja þau niður þá þyrfti að slíta þeim með viðeigandi meðferð, ákvörðun um ráðstöfun eigna og þess háttar.

Félag Sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu er eitt þessara félaga. Eftir tilþrifalítil ár á meðan Covid-19 faraldrinum stóð var tekin ákvörðun um það á aðalfundi félagsins, sem haldinn var á Húsavík í apríl 2022, að breyta tilgangi félagsins. Eftir góðar umræður um framtíðina var það niðurstaða fundarins að enn þá væri þörf á félagslegum vettvangi sauðfjárbænda innan svæðisins en þó með breyttu sniði. Þannig er tilgangur félagsins samkvæmt nýjum lögum þess sem samþykkt voru á yfirstandandi ári eftirfarandi:

- Vera félagslegur vettvangur sauðfjárbænda í sýslunni.
- Stuðla að frekari fræðslu um sauðfjárbúskap.
- Stuðla að góðu mannlífi í kringum sauðfjárbúskap í sýslunni.


Sigurhrúturinn 2023 í flokki latra hrúta. Rammasonur úr Úlfsbæ sem hefur fengið nafnið Skarkali. Með honum á myndinni er Eyþór Kári Ingólfsson, einnig ræktaður í Úlfsbæ. Myndir / Ragnar Þorsteinsson

Strax var hafist handa og fyrsta verk nýrrar stjórnar vorið 2022 var að skipuleggja fyrstu hrútasýningu alls starfssvæðis félagsins. Hrútasýningar höfðu stundum verið haldnar innan sumra sveita en lítil hefð er fyrir því þar sem Skjálfandahólf hafði lengi verið lokað vegna riðuvarna. Það var hins vegar opnað 1. janúar 2020.


Fjórir efstu hrútar austan megin Skjálfandafljóts ásamt ábyrgðarmönnum og dómurum. Jónas Jónasson, Benedikt Hrólfur Jónsson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir (dómari), Eyþór Kári Ingólfsson, Sigurður Atlason og Gunnar Guðmundarson (dómari og faðir Guðrúnar Hildar).


Sigurbjörn Árni Arngrímsson tók að sér að lýsa hrútasýningunni líkt og á fyrra ári og sýndi kunnugleg tilþrif.

Halda þurfti sýninguna á tveimur stöðum þar sem um tvö varnarhólf er að ræða en hluti starfssvæðisins er í Eyjafjarðarhólfi, en sýnt var í Hriflu vestan Skjálfandafljóts og í Sýrnesi austan fljóts.

Alls 49 hrútar voru skráðir til leiks á þessari fyrstu sýningu sem tókst afar vel í alla staði.

Næsta verkefni félagsins var að halda fræðslufund um lungnakregðu í sauðfé. Dr. Björn Steinbjörnsson hélt erindi þess efnis á fundi sem haldinn var í samvinnu með deild sauðfjárbænda í Búnaðarsambandi Norður-Þingeyjarsýslu. Vel var látið af þeim fundi og var hann ágætlega sóttur.

Á aðalfundi félagsins á yfirstandandi ári voru í fyrsta skipti veitt verðlaun fyrir besta veturgamla hrútinn en gjaldgengir voru hrútar fæddir 2021 sem áttu nægan fjölda sláturaðra afkvæma. Þessi verðlaun fengu nafnið „Skjálfandi“ og augljóst var á mætingu og stemningu fundarins að mikill áhugi var á þessari útnefningu.

Eftir vel heppnaða hrútasýningu í fyrra var leikurinn endurtekinn í ár og fór sú sýning fram 7. október síðastliðinn. Alls var 61 hrútur skráður til leiks, þar af níu forystuhrútar, en í ár var boðið upp á þá nýjung að hafa sér keppnisflokk fyrir forystufé. Hafði Daníel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, veg og vanda af þessari nýjung eftir að hafa frétt af vel heppnaðri hrútasýningu í Suður-Þingeyjarsýslu 2022.

Mætti hann á svæðið í ár og dæmdi í keppni forystuhrúta ásamt því að gefa sigurvegaranum bikar að launum. Dagurinn var afar vel heppnaður en eftir þessa miklu þátttöku voru um 100 manns í mat að Ýdölum þar sem sigurvegarar voru krýndir. Sigurvegarinn er sonur Ramma frá Hesti frá Úlfsbæ og hafði hvorki meira né minna en 44 mm þykkan bakvöðva og stigaðist upp á 91 stig.


Böðvar Baldursson tók við fyrsta „Skjálfandanum“ vorið 2023 fyrir hrút sinn, Dóm frá Yzta-Hvammi.
Mynd / Aðalsteinn J. Halldórsson

Þónokkuð margir hrútar rufu 90 stiga múrinn á sýningunni. Tekið skal fram að styrktaraðilar hrútasýningarinnar 2023 voru Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Lífland, Kjarnafæði Norðlenska, Norðurþing og Tjörneshreppur og stjórn vill koma á framfæri þakklæti til þeirra. Auk þess vill stjórn F.S.S.Þ. koma á framfæri þökkum til dómara, kynnis, gestgjafanna, ljósmyndara og ritara sem tóku þátt í sýningunni í ár.

Fram undan hjá félaginu eru fleiri fræðsluviðburðir auk þess sem Skjálfandi verður veittur öðru sinni snemma á næsta ári. Almennt er óhætt að segja að almenn ánægja sé með þessa stefnubreytingu félagsins og ekki sé útlit fyrir annað en að ágætur gangur verði á starfsemi félagsins á næstu árum, félagsmönnum og velunnurum íslensku sauðkindarinnar öllum til gagns og gamans.

*Aðalsteinn J. Halldórsson*
*formaður Félags sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu.*

SUB
SAMTÖK UNGRA BÆNDA
Laun fyrir lífi...
...ungra bænda og íslenskra sveita

**Samtök ungra bænda** efna til baráttufundar fyrir lífi sínu og sveitanna í landinu. Án verulegra breytinga verður engin eðlileg endurnýjun í bændastéttinni. Samt blasa við fjölmörg sóknarfæri til alþjóðlegrar samkeppnishæfni og um leið íslenskrar verðmætasköpunar. Við trúum á framtíðina en vandamálið er nútíðin þar sem þjóðin, undir forystu stjórnvalda, flýtur um þessar mundir sofandi að feigðarósi. Að gera eitthvað í málunum seinna gæti einfaldlega orðið of seint.

**Dagskrá**

Laun fyrir lífi
Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, bóndi í Stórholti, Dölum

Sami leikur – ólíkar leikreglur
Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Lausn á alvarlegum vanda í íslenskum landbúnaði
Þórólfur Ómar Óskarsson, kúabóndi í Grænuhlíð, Eyjafirði.

Lifandi sveitir – lifandi land
Þuríður Lillý Sigurðardóttir, sauðfjárbóndi á Sléttu, Reyðarfirði.

Tryggjum bændum framtíð
Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar BÍ, garðyrkju- og blómabóndi á Espiflöt, Reykholti.

Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær
Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra og aflvaki íslensks fæðuklasa

Umræður
Flutningsmenn erinda, gestir úr stjórnmálum – gestir í sal

**Kaffihlé**

Landverðir þjóðarinnar
Ísak Jökulsson, í stjórn SUB, bóndi á Ósabakka, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Er fjármagnskostnaður náttúrulögmál?
Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur, Víðidalstungu, V-Húnavatnssýslu

Fæðuöryggi þjóðarinnar í sjálfboðavinnu
Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þórustöðum, Eyjafirði

Hvar stendur hnífurinn í kúnni?
Stefán Geirsson, bóndi í Gerðum, Flóahreppi

Landbúnaður: Tækifæri og skipulagsumgjörð
Ragnar Árnason, hagfræðingur

Umræður
Flutningsmenn erinda, gestir úr stjórnmálum – gestir í sal

Fundarstjóri
Bjarni Rúnarsson, bóndi á Reykjum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Staður:** Salurinn, Hamraborg 6, Kópavogi
**Stund:** Fimmtudagur 26. október kl. 13:00 – 16:00
**Streymi:** Facebook: Ungir bændur, SUB

SUB
SAMTÖK UNGRA BÆNDA

## Báknið:

# Ógerilsneyddir ostar

**Smáframleiðendur á hinum Norðurlöndunum mega framleiða ógerilsneydda osta. Ógerilsneyddir ostar hafa verið fluttir inn í stórum stíl undanfarin ár, en íslenskum smáframleiðendum er óheimilt að framleiða þá hér á landi.**



Oddný Anna Björnsdóttir.

Parmesan og Grana Padano eru bestu og þekktustu dæmin um ógerilsneydda osta í hillum íslenskra verslana. Stærstur hluti osta í Evrópu með hina verðmætu PDO vottun er úr ógerilsneyddri mjólk. Flest lönd Evrópu leyfa framleiðslu ógerilsneyddra osta, þ.m.t. Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Holland, Belgía, Ítalía, Spánn og Portúgal. En ekki litla Ísland. Hér hafa lög um gerilsneyðingu ekki verið endurskoðuð í tæpa öld.

### *Ástæða gerilsneyðingar*

Mjólk var fyrst gerilsneydd í Þýskalandi árið 1886. Gerilsneyðing opnaði möguleikann á því að geyma og dreifa mjólk fjær þeim stað sem dýrin voru mjólkuð. Helsta ógnin sem stafaði af ógerilsneyddri mjólk á þeim tíma voru berklar, listería og fleiri skaðlegar bakteríur sem gátu fjölgað sér hratt í þeim kjöraðstæðum sem mjólk er þegar hún er geymd og flutt langar leiðir.

Svo má nefna að aðalástæðan fyrir því að farið var að framleiða osta er sú að með því var hægt að geyma mjólk til langs tíma. Það var sem sagt ekki gert til að búa til ólíkar vörur, heldur geymsluaðferð. Þetta var fyrir tíma gerilsneyðingar. Við Íslendingar þekkjum þetta í gegnum súrmatinn.

### *Gjörbreyting í vinnsluaðferðum*

Árið 1933 var sett í lög hér á landi að gerilsneyða skyldi alla mjólk. Síðan þá hefur orðið gjörbreyting á eftirliti, vinnslu- og geymsluaðferðum, enda þekkingin, reynslan, tæknin og aðferðafræðin orðin allt önnur í dag en hún var á fyrri hluta síðustu aldar.

Listería er þekkt vandamál í reyktum og gröfnum fiski, en hann er samt ekki bannaður. Í staðinn er viðhaft virkt eftirlit með ítarlegri áhættugreiningu, gæðakröfum, reglulegum sýnatökum og fleiru. Hvers vegna á það sama ekki við um osta? Sér í lagi þar sem slíkt eftirlit er þegar til staðar með ostaframleiðslu úr gerilsneyddri mjólk.

### *Sælkerahandverk frá smáframleiðendum*

Gerilsneydd og fitusprengd mjólk hefur tapað mikilvægum gerlum og ensímum sem eru bæði mikilvæg fyrir heilsu okkar – og til að ostagerð heppnist vel. Þegar ostur er gerður úr ógerilsneyddri mjólk er þessum ensímum og gerlum bætt út í blönduna.



Framleiðsla ógerilsneyddra osta er nýsköpun „gourmet“ afurða þar sem betri nýtni næst úr hráefni sem hefur meiri karakter og þar sem hefð er sköpuð og endursköpuð. Ostur er gerður úr aðeins þremur hráefnum; mjólk, ostahleypi og salti, en samt eru til yfir 2.000 gerðir af osti í heiminum sem allir hafa ólíkt form, lit og bragð. Gerjaðir ostar hafa svo valinn geril að auki.

Framleiðslan byggir oftar en ekki á einhvers konar sérstöðu, til dæmis gömlu handverki sem hefur verið framleitt mann fram af manni, á sama bæ, eftir sömu uppskrift. Víða í Evrópu hélt handverkið áfram eftir að gerilsneyðing var innleidd, þó stærri aðilar sem voru langt frá uppruna mjólkurinnar færu að framleiða osta úr gerilsneyddri mjólk.

Þessar ólíku framleiðsluaðferðir hafa því fengið að vaxa og dafna samhliða. Hér á landi lagðist handverkið hins vegar einfaldlega alveg af og hefðir töpuðust; en margar gerðir af ógerilsneyddum ostum voru framleiddar í lok 19. aldar, til dæmis í fyrsta landbúnaðarskóla landsins í Ólafsdal.

### *Endurskoðun regluverksins*

Við endurskoðun regluverksins í kringum gerilsneyðingu mjólkur hér á landi er upplagt að byrja á ostagerðinni því verkunarferillinn er langur. Eftir þrjá mánuði er gerlafjöldinn kominn í jafnvægi og hægt að mæla, án vandræða, hvort óæskilegar bakteríur séu í afurðunum. Þar að auki færi það ekki á milli mála, því ef skaðlegar bakteríur eru í mjólkinni sem osturinn er gerður úr, myndu þær fjölga sér ótæpilega á vinnslutímanum og eyðileggja ostinn.

Matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, er eftir einhverju að bíða? Eigum við ekki að einhenda okkur í þetta?

***Oddný Anna Björnsdóttir,***
*framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli.*







## Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi er hér auglýst ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldrar framkvæmdar.

**Rimakotslína 2, lagning 132 kW jarðstrengs milli Hellu og Rimakots**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 5. apríl 2023 að gefið yrði út framkvæmda-leyfi til Landsnets ehf vegna framkvæmdar við lagningu 132 kW jarðstrengs milli tengivirkis á Hellu í Rangárþingi ytra að tengivirki við Rimakot í Rangáþingi eystra. Skipulagsfulltrúi hefur gefið út framkvæmdaleyfið dags. 10. október 2023.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. nóvember 2023.

**Öll gögn framkvæmdaleyfisins liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu, og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is**

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

**Har. Birgir Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra**






LESENDARÝNI





Fjölmenn afmælishátíð var haldin í ágúst og var ánægjulegt hvað margir afkomendur Björns J. Andréssonar mættu. Myndir / Einkasafn




# Seljavallalaug 100 ára

**Upphafið að sundkennslu og byggingu Seljavallalaugar var sennilega skelfilegt sjóslys rétt við Vestmannaeyjar. Þar fórust 27 manns með skipi, sem Sigurður Halldórsson í Skarðshlíð átti og sonur hans var skipstjóri á. Slysið varð 30. apríl 1901 og þar fórust 27 manns, mörg á aldrinum 14 til 20 ára. Urðu þá 27 börn undir Austur-Eyjafjöllum föðurlaus. Aðeins einn maður bjargaðist. Fjöldi manns horfði á þegar bátnum hvolfdi rétt upp við land. Enginn um borð kunni að synda.**



Páll A. Andrésson

Það var svo árið 1922 að Hjörleifur Jónsson í Skarðshlíð, sem var oddviti sveitarinnar, símaði til Björns J. Andréssonar frá Berjaneskoti, sem var í Vestmannaeyjum og bað hann að fara á námskeið, sem norskur maður var með í Reykjavík. Þar var kennt sund og fleiri íþróttir. Björn var alveg hissa en lofaði að fara.

Þegar hann kom heim fór hann að athuga hvort ekki væri hægt að búa til laug inni í Laugárrgili. Hann skoðaði aðstæður og leist vel á svo hann fór til Ólafs Pálssonar á Þorvaldseyri. Ólafur sagði að þetta væri ekki mikið mál. Björn fór á alla bæi og safnaði liði og þeir hlóðu laug úr torfi og grjóti sem var ekki góð. Björn kenndi þeim svo sund sem hjálpuðu við hleðsluna.

Sundkennslan tók viku og það voru launin fyrir vinnuna við bygginguna hlöðnu laugarinnar. Menn komu sér saman um að byggja steypta laug og höfust handa við fjársöfnun. Þeir óskuðu eftir styrk úr ríkissjóði, sem var hafnað. Sýslusjóður gat ekki hjálpað en þeir voru búnir að safna 740 kr. og sömdu við Hallgrím Benediktsson um að hann seldi þeim sement. Sementið kom svo vorið eftir til Vestmannaeyja. Það var flutt upp í land eftir vertíðina, sem endaði 11. maí og hófst þá verkið. Laugin var tilbúin fyrir slátt.

Aðeins einn maður kunni að blanda steypuna, það var Björn Guðmundsson frá Gíslakoti. Þeir voru jafn gamlir og vinir, Björn J. Andrésson og Börn Guðmundsson. Björn Guðmundsson stjórnaði vinnunni og Björn J. Andrésson sá um að hafa alltaf nægan mannskap. Björn hóf námskeið í sundi og tóku 25 manns þátt í fyrsta námskeiðinu og gistu í tjöldum. Hann kenndi fjölda barna sund í lauginni, bæði úr Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Árið 1927 varð sundkennsla í lauginni hluti af skyldunámi. Laugin er 25 metrar á lengd og 10 metrar á breidd og var stærsta sundlaug landsins til ársins 1936.

Þegar höfundur var að alast upp undir Eyjafjöllum þá var laugin með einhvern ljóma og þótti nánast heilagur staður. Alla, sem komu í heimsókn, var farið með í Seljavallalaug. Alltaf var vel hugsað um hana. Það var svo árið 1995, sem ég fór inn í Laug sem kallað er og þá blasti við að hún var hálftóm, stórt gat á henni og þar rann vatnið út. Haft var samband við formann Ungmennafélagsins og fékkst samþykki fyrir að lagfæra laugina. Hringt var í fjölda manns og kom 41. Þann 24. júní 1995 hófust lagfæringar, sem stóðu í 10 ár.

Við, brottfluttir Eyfellingar, förum alltaf fyrstu helgina í maí og vann fjöldi manns þar að og er listi með nöfnum þeirra varðveittur. Lilja Sigurgeirsdóttir í Drangshlíðardal sendi okkur ævinlega góðan mat upp í Laug. Á 75 ára afmæli Laugarinnar buðum við upp á stórveislu í Fossbúð og Stöð 2 sendi fréttamann til að gera góða mynd af því tilefni.



Síðan endurtókum við þetta á 80 ára afmælinu, buðum gestum og þá voru lauginni færðar gjafir og ræður haldnar. Árið 2011, ári eftir Eyjafjallagosið, var Laugin full af ösku og þá var ekki fagurt yfir að líta. Þá hafði Dofri Eysteinsson hjá Suðurverki samband og bauð okkur aðstoð og sendi sína stærstu vél og sinn besta mann, Sigurð Sigmundsson, sem mokaði 1180 tonnum upp úr Lauginni. Honum til aðstoðar komu menn frá Vík í Mýrdal með minni vél sem var hentug niðri í Lauginni og fjöldi sjálfboðaliða kom einnig.

Við Jón Á. Gissurarson förum víða til að tala máli Seljavallalaugar. Steingrímur Hermannsson, þáverandi ráðherra, bauð okkur í morgunverð heima hjá sér til að hafa næði til að ræða málin. Rétt fyrir andlát Jóns fékk ég boð frá honum um að koma til hans, hann þyrfti að tala við mig. Þá bað hann mig að hafa samband við Siv Friðleifsdóttur, þáverandi umhverfisráðherra, og óska eftir friðlýsingu og það gerði ég.



„Þegar höfundur var að alast upp undir Eyjafjöllum þá var laugin með einhvern ljóma og þótti nánast heilagur staður."

Þann 6. júlí 2006 lýsti hún Seljavallalaug friðaða. Laugin og nánasta umhverfi hennar er í dag í umsjá Minjastofnunar Íslands. Ungmennafélagið Eyfellingur ásamt brottfluttum Eyfellingum og afkomendum Björns héldu í sumar upp á 100 ára afmæli Seljavallalaugar, sem byggð var 1923. Laugin er ein af elstu laugum landsins.

Afmælishátíðin var haldin þann 12. ágúst sl. Fjölmenni, eða um 120 manns, mætti á hátíðina, sem hófst við Seljavallalaug. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir afkomendur Björns mættu á hátíðina. Einnig mætti stór hópur fólks sem lærði sund í lauginni á sínum tíma. Frá Seljavallalaug var haldið í veglega grillveislu í félagsheimilinu Fossbúð, sem kvenfélagið Fjallkonan sá um af miklum myndarskap.

*Fyrir hönd hópsins*
*Vinir Seljavallalaugar,*
***Páll A. Andrésson** frá Berjanesi.*




# Stjórnvöld þurfa að bregðast strax við

**Það blasir við um þessar mundir að íslenskur landbúnaður stendur á krossgötum, upp er komin sú staða sem gerir það að verkum að lítil endurnýjun á sér stað í landbúnaði, meðalaldur íslenskra bænda er 57 ár og er greinin og stéttin að eldast töluvert.**



Anton Guðmundsson.

Skortur er á aðgerðum stjórnvalda í þessum efnum til að tryggja rausnarlegan stuðning fyrir nýliðun í landbúnaði og stuðla að fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar til framtíðar.

Stórauka þarf framlög til bænda í gegnum búvörusamninga og hækka strax tafarlaust tolla á innflutt kjöt sem gengur kaupum og sölu á frjálsum markaði á verði sem íslenskir bændur geta ekki keppt við. Ráðast þarf tafarlaust í aðgerðir til að stuðla að nýliðun í landbúnaðinum með því að markaðssetja nám í landbúnaðartengdum fræðum og veita fólki stuðning við að taka við af foreldrum sínum.

Einnig þarf að styðja við þá sem vilja láta drauminn rætast og hefja búskap. Það er ekki bara fullnægjandi að hafa nýliðunarstyrk, heldur verðum við líka að tryggja aðra hluti. Eins og við sjáum í hlutdeildarlánunum.

Þessar ívilnanir þurfum við að innleiða í landbúnaðarkerfinu til að aðstoða ungt fólk við að koma sér upp búi og húsi og aðstöðu. Við þurfum að koma með þessar lausnir með skjótum hætti, sé það meiningin að tryggja hér fæðuöryggi og auka framleiðslu á landbúnaðarvörum.

Bændur hafa fundið rækilega fyrir hækkun á aðföngum, eins og fóðri, plasti og áburði. Ástæðan er sú að hráefni til áburðarframleiðslu eru meðal annars í Rússlandi.

Einnig er vaxtakostnaður og verðbætur að sliga íslenska bændur, sem hafa fjárfest fyrir gríðarlegar fjárhæðir í tækjakost sínum. Sauðfé í landinu er nú orðið færra en mannfólk vegna þess að bændur bregða búi og enginn tekur við, ætlum við að halda áfram á þessari braut inn í framtíðina og glata þannig sjálfstæði matvælaframleiðslu og um leið fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar?

***Anton Guðmundsson,***
*oddviti framsóknarflokksins í Suðurnesjabæ.*

# Bláskel gefur gull í mund

**Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur í langan tíma haft áhyggjur af því að framleiðsla próteinmatvæla sé nánast komin í kröggur.**



Guðni Þ. Ölversson.

Á heimsvísu er landbúnaðarsvæði um það bil fimm milljarðar hektara sem er 38% af yfirborði jarðarinnar. Um þriðjungur þess er nýttur sem ræktunarland. Afgangurinn, tveir þriðju hlutar, eru tún og beitilönd til beitar búfjár.

Um 50% af matvælaframleiðslu á jörðinni eru framleidd með tilbúnum áburði. Sú framleiðsla er ekki sjálfbær. Farið er að ganga verulega á fosfatnámur heimsins og verða jafnvel uppurnar innan 100 ára. Fylgifiskur þessarar framleiðslu er veruleg losun gróðurhúsaáhrifa. Stór hluti af þessari losun góðurhúsaáhrifa er tilkominn vegna fæðuframleiðslu.

Í hafinu kringum Ísland er frumframleiðsla plantna, örþörunga og þara 100 sinnum meiri en hjá plöntum sem ræktaðar eru á landi. Fæðupíramídi sjávar skiptist í nokkur þrep. Í því neðsta er plöntusvif sem er u.þ.b. 90% af lífmassa sjávar. Bláskelin og önnur skeldýr eru í næsta þrepi og nærast á plöntusvifinu. Það þýðir að skelfiskræktun er nánast eina vistvæna og arðbæra aðferðin til að sía plöntusvif sjávar og breyta því í próteinrík og heilnæm matvæli. Lífríki á norðurhveli jarðar notar aðeins 1% af plöntusviði hafsins.

*Bláskel*

Bláskel hefur verið ræktuð í hafinu frá 13. öld. Spánverjar hófu bláskeljaaeldi, sem atvinnugrein, árið 1946. Þeir hafa nýtt sér litla fleka, sem þeir kalla pramma, sem ræktunarkaðlarnir hanga niður úr. Áður höfðu þeir stundað bláskeljaeldið með sama hokurbúskap og víðast hvar í álfunni. Núna, 77 árum síðar, eru þeir orðnir stærstu bláskeljafarmleiðendur í Evrópu með 300 þúsund tonna framleiðslu á ári.



**Hugmyndir fyrirtækisins Northlight Seafood felast í því að nýta fleka til að halda uppi ræktunarlínunum á bláskel.**

Aðeins Kínverjar, sem framleiða 450 þúsund tonn að meðaltali á ári, eru stærri á heimsvísu í bláskeljarræktun.

*Bláskeljarækt á Íslandi*

Á Íslandi hefur bláskeljaeldi verið stundað með misgóðum árangri. Þekking á þessari grein hefur verið af skornum skammti enda hafa vísindamenn ekkert verið að eyða of miklum tíma í að kynna sér hegðun bláskeljarinnar. Afraksturinn er í samræmi við það. Einyrkjabúskapur sem stendur tæplega undir því að kallast atvinnurekstur.

Í Evrópu hafa komið upp vandræði sem stafa af mannavöldum. Nýliðun bláskeljar hefur dregist saman. Ástæðan er að skortur hefur verið á bláskeljalirfun sem standa undir ræktuninni vegna þess að maðurinn hefur raskað umhverfinu sem lirfunum er nauðsynlegt til þess að dafna og vaxa.

Möguleikar til bláskeljaeldis, í stórum stíl, eru óvíða jafn góðir og á Íslandi. Það getum við þakkað gæðum sjávarins í kringum landið ásamt Golfstraumnum sem reyndar gerir landið okkar byggilegt.

Hefðbundin ræktun felst í því að leggja út ræktunarlínur sem lirfur bláskeljarinnar festast á. Á línunni vaxa þær og dafna þar til kemur að uppskerunni. Um tvö ár tekur skelina að vaxa í æskilega markaðsstærð.

Bláskeljaeldi er atvinnugrein sem þarf ekkert verksmiðjuframleitt fóður og engin lyf. Eldið er því 100% sjálfbært.

*Northlight Seafood*

Markmið Northlight Seafood er að þróa aðferðir og tæki til að breyta bláskeljarækt í öfluga og arðbæra atvinnugrein sem uppfyllir þörfina fyrir sívaxandi eftirspurn eftir fóðri til matvælaframleiðslu. Stefnan er að straumlínulaga allt ferlið, frá byrjun þegar fullvaxin skelin er tekin úr sjó og unnin og pökkuð fyrir kaupendur.

Northlight Seafood hefur kannað möguleikana á því að hefja bláskeljarækt, gæðaskel (delisius) með þeirri tækni sem við búum yfir nú, árið 2023. Hugmyndin felst í því að nýta fleka til að halda uppi ræktunarlínunum. Mun stærri fleka en Spánverjar nota. Því er nauðsynlegt að vélvæða ræktunina. Tæknivæðingin verður til þess að afköstin margfaldast og hagkvæmni eykst verulega. Áætlað er að vera með 12.000 fleka í ræktuninni. Til þess þarf nokkuð stórt skip með burðargetu upp að allt að 5.000 tonnum. Skipið verður útbúið krönum sem hífa flekana úr sjónum þar sem skelin verður hreinsuð af teinunum í þartilgerðan „gám" um borð í skipinu.

Þegar skelin hefur verið hreinsuð af flekunum verður þeim lagt aftur á nýju svæði ef þörf krefur.

Varlega áætlað er reiknað með að framleiðslugetan verði 100 þúsund tonn á ári þegar fullum afköstum er náð. Þá verður hægt að taka upp 25 tonn af bláskel á 10–15 mínútum.

Markmiðið er að ná fullum afköstum á þremur til fimm árum eftir að fyrstu afurðirnar verða komnar á markað.

Til að vinna svo mikinn afla þarf góða aðstöðu og öfluga verksmiðju. Í tengslum við verksmiðjuna er þörf á vel útbúnum rannsóknarstofum þar sem gæðaeftirlit verður tvöfalt.

Við vinnsluna fellur til töluverður úrgangur. Skelin sjálf og harður úrgangur verður malaður í sandkornastærð. Gera má ráð fyrir því að 30 þúsund tonn af skeljasandi muni falla til á ári. Sandurinn er að mestu kalk sem nýtist í fóður.

*Markaður*

Prótein er eftirsótt bæði til manneldis, fiskeldis og annars dýraeldis. Eftirspurnin á bara eftir að vaxa. Fáar aðferðir eru betri en bláskeljaræktun til að anna þeirri eftirspurn. Sjálfbær ræktun þar sem ekki þarf að nota verksmiðjuframleitt fóður eða lyf.

Í dag er fiskeldi stór atvinnuvegur á Íslandi. Nánast allt fóður til þess er innflutt. Það er því góður möguleiki á því að fiskeldið og bláskeljaeldið geti lifað vel saman í náinni framtíð.

Það er dálítið merkilegt að aðeins um 10% af bláskeljaframleiðslu í heiminum í dag er seld á markaði. Innan við 5% af heildarframleiðslu bláskeljavöðvans er seldur á alþjóðlegum markaði. Eitt lægsta hlutfall í heiminum í viðskiptum með sjávarafurðir.

Ástæða þessa er að afurðarinnar er neytt í löndunum þar sem þær eru ræktaðar og eru seldar neytendum „beint frá býli". Þessi viðskiptamáti hefur að sjálfsögðu áhrif á verð í opinberum verðskrám en verð til kaupenda á markaði getur verið tvöfalt til þrefalt hærra en skráð verð.

*Guðni Þ. Ölversson,*
*fyrrverandi kennari.*


## Haustfundur garðyrkjunnar

**1. nóvember 2023 kl. 13:00**

**Búgreinadeild garðyrkjubænda boðar til opins haustfundar um stöðuna í garðyrkjunni. Fundurinn verður fjarfundur og öllum opinn.**

-Staða bænda gagnvart búvörusamningum
-Staða útiræktunar
-Stefnumótun RML í málefnum garðyrkjunnar
-Erlendir ráðunautar - endurgjöf á starfið
-Önnur mál

**Skráning, hlekkur og nánari upplýsingar má finna á bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

VÉLABÁSINN

# Loksins rafmagnspallbíll

## – Prufuakstur á Maxus T90



**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is




**Maxus T90 er fyrsti rafknúni pallbíllinn sem er hægt að kaupa í gegnum umboð. Taka þarf viljann fyrir verkið, en framleiðandanum hefur yfirsést fjölmörg smáatriði sem þarf að huga að til að gera notkun bifreiðar ánægjulega.** Myndir / ÁL



**Ytra útlit bílsins er eins og á hefðbundnum pallbílum. Ef vel er að gáð sést glitta í rafmótorinn bak við afturöxulinn.**



**Innréttingin er grá og hörð. Stýrikerfi margmiðlunarskjásins er ekki notendavænt.**



**Tvö Isofix tengi eru í afturbekk. Rými er gott til fóta og hliða en lágt til lofts.**

**Nú hefur Vatt ehf. tekið í sölu rafknúinn pallbíl, fyrst íslenskra bílaumboða. Þessi er framleiddur af kínversku fyrirtæki og hafa sendibílar frá sama framleiðanda notið góðrar hylli hérlendis.**

Um ræðir fjögurra dyra miðlungsstóran pikkopp sem keppir við þekkt merki eins og Toyota Hilux og Isuzu D-Max. Hér er bíll sem er afar fallegur að utan og er hönnun ytra byrðisins engu síðri en sú á öðrum pallbílum í sama stærðarflokki. Sá sem ekki veit betur myndi ekki átta sig á að um rafmagnsbíl er að ræða en glöggir reka augun í rafmagnsmótorinn bak við afturöxulinn.

Pallurinn er svipaður að stærð og á japönskum pallbílum og má hann bera eitt tonn, sem er jafnframt sambærilegt og hjá helstu samkeppnisaðilum. Bíllinn kemur útbúinn með krók og er dráttargetan eitt tonn, sem er mun minna en gengur og gerist, því aðrir nýir pallbílar mega draga þrjú og hálft tonn. Maxus T90 er hannaður sem dísilbíll og ber þess skýr merki, en hann fæst sem slíkur í sumum löndum. Húddið er til að mynda mjög stórt og gert til að rúma sprengihreyfil. Þegar litið er í vélarrýmið er það hálftómt og hefur framleiðandanum misfarist að útbúa þar hentugt geymslurými.

Fyrir utan að vera rafknúinn þá er stærsti munurinn á þessum pallbíl og öðrum sem seldir eru hérlendis sá að hann er einungis fáanlegur með afturhjóladrifi. Samkvæmt svörum frá umboðinu er ekki von á fjórhjóladrifnum Maxus T90 í náinni framtíð. 88,55 kílóvattstunda rafhlaðan býður upp á þokkalega drægni með fulla hleðslu, eða 330 kílómetra í blönduðum akstri samkvæmt framleiðanda. Hún mun vera best í innanbæjarakstri, en ekki gafst færi á að reyna almennilega á þolmörk hennar.

### *Gamaldags innrétting*

Þegar stigið er um borð er horfið aftur til fortíðar, eða sirka ársins 2005. Innréttingin er af svipuðum standard og þær sem mátti sjá í fyrri kynslóð af Hilux sem Toyota framleiddi á árunum 2004 til 2015. Hvert sem litið er sést ljósgrátt hart plast og eru skarpar brúnir á sumum samskeytum. Til að ræsa bílinn þarf að snúa lykli, sem er sjaldgæft á nýjum bílum – hvað þá rafmagnsbílum. Stýrið er úr slitsterku gúmmíi.

Sætin eru klædd með leðuráklæði og þokkalega vel mótuð að líkamanum, þó mjög stíf. Þau eru stillanleg með rafmagni og er hægt að koma sér ágætlega fyrir þó maður sé leggjalangur. Rýmið til höfuðsins er þó með minnsta móti og rétt sleppur fyrir undirritaðan, sem er 190 sentímetrar á hæð. Aftursætin rúma ágætlega þrjá fullorðna farþega sem kvarta ekki yfir því að þurfa að vera hoknir í baki. Tvö Isofix tengi fyrir barnabílstóla eru á afturbekknum.

### *Takmarkaður margmiðlunarskjár*

Helsti munurinn á innréttingunni hér og í pallbílum fyrsta áratugarins er sá að núna er búið að fækka tökkum og koma fyrir snertiskjá. Það hefði verið ágætt ef gæði margmiðlunarskjásins væru meiri.

Alla jafna er sýndur svokallaður heimaskjár en hann sýnir lítið af gagnlegum upplýsingum og að gera einföldustu hluti tekur minnst tvö til þrjú skref. Stærsta plássið á heimaskjánum er tekið af stórri mynd af bílnum sjálfum, en ekki var hægt að sjá að hún gerði nokkuð annað en að minna ökumanninn á að bíllinn er þó allavega fríður að utan. Sem betur fer eru takkar til að stilla hljóðstyrk í stýrinu.

Útvarpið sýnir ekki á hvaða stöð er hlustað, heldur sést aðeins tíðni sendingarinnar. Því skapast raunveruleg hætta á að fólk hlusti á Útvarp Sögu án þess að vita betur. Loftnetið virðist jafnframt ekki vera mjög næmt, því lítið þarf til að útsendingin truflist innan borgarmarkanna.

### *Ósamræmi í miðstöð*

Flýtihnappar fyrir miðstöðina eru fyrir neðan snertiskjáinn og því fljótlegt að stilla hita og blástur. Þegar hitastig er valið kemur einhver tala upp á skjáinn sem virðist ekki vera á Celcius kvarðanum og skortir allt samræmi. Stilling 27 er því stundum köld og stundum heit.

Það eru nokkrar stillingar á birtustigi margmiðlunarskjásins og fer hann sjálfkrafa í hæsta styrkinn þegar úti er myrkur og fylgir því hávært lágtíðnihljóð. Blessunarlega er auðvelt að lækka birtustigið alveg niður, sem er sú stilling sem er í raun rétt að nota að kvöldlagi.

Bakkmyndavél er á bílnum og fjarlægðarskynjarar að aftan. Framleiðandinn hefur þó greinilega ekki lagt mikla vinnu í að stilla myndavélina, því á fjórðungi myndarinnar sést ekkert nema stuðarinn. Kvíðvænlegt er að setja í bakkgírinn, því bíllinn lætur ökumanninn vita með háværu ýli. Hljóðmerkið sem kemur frá fjarlægðarskynjaranum er þetta sama háa vein og er því taugaslítandi að bakka í stæði.

Best væri að hafa Peltorinn innan handar, því ekki virðist vera hægt að slökkva á þessum hávaða.

### *Léttur og lipur í akstri*

Í innanbæjarakstri er Maxus léttur og lipur með góðu afli og fislétту stýri. Þó er alltaf einhver titringur í bílnum sem finnst mest í kringum 50 kílómetra hraða.

Þó ekið sé á nýju malbiki á einni af stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins er maður alltaf á einhverju iði. Upplifunin var eins og dekkin væru farin að losna.

Undir 25 kílómetra hraða gefur bíllinn frá sér hljóðmerki til að gera gangandi vegfarendum viðvart. Þetta hljóð berst þó vel inn í ökumannshúsið og er nánast sami sónn og heyrist í ónýtri hjólalegu, þó blessunarlega af lægri hljóðstyrk. Hafi ökumaðurinn ekki náð fullum svefni mun þetta hljóð líklega vera honum til ama.

Þegar bílnum er lagt er ekki hægt að setja hann í P, eins og á sjálfskiptum bílum og öllum öðrum rafmagnsbílum. Því er enginn gír til að halda við þegar drepið er á bílnum og þarf að nota handbremsuna. Hana þarf þó að draga upp í hæstu stöðu svo bíllinn fari ekki að renna , jafnvel í aflíðandi halla. Þetta er ekki traustvekjandi á splunkunýjum bíl og er líklegt að þessu munu fylgja mikil vandræði þegar handbremsan er farin að slakna.

### *Að lokum*

Maxus T90 ber öll þess merki að um ódýra bifreið sé að ræða. Þessum frávikum væri auðvelt að fyrirgefa ef bíllinn væri ekki svona dýr, eða tæpar tíu miljónir króna. Ekki þarf að leita langt í verðlistum annarra bílaumboða til að finna pallbíla með mun fágaðri innréttingu, fullkomnari staðalbúnað og fjórhjóladrif á lægra verði en bíllinn sem skrifað er um hér. Áætla má að líklegustu kaupendurnir að þessum bíl séu stór fyrirtæki eða stofnanir sem hafa ákveðið að rafvæða bílaflotann sinn vegna umhverfisstefnu. Verðið á bílnum er 9.900.000 krónum með vsk.

**Kolefnishlutlaus garðyrkja 2040**

Búgreinadeild garðyrkjubænda auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir verkefni sem styðja við markmið samnings starfsskilyrða framleiðenda garðyrkjuafurða um kolefnishlutlausa garðyrkju 2040. Styrkumsókn þarf að fylgja kynning á verkefninu, framkvæmda- og fjárhagsáætlun.

Umsóknarfrestur er til 19. nóvember.

**Fyrirspurnum ásamt umsóknum skal skila á gudrunbirna@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

SÖFNIN Í LANDINU

## Sauðfjársetur á Ströndum:

# Öflug viðburðadagskrá í vetur

**Nú er veturinn farinn að láta á sér kræla og víða á landsbyggðinni eru söfn aðeins opin ferðafólki og gestum yfir sumartímann.**

Sauðfjársetur á Ströndum hafði fastan opnunartíma í fjóra mánuði í sumar og stefnir að því að lengja hann um mánuð á næsta ári: Þá á að vera opið frá miðjum maí fram í miðjan október.

En nú er vetrarstarfið fram undan. Þá er innra starfið í gangi, unnið að rannsóknum, nýjar sýningar undirbúnar, hugað að skráningu og frágangi í munageymslunni. Það á líka að skipta um eina útihurð og gera umbætur í eldhúsinu fyrir næsta sumar. Það eru líka fjölmargir viðburðir á dagskránni yfir veturinn þar sem heimafólk er helsti markhópurinn. Þrátt fyrir að vera eitt minnsta safn landsins, hvort sem litið er til veltu eða starfsmannahalds, hefur Sauðfjársetrið svo sannarlega náð því markmiði sínu að vera mikilvæg menningarmiðstöð í héraðinu, jafnframt því að vera viðurkennt safn og ferðaþjónustuaðili.



Hrútadómar 2023 – Sigurvegarar í hrútadómum 2023, frá vinstri: Gunnar Steingrímsson, Stóraholti í Fljótum, Jón Stefánsson, Broddanesi á Ströndum og Elvar Stefánsson, Bolungarvík. Myndir / Aðsendar

Í þessari viku er leiksýning í Sævangi, Kómedíuleikhúsið er að koma í heimsókn með leikritið um Nansen. Og á laugardaginn verður árleg sviðaveisla Sauðfjársetursins. Þar koma um 100 gestir og eiga saman góða kvöldstund við söng og skemmtun. Aðalatriði kvöldsins er þó maturinn, þarna eru borðuð svið, köld og heit, ný, söltuð og reykt, auk þess sem gestir gæða sér á heitum sviðalöppum og sviðasultu og fá svo blóðgraut og fleiri gómsæta eftirrétti.


Frá Sviðaveislunni 2022. F.v.: Ester Sigfúsdóttir, Matthías Lýðsson, Steinunn Þorsteinsdóttir, Hafdís Sturlaugsdóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Sverrir Guðbrandsson og Reynir Björnsson.

Árlegir jólatónleikar eru komnir á dagskrá, en síðustu ár hafa Dúllurnar, sem er tveggja söngkvenna hljómsveit á Ströndum, haldið tónleika með Sauðfjársetrinu og því hefur öll innkoman jafnan verið gefin í gott málefni, t.d. hafa Kraftur og Píetasamtökin notið góðs af því. Svo verða bókakynningar, sögustundir og spilavist á dagskránni af og til fram að jólum og líka spilað þriggja vikna langt jólaheimabingó á vefnum. Síðustu þrjú ár hefur Sauðfjársetrið verið með í jólabókaflóðinu og gefið út nýja bók árlega, en hvílir sig á því fjöri þessi jólin.

Gestafjöldi á Sauðfjársetrinu var meiri í sumar en áður hefur verið, en ekki er búið að taka endanlegar tölur saman. Þegar best lætur hafa um sex þúsund manns komið í heimsókn á ári, en gestir eru fleiri núna. Mest munar um mætingu á stórhátíðir ársins, Náttúrubarnahátíðina í júlí og Íslandsmótið í hrútadómum í ágúst.

Sauðfjársetrið vill þakka öllum gestum sínum kærlega fyrir komuna og við hlökkum til að hitta ykkur aftur. Ef þið viljið fylgjast með mælum við með að þið merkið við Sauðfjársetur á Ströndum á Facebook.

***Ester Sigfúsdóttir***
*framkvæmdastjóri.*



Allar almennar bílaviðgerðir

Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifkop.is





Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400


# KROSSGÁTA Bændablaðsins



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 206 | RISPA | SKYNFÆRI / MESSINGS | ↴ | SVÍKJA | VÆTA | ↴ | RAKI | SKRIÐA / ÁGENGNI | ↴ | ■ |
| | | | | BURÐAR-KLÁR | | | | | | | | | | ÁLITS |
| | | | | KVK NAFN | | | | | LÍKUM | | | | | |
| | | | | URMULL | | | | | TÆLA / GNÆFA | | | | | |
| | | | | ÓREIÐA / TÆPLEGA | | | UPPGANGA / MÓÐINS | | | | | | BRESTIR | |
| RÝJA | | STIG | SKORTIR / ÞRÁTTA | | | | | | | ÚTGENGINN | | TVEIR EINS / FÆLA | | |
| ↳ | | | | | STÖÐUGT / GIMSTEINN | | | TJÓN | | | | | | FUGL |
| LJÓST | | | | | | STIKK-PRUFA | | | | | ÓÐAGOT / ANDIN | | | |
| HAPP-DRÆTTI / AÐEINS | | | | | | KVÖLD | | AFOXA / ORÐSTÍR | | | | | | |
| ↳ | | | | PUKUR / BLANDAR | | | | | ÖNDUNAR-FÆRI / HLUTDEILD | | | | | |
| ■ | | ANDVARI | SEPI / BRÚNIR | | | | SÖNGLA | | | | | | INNI-LEIKUR | |
| ÁREITA / HLUTSKIPTI | | | | | | | TIGNARI / NUDDA | | | | | STING / HLJÓÐFÆRI | | |
| ↳ | | | | | TOTA | | | | | SÖGN / SKYLDIR | | | | |
| FLYTJA | | | | | HVEITI-DEIGS LENGJA | | | | | | DVELJAST | | | |
| HLUNN-FARA | | | | | | | | ÞOKKALEG | | | | | | ■ |

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 205 | Í | RÍKI Í SV-ASÍU / KVAÐ | S | MYLSNA / HEST-BURÐUR | TILDRA UPP | H | STJÓRN | JAFN-FRAMT | Þ | BRUNAÐI |
| | | | | SKRÍN / ÓFRJÁLS | S | M | Á | H | I | R | S | L | A | DÓMS |
| | | | | Þ | R | Æ | L | L | LYF | Ó | P | Í | U | M |
| | | | | BYLGJA | A | L | D | A | RJÁLA / DVALDIST | F | I | K | T | A |
| | | | | SNÆÐI / BURT | E | T | FUGL / MYRKVAST | S | V | A | L | A | AFÞILJA | T |
| NÁTTA | G | EFNI | SKRÍKJA / HEIMREIÐ | F | L | I | S | S | A | EIND | U | TVEIR EINS / FRIÐUR | S | S |
| G | I | S | T | A | MALAR-LEIR | ■ | O | ÖFUGT | R | A | N | G | T | PLANTA |
| BRAKA | M | A | R | R | A | LEIFAR | R | E | S | T | KVK NAFN / ÓGÆFA | R | Ú | N |
| ALLTAF | S | T | Ö | Ð | U | G | T | DRYKKUR | T | Ó | N | I | K | E |
| VANA-LEGUR / LITÞROTA | T | Í | Ð | U | R | SPJALD | N | FARÐI | AÐFERÐ / ÞRÍFUR | M | E | Ð | A | L |
| R | E | N | VAND-RÆÐI | FÍFLAST / ÓHLJÓÐ | A | T | A | S | T | GERA | Y | TORVELD | TOLLA | L |
| ■ | I | STORKA / ÓVISSA | Ö | G | R | A | ÁVERKI / EKKI | M | E | I | Ð | S | L | I |
| SKYNJA / REIK | N | E | M | A | ÓSKÖP | F | E | I | K | N | ENDIR | L | O | K |
| V | A | F | U | R | MILDUN | L | I | N | U | N | GEISA | Æ | Ð | A |
| FIPA | R | I | N | G | L | A | VELLA | K | R | A | U | M | A | ■ |

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

www.bbl.is

# Napolí, New York … Kópavogur



**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com

**Frá því að Íslendingar kynntust pitsum í fyrsta sinn fyrir alvöru, um og eftir miðjan níunda áratuginn, höfum við haft þetta flatbrauð á heilanum.**

Ég persónulega myndi til dæmis fórna framan af litla fingri til að smakka upprunalega Jón Bakan pitsu og mögulega raka af mér hárið fyrir eina funheita margarítu frá Pítsahúsinu. En það er önnur saga og kannski svolítið furðuleg.

Flestar þjóðir eiga sér til einhvers konar flatt þjóðarbrauð. Við eigum tvö; laufabrauð og flatköku, eða flatbrauð fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Útflatt brauð er nefnilega mikilvægur þáttur í matarmenningu flestra þjóða enda þægileg og ekki síður sparleg leið til að metta sig og sína. Ítalska flatbrauðið, í það minnsta það þekktasta, er pitsa. Ættuð frá Napólí, þessi með tómötum, osti og basil. En það er samt eiginlega svo að heimsþekkta pitsan og sú sem við hér á Fróni borðum og elskum, kemur til okkar frá Norður-Ameríku. Enda vissi svo til enginn fyrir utan Stór-Napolísvæðið hvað pitsa var fyrr en langt var liðið á tuttugustu öld.

Ekki fyrr en ítalskir innflytjendur byrjuðu að bixa með pitsur í New York á öndverðri síðustu öld um mest alla austurströndina þar vestra. Pitsan náði svo endanlega í gegn þar vestra eftir seinna stríð.



Kársnespitsan. Hvít pitsa með ostrusveppum, beint frá sveppabónda úr efri byggðum Kópavogs. Mynd /Hari

Enda er það líka svo að finna má mismunandi pitsutegundir kenndar við helstu innflytjenda- og verkamannaborgirnar þar. Chicago á djúpu pönnupitsuna, Detroit á stórundarlega útgáfu með sósunni í röndum ofan á. En aðalpitsan og sú sem flestir kannast við, þekkja og elska er New York pitsan. Þunnbotna pitsa með pepperóní og þessu helsta sem við könnumst við.

En þar er ekki öll sagan sögð. Því þarna í Jórvíkinni nýju leynist nefnilega önnur útgáfa. Flatbaka sem flogið hefur örlítið lægra en þessi klassíska og það er hvíta pitsan. Yfirleitt gerð með ricotta osti og ferskum mozzarella.

Hvít ostapitsa veitir allt aðra upplifun en þegar tómatsósa er grunnurinn.

Fyllir öðruvísi og er svo saðsöm að erfitt er að borða margar sneiðar. Sem er reyndar gott á þessum síðustu og verstu.

Stærsta vandamálið okkar hér nyrðra er reyndar aðgangur að ferskostum eins og Ricottaosti. Það er mjög takmarkað. Skyr var alltaf okkar ferskostur þangað til því var breytt í jógúrt en ætli kotasæla sé ekki það næsta sem kemst ricotta úti í búð. Hana er hægt að brúka í flestan mat en mín tillaga til heiðurs hvítu New York pitsunni er þessi:

Blanda saman jöfnum hlutum af rjómaosti og feitum sýrðum rjóma, Kannski desílítra af hvoru eða svo. Slettu, tveimur, þremur matskeiðum af ólífuolíu, klípu af salti og matskeið eða svo af þurrkuðu oreganokryddi. Láta standa í nokkrar mínútur.

Smyrja svo þunnt yfir nýflatt pitsudeig. Toppa með blöndu af mozzarella-osti (ekki þessum blautu í kúlunum heldur rifnum í poka), smá parmesan-osti og helst smá af appelsínugulum líka. Cheddar eða það sem mér finnst betra að rífa niður eina, tvær sneiðar af amerískum osti.

Hægt að hafa þessa bara sem ostapitsu eða toppa hana með áleggi. Pepperóní á auðvitað alltaf vel við, hvort heldur sem er í New York eða Bíldudal.

Svo er það hvíta sveppapitsan, sveppir passa stórkostlega á þessa pitsu. Nokkrir dropar af hvítlauksolíu á þegar hún kemur heit úr ofninum og við eru að tala um glænýja pitsuupplifun. Kannski ekki alveg Jón Bakan eða Pítsahúsið árið 1989 en nálægt.

### *Pitsudeig*

Fyrir þá sem nenna ekki að baka deig er ekki vandamálið að kaupa það út í búð. Reynið að kaupa kúlur en ekki útflatt. Þessi deig fást í öllum búðum og mörgum bakaríum. Það fæst meira að segja merkilega gott pitsudeig í sænskri húsgagnabúð í Garðabæ. Best er svo að kaupa deigið einum til tveimur dögum áður en pitsubaksturinn fer fram. Allir staðir sem selja pitsur, eða í það minnsta allir staðir sem gera það af einhverri alvöru, nota deig sem búið er að kaldhefa í að minnsta kosti sólarhring.

Fyrir hina sem vilja spreyta sig á því að gera deigið frá grunni er það gert svona:

***500 grömm af brauðhveiti***
***50 grömm af heilhveiti***
***350 grömm af vatni***
***15 grömm af salti***
***5 grömm af sykri***
***3 grömm af þurrgeri***

Blanda sykri og geri í vatnið og blanda svo þeirri blöndu við hveitið. Þarf ekki að hræra mikið bara rétt að bleyta í hveitinu og láta standa með plastfilmu yfir í 20 mín.

Bæta þá saltinu út í og hnoða þangað til allt er vel blandað.

Láta standa í nokkrar mínútur og hnoða svo í hrærivél með deigkrók í 5-10 mínútur.

Gera kúlu úr deiginu og setja í olíuborna skál með filmu eða rökum klút yfir. Geyma við stofuhita þangað til deigið hefur rúmlega tvöfaldast. Tekur klukkutíma eða tvo.

Slá deigið niður og skipta upp í þéttar kúlur. Móta kúlurnar með því að draga deigið undir sjálft sig á sléttu yfirborði með engu hveiti. Þessari uppskrift er ætlað að vera sirka þrjár 12-14 tommu pitsur. En auðvitað er hægt að skipta því í fleiri eða færri hluta.

Best er að kaldhefa deigið í tvo til þrjá daga í lokuðu íláti inni í kæliskáp. Ef mikið liggur við er hægt að láta kúlurnar hefa sig í tvo til þrjá tíma við stofuhita.

Fletja út með því að dreifa vel úr smá hveiti á borð eða bretti. Byrja svo á því að búa til kant. Þannig að pitsudeigið sé eins og pínulítil bumbupitsa.

Setja svo deigið yfir hnúana og byrja þannig hægt og rólega að stækka deigið. Hugrakkir kasta því upp í loft og láta miðflóttaaflið stækka deigið í rétta stærð. Þeir sem vilja nota kökukefli gera það en flestar litlu loftbólurnar sem við erum búin að vera að rækta í þrjá daga skemmast við það.

Passa að deigið festist ekki við borðið með því að nota meira hveiti eða maískurl til að fá smá útlenskan keim af heimapitsunni.

Skutla pitsunni svo inn í ofninn með pitsuspaða eða einhverju þunnu bretti sem þolir hita.

Til að baka pitsu svo vel sé þarf ofninn helst að ná 300 gráðum, að minnst kosti 275, og það þarf pitsustein eða stál. Hita ofninn með steini og eða stáli innanborðs í allt upp í klukkutíma fyrir bakstur.

Þau sem eiga pitsuofn þurfa ekki að hita ofninn alveg í botn fyrir New York pistu. Rétt rúmlega 300 gráður er hinn fullkomni hiti og það besta við það er að pitsan brennur ekki til ösku á meðan hún er inni í ofninum.

Eins og oft vill gerast þegar reynt er við Napolípitsur sem vilja hita í kringum 500 gráður á Celsíus.

ERFINGJAR LANDSINS

## Hestasirkuskona framtíðar?

**Astrid Nóra er orkumikil og glaðlynd stelpa sem lætur fátt stöðva sig.**



**Nafn:** Astrid Nóra Friðjónsdóttir.

**Aldur:** 10 ára.

**Stjörnumerki:** Fiskur.

**Búseta:** Stykkishólmur.

**Skóli:** Grunnskólinn í Stykkishólmi.

**Skemmtilegast í skólanum:** Heimilisfræði og Snillismiðja.

**Áhugamál:** Hestar, körfubolti og fótbolti.

**Tómstundaiðkun:** Lúðrasveit þar sem ég spila á kornet. Körfubolti og fótbolti.

**Uppáhaldsdýrið:** Hestar.

**Uppáhaldsmatur:** Lasagna og pitsa.

**Uppáhaldslag:** Hallelujah, sungið af Pentatonix.

**Uppáhaldslitur:** Bleikur, sægrænn og fjólublár.

**Uppáhaldsmynd:** Marvel-myndirnar.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég var yngri fannst mér gaman að athuga hvort pósturinn væri kominn heima hjá ömmu og afa. Póstkassinn var við innkeyrsluna og þurfti að labba þangað til að athuga með póstinn.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Fyrsta hestaferðin mín. Þá riðum við afi minn Löngufjörurnar á Snæfellsnesi í stórum hópi.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Það er margt. Til dæmis hestakona, vinna í sirkus og leika í Marvel-mynd.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!**
Hafið samband: **sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 1 | | 6 | | 9 | 3 | |
| | 4 | 6 | | 7 | | | 8 | 2 |
| | | 8 | 2 | 9 | 1 | | 6 | |
| 3 | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 1 | | 3 | 2 | | 7 | | |
| 6 | 8 | 5 | 7 | | | | | |
| 8 | 6 | | | | 5 | 3 | | |
| | 9 | | 6 | | | | | 4 |
| | | | | | 7 | 8 | 1 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | 8 | | 1 |
| 4 | | | | 5 | | | 2 | |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 5 | 6 | | | | | | |
| | | | 3 | | 2 | | | |
| | | | | 8 | | 4 | 9 | |
| 7 | 2 | | | | 8 | 6 | | |
| | | | | 7 | 6 | 9 | | |
| 8 | | | | 1 | | | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | | 5 | |
| 4 | | | | | | | 2 | 8 |
| | | | | 5 | | | | |
| | 3 | 2 | 8 | | | 7 | | |
| | | 1 | | 7 | | 8 | | |
| | | | 6 | | | | | |
| 5 | | | | 1 | 6 | | | |
| | 7 | | 4 | | | 1 | | |
| | | 9 | | | | 6 | 8 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | | | |
| | 6 | | | | | | 7 | 1 |
| | 1 | 2 | | | | 4 | 5 | |
| | | 8 | 4 | | 3 | 1 | | |
| 1 | | | | 6 | | | 3 | |
| | | | | | 8 | 5 | | |
| | | 5 | 9 | | | 2 | 8 | |
| | | | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Síðar buxur

## – úr einbandi og plötulopa

